## Fyrir sextugt á hjúkrunarheimili

Margrét Sigríður neyðist til að búa á hjúkrunarheimili vegna fötlunar sinnar. ➤ 32



## Sorgin ekki lengur sár stunga

Arnar Jón hafði misst báða foreldra sína sextán ára og segist sækja styrk til jafningja. ➤ 36









# FRÉTTABLAÐIÐ

239. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 4. DESEMBER 2021


# Mitt hlutverk var að passa mömmu

Sigríður Gísladóttir ólst upp hjá móður með alvarlegan geðrænan vanda. Hún gagnrýnir yfirvöld fyrir að hafa ekki veitt bágum aðstæðum hennar og systkina hennar athygli, en einnig samfélagið sem hefur hæðst að móður hennar fyrir vinsæl tónlistarmyndbönd. ➤ 26



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## Verið að saka okkur um glæp

kristinnpall@frettabladid.is

**COVID-19** „Ég reikna með að við höldum áfram að raðgreina sýni, en þessi niðurstaða Persónuverndar lætur mann efast um að það sé skynsamlegt,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, spurður út í yfirlýsingu fyrirtækisins í gær. Íslensk erfðagreining hafnaði í gær að hafa brotið reglur, en Persónuvernd hafði áður sakað fyrirtækið um að hafa farið á svig við persónuverndarlög við öflun samþykkis Covid-19-sjúklinga fyrir notkun blóðsýna í þágu vísindarannsóknar.

> **Núna er verið að segja að við höfum framið glæp, sem er með ólíkindum.**



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

„Persónuvernd telur að við höfum verið að fremja vísindarannsókn frekar heldur en að aðstoða heilbrigðiskerfið, þegar við höfum skimun eftir mótefnum. Það er skoðun Persónuverndar sem er önnur skoðun en skoðunin mín, Landlæknis, sóttvarnalæknis og yfirlæknis á smitsjúkdómadeild Landspítalans. Það segir í lögum um vísindarannsóknir á fólki að ef að það kemur upp álitamál sé það vísindasiðferðisnefndar að úrskurða, en ekki Persónuverndar,“ segir Kári og heldur áfram:

„Við hættum öðru starfi og unnum daga og nætur við að aðstoða sóttvarnayfirvöld. Núna er verið að segja að við höfum framið glæp, sem er með ólíkindum. Það má velta fyrir sér hvaða hagsmuni sé verið að verja með þessu, því við vorum að sinna heilbrigðisþjónustu.“

Kári segir að þetta haldist í hendur þegar um nýjan sjúkdóm sé að ræða.

„Þegar það kemur nýr sjúkdómur fram, þá er öll vinna sem þú vinnur til að læra meira um sjúkdóminn. Það er því enginn munur á vísindarannsókn og heilbrigðisþjónustu á sjúkdómi sem þú hefur aldrei séð áður.“ ■

## Heitt kakó undir vökulu auga Grýlu



Jólaskógurinn var opnaður í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í gær og mættu sjálf Grýla og Leppalúði til að segja börnunum jólasögur. Sungin voru jólalög, gengið í kringum jólatréð og boðið upp á heitt kakó og smákökur, sem krakkarnir borðuðu með bestu lyst. Þetta er í tíunda sinn sem Tjarnarsalnum er breytt í jólaskóg en hann er opinn um helgina klukkan 10-18. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Haraldur fékk verðlaun frá ÖBÍ

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Haraldur Þorleifsson fékk hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands í gær fyrir verkefnið Römpum upp Reykjavík. Með því á að auðvelda fólki sem er bundið hjólastól aðgengi að hinum ýmsu stöðum í borginni. Þetta er fimmtánda árið sem ÖBÍ veitir þessi verðlaun.

Fyrsti rampurinn var settur upp í vor og var hundraðasti rampurinn settur upp á dögunum.

Hugmyndin kom upp í huga Haraldar þegar hann þurfti að bíða eftir fjölskyldu sinni fyrir utan verslun vegna einnar tröppu.

Haraldur hefur gefið það út að markmiðið sé að reisa þúsund rampa hér á landi til að auðvelda aðgengi þeirra sem eiga erfitt með, eða er ómögulegt, að fara upp tröppur. ■






# Stóran hóp á Íslandi vantar aðstoð með mat og gjafir

Bæði Fjölskylduhjálp Íslands og Hjálparstarf kirkjunnar búast við að mikill fjöldi sæki um aðstoð fyrir jólin. Nóg er til fyrir alla en helst skortir jólagjafir fyrir unglinga.

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Fjölskylduhjálp Íslands gerir ráð fyrir að allt að 2.600 fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ sæki um aðstoð fyrir jólin. Nú þegar hefur verið hafist handa við skipulagningu jólaúthlutana og segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar, skipulagninguna ganga vel.

„Skráning í jólaúthlutanir hefst 9. desember og stendur til 15. desember. Fólk í Reykjavík skráir sig á heimasíðunni okkar og þau sem eru í Reykjanesbæ koma og skrá sig, fólk fær svo SMS þegar það má koma og sækja,“ segir Ásgerður og bætir við að alveg fram að Þorláksmessu geti fólk sótt um jólagjafir, vanhagi það um slíkt.

Spurð að því hvort nóg sé til fyrir alla segir Ásgerður svo vera og þakkar þar sérstaklega Kaupfélagi Skagfirðinga sem veitt hafi samtökunum veglegan styrk í formi matargjafa. „Þessi gjöf verður til þess að fólk fær skemmtilegri og lystugri mat og nóg er til fyrir alla,“ segir hún.

„Það eina sem okkur vantar eru hamborgarhryggir, en við getum ekki ætlast til þess að vera með allt,“ bætir Ásgerður við.

Opið er fyrir umsóknir um aðstoð fyrir jólin hjá Hjálparstarfi kirkjunnar út daginn í dag. Svipað umsóknarferli er þar og hjá Fjölskylduhjálp. Þau sem þurfa aðstoð geta sótt um á netinu eða komið á staðinn. Þegar umsókn hefur verið samþykkt fær fólk SMS með tímasetningu fyrir úthlutun.



Það sem vantar helst eru gjafir fyrir unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar



Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands

„Það sem hefur breyst mest hjá okkur er að fleiri eru nú að sækja um rafrænt og færri mæta á staðinn,“ segir Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hún segir að ekki sé ljóst hversu margir þurfi á aðstoð að halda fyrir komandi jól en ljóst sé að hópurinn sé stór. Hjálparstarf kirkjunnar úthlutar inneignarkortum sem fólk getur nýtt í matvöruverslunum ásamt því að úthluta jólafötum og jólagjöfum.

Vilborg segir að nóg sé til fyrir alla sem á þurfi að halda en helst vanti upp á í jólagjöfunum. „Þá vantar sérstaklega gjafir sem henta fyrir unglinga,“ segir hún. Gjafirnar geta foreldrar sótt um til Hjálparstarfsins og gefið börnum sínum á jólunum.

Einstaklingar sem vilja leggja Hjálparstarfinu lið og gefa gjafir til þeirra sem þær skortir geta komið þeim til Hjálparstarfs kirkjunnar alla virka daga. Þau sem vilja styrkja Fjölskylduhjálp, Hjálparstarf kirkjunnar eða Mæðrastyrksnefnd um jólagjafir geta komið fyrir auka gjöf undir jólatrjám sem staðsett eru bæði í Kringlunni og í Smáralind fram til 23. desember. Einnig má styrkja rafrænt á heimasíðu Kringlunnar. ■


66°
NORÐUR
Jólagjöfin er
66°Norður
66°
NORTH
Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north

## Tölur vikunnar

**169**
milljarða halli verður á rekstri ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt nýbirtu fjárlagafrumvarpi.

**12**
ráðherrar sitja í nýrri ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og fjölgar um einn frá síðasta kjörtímabili.

**144**
fatlaðir einstaklingar, sem eru undir 67 ára, búa á dvalarheimilum fyrir aldraða.

**3**
hafa greinst með nýtt afbrigði kórónaveirunnar, Omíkron. Grunur er um fjögur smit til viðbótar.

**13**
skip Landsbjargar verða smíðuð næstu ár. Hvert skip kostar 285 milljónir króna.

## Þrjú í fréttum

### Katrín Jakobsdóttir

forsætisráðherra



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hefur í annað sinn myndað ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Uppstokkun í Stjórnarráðinu með nýjum og breyttum ráðuneytum olli töluverðum ruglingi í vikunni, ekki aðeins hjá almenningi heldur einnig hjá starfsfólki ráðuneytanna sjálfra.

### Birgir Ármannsson

forseti Alþingis



Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var kjörinn forseti Alþingis á þriðjudaginn. Hann var vart sestur á forsetastól þegar allt fór í hnút. Hann stýrði kosningu í fastanefndir sem reyndist fara í bága við nýtt jafnréttisákvæði þingskapa og svo þurfti að gera hlé á fundi eftir að úthlutun sæta klúðraðist.

### Ragnar Þór Pétursson

formaður Kennarasambands Íslands



Ragnar Þór greip til varna fyrir fyrrverandi skólastjóra Fossvogsskóla, sem gleymdi að bóka skólabúðir fyrir nemendur sjöunda bekkjar. Hann gagnrýndi foreldra barnanna fyrir að einblína á sorgir barnanna vegna þessa og vísaði til þess að skólastjórinn hefði sagt upp störfum vegna gríðarlegs álags sem fylgt hefði starfinu. ■

# Omíkron líklega ekki afbrigðið sem breytir Covid í árstíðabundna pest

**Yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans telur líklegt að eitt til tvö afbrigði þurfi til viðbótar til þess að breyta Covid-19 í árstíðabundna pest með vægum einkennum. Nokkuð góð mynd sé að komast á byggingu Omíkron-afbrigðisins.**

kristinnhaukur@frettabladid.is



Reynt er að nota mótefni úr blóði bólusetts fólks til að finna leiðir til að stöðva Omíkron. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**COVID-19** Ýmsir hafa velt upp þeirri hugmynd að Omíkron muni á endanum breyta Covid-19 úr drepsótt yfir í árstíðabundna pest. Afbrigðið sé það bráðsmitandi og veikindin það væg að það muni yfirgnæfa önnur afbrigði með lítt alvarlegum afleiðingum. Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans, telur líklegt að of snemmt sé að hrósa happi. Eitt eða tvö afbrigði þurfi líklega til viðbótar.

„Það er sumt sem bendir til þess að það smiti meira en það vantar enn þá meiri upplýsingar. Mín tilfinning er að það smiti meira en Delta-afbrigðið en sennilega kemur þetta í ljós um miðja næstu viku,“ segir Björn. „Fyrstu niðurstöður benda til að þessi stofn sé mjög svipaður og Delta þegar kemur að alvarleika og einkennin mjög svipuð.“ Líklega sé ekki ástæða til þess að óttast að einkennin séu alvarlegri.

Tvennt skiptir máli þegar kemur að hversu vel veirur geta smitast. Annars vegar hversu fljót veiran er að komast inn fyrir varnir slímhúðarinnar og inn í blóðið. Hins vegar hæfileiki hennar til þess að fjölga sér þegar hún hefur komist inn fyrir frumuvegginn.

Delta-afbrigðið smitar tvisvar sinnum meira en upprunalega Covid-19 veiran, Alfa, og 40 til 60 prósentum meira en fyrsta afbrigðið af henni. Er það vegna þess að Delta er öflugri að fjölga sér en fyrri afbrigði. Verið er að rannsaka byggingu Omíkron um þessar mundir.

> Við værum í gerbreyttri aðstöðu ef mótefnalyfin væru ekki svona dýr.


Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans

„Það er að verða komin nokkuð góð mynd af byggingu Omíkron og verið að reyna að nota þau mótefni sem eru til, mótefni úr blóði bólusetts fólks, til að hindra það,“ segir Björn. „Þetta mun gefa góða mynd af því hvernig bóluefnin reynast. Af því sem ég hef þegar séð tel ég að þau muni virka að sambærilegu marki og gegn Delta-afbrigðinu.“

Reyndist svo ekki vera væri það slæmt að mati Björns. Hann á þó von á því að einhvern tímann muni koma fram afbrigði sem bóluefnin virki hreinlega ekki á. Þá gæti smittíðnin hins vegar orðið minni og einkennin sömuleiðis.

Björn segir að þó að enn eitt afbrigði Covid-19 sé komið fram sé ekki tími til að örvænta. Gríðarlega mörg lyf séu í þróun og lofi mjög góðu hvað virkni varðar. Bæði veirulyf sem drepi veirur inni í frumunum og mótefnalyf, sem séu því miður kostnaðarsöm.

> Omíkron er sennilega smitnæmara en Delta sem var tvöfalt smitnæmara en Alfa.

„Við værum í gerbreyttri aðstöðu ef mótefnalyfin væru ekki svona dýr,“ segir hann. Þá hafi heimurinn komið sér upp mjög öflugum bóluefnamaskínum, sem vinni bæði hratt og örugglega.

SJÁ EINNIG SÍÐU 12



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16




**Herra lagerinn outlet**

*líka fyrir konur*

# 30-60%

**afsláttur af öllum vörum**

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512




Kvennalandsliðið mætir til leiks klukkan hálf eitt í dag. MYND/STEFÁN PÁLSSON

# Hörð keppni við Svía um gullverðlaunin

mhj@frettabladid.is

**FIMLEIKAR** Úrslitin á Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum í fullorðinsflokki ráðast í dag þegar karla- og kvennalandslið Íslands stíga inn á stóra sviðið. Hársbreidd munaði á kvennaliði Íslands og liði Svíþjóðar í undankeppninni, en einungis 0,950 stig skildu liðin tvö að, en það jafngildir í raun bara einu falli.

Landsliðskonan Hekla Mist Valgeirsdóttir var ánægð með undankeppnina og segir kvennaliðið eiga nóg inni til að sækja Evrópumeistaratitilinn.

„Við vorum að spara okkur til að geta negla á þetta allt í úrslitunum,“ segir hún.

Kvennaliðið negldi allar lendingarnar sínar á dýnunni.

Þá fengu stelpurnar 20,700 stig á gólfi í undankeppninni, sem var hæst allra liða. Smávægileg mistök á trampólíninu kostuðu hins vegar sitt.

Það stefnir allt í hreina lendingakeppni milli Íslands og Svíþjóðar í úrslitunum, en stelpurnar eru tilbúnar í verkefnið.

Það má búast við því að íslenska kvennaliðið muni bæta við nokkrum erfiðari stökkum á dýnunni í úrslitunum, en einkunnir í hópfimleikum miðast við erfiðleika æfinganna og svo er dregið frá fyrir framkvæmd.

Úrslitin í unglingaflokki réðust í gær og nældi stúlknalandslið Íslands sér í silfur, en einungis 0,1 stig skildi Ísland og Svíþjóð að. Þá nældi blandaða unglingalandsliðið sér í brons eftir harða baráttu.

Karlalandsliðið verður einnig í eldlínunni, en liðið hefur vakið verðskuldaða athygli á mótinu í ár, enda hefur Ísland ekki sent karlalið á EM í hópfimleikum í nærri áratug.

Liðið endaði í öðru sæti í undankeppninni og munu drengirnir leggja allt í sölurnar í dag. ■

# Afnám skerðinga myndi fækka öryrkjum

bth@frettabladid.is

**JAFNRÉTTI** Minni tekjuskerðingar myndu auka atvinnuþátttöku öryrkja og fækka þeim sem þurfa lífeyri.

Þetta segir formaður Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ) sem elur jafnframt þá von í brjósti að ríkisstjórnin hækki lífeyri til öryrkja.

„Það er öruggt mál að í löndum þar sem hafa verið hvetjandi kerfi sem gera fólki kleift að fara út á atvinnumarkað án skerðingar, þá hefur það verið til mikilla bóta,“ segir Þuríður Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ.

Aldraðir munu, með breytingum sem ríkisstjórnin hyggst gera, geta unnið meira án þess að lífeyrir þeirra skerðist.

„Við erum með rannsókn sem sýnir að yfir 50 prósent fatlaðs fólks á Íslandi vilja vera á vinnumarkaði,“ segir Þuríður. ■



Í gær skapaðist hálka á götum Reykjavíkur eftir snjókomu. Sumir óku á nöglum en aðrir ekki. Deilt er um hvernig megi minnka notkun negldra dekkja og hamla gegn svifryki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óráð ef sveitarfélög koma dekkjalöggum á koppinn

Frumvarp Samfylkingarþingmanna um að sveitarfélög geti sektað ökumenn á nagladekkjum fellur í grýttan jarðveg. Höfundar frumvarpsins benda á að svifryk kosti tugi landsmanna lífið á ári hverju.



Ásthildur Sturludóttirbæjarstjóri á Akureyri



Runólfur Ólafsson, hjá FÍB

bth@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og bæjarstjórum líst illa á þingmannafrumvarp sem komið er fram um að sveitarfélögum verði heimilt að sekta þá sem nota negld dekk á vélknúnum ökutækjum. Sektin verði allt að 40.000 krónur að ákveðnum tilteknum skilyrðum og að höfðu samráði við Vegagerðina.

Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á umferðarlögum í þessa veru. Runólfur Ólafsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) segir um frumvarpið: „Við teljum mjög varasamt að sekta eða skattleggja öryggi.“

Runólfur segir að FÍB hafi lagt áherslu á forvarnir og upplýsingar til almennings og neytenda hvað varði nagladekk og svifryk. „Við vitum að margir þurfa ekki nagla, við vitum líka að það getur orðið til falskt öryggi en stundum þarf að nota nagla. Það borgar sig ekki að hafa rörsýn þegar svona ákvarðanir eru teknar.“

Runólfur segist fremur styðja að áhersla verði lögð á samþættar aðgerðir. Á höfuðborgarsvæðinu þurfi sem dæmi öflugri hreinsun gatna samhliða átaki um að minnka nagladekkjanotkun.

„Það eru ákveðnar aðstæður þegar nagladekk skilja milli lífs og dauða,“ bætir Runólfur við.

Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins er Jóhann Páll Jóhannsson. Í greinargerð kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé að draga úr notkun nagladekkja og vinna gegn lífshættulegri svifryksmengun. Akstur á negldum dekkjum sé helsta orsök svifryks á höfuðborgarsvæðinu. 70 dauðsföll megi líklega rekja árlega hér á landi til svifryksmengunar.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, tekur undir með höfundum frumvarpsins um að svifryk sé mikið mein og að þeir sem slíti götunum eigi að borga meira en hinir. Hann sé þó ekki fylgjandi því að sveitarfélög fái sérstaka heimild til að sekta.

„Það bætir allt umhverfi okkar og lífsgæði að sem fæstir aki um á nagladekkjum,“ segir Ármann.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, tekur mjög einarða afstöðu gegn frumvarpinu.

„Ég held að þetta fyrirkomulag yrði alveg ómögulegt, að sveitarfélögin væru með svona eftirlit, einhverja dekkjalöggu,“ segir Ásthildur.

Hún bendir á að aðstæður til vetraraksturs séu mjög misjafnar eftir búsetu fólks.

„Fólk horfir á öryggið og þeir sem þurfa mikið að ferðast og eru á langkeyrslu, þeir vilja vera á nöglum,“ segir Ásthildur.

Nær væri að lækka gjöld á umhverfisvænni kosti en negld dekk. ■




ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjötið sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

# Vilja aukinn stuðning í veitingageirann

benediktboas@frettabladid.is

**COVID-19** Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þau lýstu yfir áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp í samfélaginu vegna Covid-19.

Takmarkanir eiga að gilda til miðvikudags og er algjör óvissa um hvað taki við. „Frá því að takmarkanir tóku gildi hefur fjöldi viðskiptavina á veitingastöðum og börum landsins hríðfallið,“ segir í yfirlýsingunni. Bent er á að reksturinn hafi verið að ná sér á strik en takmarkanir hafi sett stórt strik í það bataferli.

„Mikil óvissa ríkir því um framtíð fyrirtækja í veitingarekstri, sérstaklega um þessar mundir þar sem jól og áramót hafa í gegnum tíðina verið ein helsta tekjulind þeirra og tekjuhæsta tímabil ársins,“ segir enn fremur. Undirbúningur jóla- og áramótavertíðarinnar var þegar hafinn og fyrirtæki búin að gera hefðbundnar ráðstafanir.

Skora samtökin á nýja ríkisstjórn Íslands að hlúa að veitingageiranum, sem telur um tíu þúsund manns. ■



Óvissa er um jólahlaðborðin.



Í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Freskur Baltasars sagðar í hættu

gar@frettabladid.is

**HAFNARFJÖRÐUR** Formaður sóknarnefndar Víðistaðakirkju, Hallgrímur Þórarinsson, þakkar í bréfi Hafnarfjarðarbæ fyrir tíu milljóna króna styrk til kirkjunnar.

Að sögn Hallgríms auðveldar styrkurinn frá Hafnfirðingum að ráðast í nauðsynlegt viðhald á þaki og gluggum Víðistaðakirkju.

„Vegna ástandsins liggur eitt helsta menningarverðmæti í Hafnarfirði, freskumyndir eftir Baltasar Samper, undir skemmdum,“ útskýrir sóknarnefndarformaðurinn í þakkarbréfinu.

Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 70 milljónir króna og segir Hallgrímur fjármögnun enn ekki lokið og að hún verði áfram mikil áskorun. ■






Ræktun á kannabis hér innanlands jókst mjög eftir efnahagshrunið og hefur verið stöðug síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Svakaleg neysla kannabis eða ræktun til útflutnings

Karlmaður hefur verið ákærður fyrir vörslu á rúmlega 400 kannabisplöntum og fimmtán kílóum af kannabisefnum. Lögregla skoðar mögulegan útflutning.

aðalheidur@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa í vörslu sinni tæp 12 kíló af maríjúana, rúmlega tvö og hálft kíló af kannabislaufum, 382 grömm af kannabisstönglum, 55 kannabisfræ og 405 kannabisplöntur.

Er maðurinn ákærður fyrir að hafa staðið að ræktun ofangreindra efna í tveimur íbúðum í húsi í Reykjavík og í atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði síðastliðið sumar og ætlað þau til sölu og dreifingar.

Í ákæru er einnig krafist upptöku á öllum þessum fíkniefnum, tveimur Samsung GSM-símum og búnaði til ræktunar, þar á meðal 40 lömpum, 30 viftum, þremur vatnsdælum og tveimur ljósum, sextán loftsíum, gróðurhúsalampa, 77 vökvunarbotnum undan blómapottum, sex ræktunartjöldum, sjö stillirofum fyrir loftræstikerfi, ljósastýringarborði, átta grænum brúsum með ýmsum vökva, loftblásara, fimm pumpum, eftirlitsmyndavél og netþjóni.



Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar

Þá er loks krafist í ákæru upptöku á 53.000 krónum í reiðufé og rúmum tveimur milljónum, sem haldlagðar voru af bankareikningi í eigu ákærða, sem talinn er vera ágóði af sölu fíkniefna.

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá miðlægri rannsóknardeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir ræktun á kannabisefnum hafa verið töluvert mikla og stöðuga allt frá hruni. Á sama tíma hefur innflutningur á hassi nær alveg horfið, en grasið kemur inn á markaðinn í staðinn.

„Það sem okkur hefur fundist núna undanfarið er að ræktanirnar hafi verið að stækka, frekar en að þeim hafi fjölgað,“ segir Grímur.

Aðspurður um mögulegan útflutning efnanna segir Grímur að það hafi verið til skoðunar. „Okkur hefur fundist töluvert mikið um ræktun og þess vegna verið að velta vöngum um hvort neyslan sé svona svakalega mikil eða hvort þetta sé til útflutnings,“ segir Grímur, en vill ekki fara nánar út í hvernig þær rannsóknir standa hjá lögreglunni.

Aðeins einn er ákærður í því máli sem fjallað er um hér að framan. Aðspurður segir Grímur að oft standi fleiri að þessari ræktun í félagi. Í sumum tilvikum reynist þó ekki unnt að finna alla sem talið er að tengist ræktun. Í einhverjum tilvikum fái fleiri réttarstöðu sakbornings undir rannsókn máls en þeir sem eru að lokum ákærðir.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Ríkislögreglustjóra fyrir síðasta ár var þyngd kannabisplantna sem haldlagðar voru það ár rúmlega 27 kíló, en það er rúmlega 213 prósenta hækkun frá árinu 2019 þegar um tólf kíló var að ræða. Tölur um haldlagt magn kannabisefna á þessu ári liggja ekki fyrir. ■

# Bjarga jólaverslun í miðbænum

benediktboas@frettabladid.is

**VERSLUN** „Stefnan er að auðvelda fólki að velja miðbæinn þegar kemur að því að sækja verslun og þjónustu sem þar er í boði,“ segir Ívar Freyr Sturluson, markaðs- og sölustjóri Parka Lausnir ehf., en í síðustu viku fór í loftið Parka Spons, sem er íslensk þjónusta sem margir þekkja erlendis sem Parking Validation.

Til að geta boðið upp á Parka Spons þurfa fyrirtæki að ákveða upphæð og skilyrði sem gestir þurfa að uppfylla, eins og til dæmis kaupa fyrir ákveðna upphæð.

Nú er til dæmis hægt að fá ókeypis bílastæði ef farið er út að borða á Fiskmarkaðnum í hádeginu, ef verslað er fyrir 10 þúsund krónur eða meira í verslunum 66°Norður, eða ef látið er smella af sér mynd á Ljósmyndastofu Sillu Páls – þá er hægt að leggja frítt.

„Eins og staðan er í dag að þá er litið sem ekkert í boði af fríum stæðum. Það þurfa því allir sem ætla að sækja verslanir og þjónustu í miðbænum að greiða fyrir bílastæði og mögulega leggja í bílakjöllurum eins og við Hafnartorg með tilheyrandi kostnaði.



Ívar Freyr Sturluson, markaðs- og sölustjóri Parka

Með Parka Spons erum við að bjóða fyrirtækjum að koma til móts við þá viðskiptavini sem velja sér að versla í miðbæ Reykjavíkur, með því að greiða fyrir bílastæðin með Parka Spons,“ segir Ívar.

Hann segir að þessi þjónusta gefi fyrirtækjum tækifæri til að ná til gesta sem hingað til hafa veigrað sér við að koma í miðbæinn til að sækja þá þjónustu og verslun sem er í boði.

„Nú er jólahátíðin að byrja og teljum við að þetta sé mikilvægur liður í að auðvelda fólki að velja miðbæinn,“ segir Ívar.

„Svona þjónusta er þekkt víða erlendis og kallast á enskri tungu Parking Validation. Margir kannast eflaust við að hafa séð þetta í bíómyndum og heyrt setninguna: „Can you validate my parking?“,“ segir Ívar.

Miðborgargesturinn leggur í gjaldskylt stæði og skráir sig í stæðið með Parka-appinu sínu. Síðan kemur hann til fyrirtækisins og að viðskiptum loknum finnur hann fyrirtækið í appinu eða skannar QR-kóða og óskar eftir sponsi.

Fyrirtækið fær þá beiðni í Parka-viðmótið sitt og hafi gesturinn uppfyllt skilyrðin sem það setur getur fyrirtækið samþykkt beiðnina. ■




## Matseðill
### Fyrir 8 manns

| | | |
|---|---|---|
| **Karrýsíld**, 255 g | **399** | kr. stk. |
| **Marineruð síld**, 275 g | **399** | kr. stk. |
| **Rúgbrauð**, 270 g | **259** | kr. pk. |
| **Grafinn lax í sneiðum**, 200 g | **989** | kr. pk. |
| **Graflaxsósa**, 195 ml | **295** | kr. stk. |
| **Jólapaté innbakað**, 200 g | **1399** | kr. stk. |
| **Jarðarberjasósa**, 100 g | **799** | kr. stk. |
| **Reykt andabringa**, 230 g | **2699** | kr. stk. |
| **Rauðlaukssulta**, 180 g | **749** | kr. stk. |
| **Hamborgarhryggur**, 500 g | **1299** | kr. stk. |
| **Waldorf salat**, 500 g | **1099** | kr. stk. |
| **Heimagert rauðkál**, 250 g | **679** | kr. pk. |
| **Kalkúnabringa elduð**, ca. 500 g | **2700** | kr. stk. |
| **Kalkúnasósa m. salvíu**, 500 g | **1399** | kr. stk |
| **Heit purusteik**, 400 g | **1998** | kr. stk. |
| **Rauðvínssósa**, 500 ml | **1399** | kr. stk. |
| **Lifrarkæfa m. beikoni**, 370 g | **1359** | kr. stk. |
| **Lúxus laufabrauð**, 130 g | **1199** | kr. pk. |

Nánar á kronan.is/jolahladbord

**Allt þetta undir**

# 2699*
kr. á mann

*Miðað við eitt stykki/pakka af hverju. 500 g af hamborgarhrygg, 400 g af purusteik og 500 g af kalkúnabringu.

# Mótmæla skráningu þungana með notuðum dömubindum

birnadrofn@frettabladid.is

**PÓLLAND** Ríkisstjórn Póllands hyggst taka upp miðlægan gagnagrunn þar sem haldið verður utan um allar þunganir og fósturlát hjá konum í Póllandi. Stefnt er að því að taka skráningarkerfið upp í janúar á næsta ári, akkúrat ári eftir að tekið var upp nær algert bann við þungunarrofi í landinu sem vakti mikla óánægju innan Evrópu. The Guardian greinir frá.

Málið hefur vakið miklar áhyggjur hjá kvennahreyfingum í Póllandi sem telja að í ljósi banns gegn þungunarrofi sé markmið með skráningu þungana og fósturláta að koma upp um konur sem leita ólöglegra leiða til þungunarrofs eða rjúfi meðgöngu sjálfar.

Gagnagrunninn segir ríkisstjórn Póllands þátt í því að uppfæra og efla gagnagrunn heilbrigðiskerfisins í heild og neitar alfarið að skráningarkerfið tengist á nokkurn hátt banninu við þungunarrofi.

> **Þetta snýst um stjórn og því að tryggja að meðgöngu ljúki með fæðingu.**
>
> Natalia Broniarczykl

Pólski aktívistinn Natalia Broniarczyk segir breytingarnar snúast um að ná frekari stjórn á konum. „Þetta snýst um stjórn og það að tryggja að meðgöngu ljúki með fæðingu,“ segir hún í samtali við pólska fréttamiðilinn Wyborcza.

Boðað hefur verið til stafrænna mótmæla á samfélagsmiðlum undir yfirskriftinni „Mig langar að tilkynna það á kurteisan hátt að ég er ekki ólétt“. Einnig hafa pólskar konur verið hvattar til að senda notuð dömubindi, túrtappa og nærbuxur til pólska heilbrigðisráðuneytisins til að vekja aukna athygli á málstaðnum. ■



Alls hafa verið skráð 38 andlát vegna Covid-19 í Búrúndí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Einn af hverjum þúsund í Búrúndí fengið bóluefni

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Minna en 0,1 prósent íbúa í Búrúndí í Mið-Afríku er fullbólusett gegn Covid-19. Samkvæmt vefsíðunni Our World in Data er það lægsta hlutfall fullbólusettra í heiminum. Hlutfallið er næstlægst í í Austur-Kongó þar sem 0,2 prósent íbúa eru fullbólusett.

Hæsta hlutfall fullbólusettra er í Sameinuðu arabísku furstadæmunum þar sem 89,3 prósent íbúa eru fullbólusett og því næst í Singapúr, 88,2 prósent.

Á Íslandi eru 76,8 prósent allra landsmanna bólusett. Sé einungis litið til þeirra sem eru tólf ára og eldri er hlutfallið 90 prósent. ■

# Bjóða balkanskt geðheilsuvítamín

Menning Balkanlandanna er í brennidepli á jólatónleikum Söngfjelagsins, sem er sextíu manna kór undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar. Auk kórsins kemur tónlistarfólk frá Tyrklandi, Sviss og Búlgaríu fram og dansarar stíga balkanska dansa.



Söngfjelagið á æfingu í Langholtskirkju í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ninarichter@frettabladid.is

**MENNING** Kórstjórinn, organistinn og fyrrverandi „Þeysarinn“ Hilmar Örn Agnarsson segir dansinn ómissandi hluta af balkönskum tónlistarflutningi, en kórmeðlimir Söngfjelagsins hafa sótt dansþjálfun mánuðum saman til að undirbúa sig fyrir jólatónleika í Langholtskirkju á morgun, sunnudaginn 5. desember.

„Því dýpra sem ég kafa í þessa músík, þá sé ég betur að það verður að vera dans. Þetta er alveg samofið,“ segir hann. „Allir dansa með, líka karlmennirnir, sem fá alveg rosalega flottan dans.“

Kórinn fagnar tíu ára afmæli í ár og að vanda eru tónleikarnir veglegir. Kórinn hefur verið með nýtt jólatónleikaþema á hverju ári. Þá hafa eldri þemu til dæmis verið írsk og rússnesk. Þá hefur kórinn alltaf fengið til liðs við sig tónskáld sem semur nýtt jólalag fyrir hver jól.

Hilmar segir balkanska þemað hafa verið valið fyrir síðustu jól, en vegna heimsfaraldurs hafi þeir tónleikar ekki gengið eftir. Hilmar segist þó hafa verið undir áhrifum af búlgarskri þjóðlagatónlist í áratugi, meðal annars þegar hann var trommu- og hljómborðsleikari nýbylgjubandsins Þeys.

> **Því dýpra sem ég kafa í þessa músík, þá sé ég betur að það verður að vera dans.**
>
> Hilmar Örn Agnarsson, kórstjóri Söngfjelagsins

„Við vorum að hlusta á alls konar tónlist þá, og það er eldgamall draumur hjá mér að tengja inn í þessa músík,“ segir kórstjórinn.

Hilmar segist lánsamur að hafa fengið til liðs við kórinn Vesku Jónsdóttur. „Sem er gift einum bassanum í kórnum,“ segir hann.

„Hún hefur bent okkur á jólalög og kennt okkur framburð,“ heldur Hilmar áfram.

Veska er í félagi Búlgara á Íslandi og útvegar kórnum búlgarska þjóðbúninga sem þau klæðast á tónleikunum.

„Hún hefur verið að þjálfa og dansa í Kramhúsinu og nokkrir dansarar koma frá henni,“ segir Hilmar sem lofar því að tónleikarnir verði sannkallað geðheilsuvítamín. „Maður kemur brosandi út.“ ■






Framvegis minnkar flækjustig við byggingu sumarhúsa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Má reisa bílskúra án byggingarleyfis

gar@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Bygging einfaldari mannvirkja verður ekki lengur háð útgáfu byggingarleyfis. Þannig verður hægt að byggja bílskúra og frístundahús án útgáfu byggingarleyfis og nægir að hafa svokallaða byggingarheimild.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem kveður breytinguna munu draga úr flækjustigi í byggingariðnaðinum.

„Breytingin nú er einungis fyrsta skrefið af nokkrum sem stigin verða á næstunni til að stytta og einfalda leyfisveitingar vegna byggingarframkvæmda. Markmiðið er að stytta verulega byggingartíma og með því sporna gegn óhóflegum verðsveiflum á húsnæðismarkaði,“ segir í tilkynningunni. Fram undan sé frekari endurskoðun, meðal annars með hliðsjón af tillögum OECD sem hafi í fyrra gagnrýnt kerfið hér. Ákvæði sem varði girðingar, skjólveggi og heita potta verði einfölduð.

Haft er eftir Sigurði Inga Jóhannssyni innviðaráðherra að kallað hafi verið eftir því lengi að minnka óþarfa flækjustig í einföldum framkvæmdum.

„Við þurfum að nýta skynsamlega þá fjármuni sem við leggjum í eftirlit með mannvirkjum frekar en að senda fólk út og suður í að afla leyfa til að reisa einfalda skjólveggi eða girðingar,“ er haft eftir ráðherranum. ■




**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Þrefalt meiri líkur á endursmiti af Omíkron

**Smitsjúkdómastofnun Suður-Afríku telur fyrri sýkingar Covid-19 ekki veita jafn góða vörn fyrir Omíkron og fyrri afbrigðum. Afbrigðið uppgötvast nú í hverju landinu á fætur öðru.**

gar@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is




Joe Biden hefur þegar ákveðið að herða landamæraeftirlit vegna útbreiðslu Omíkron. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**COVID-19** Hættan á því að fá endurtekið Covid-smit er þrefalt meiri þegar hið nýja Omíkron á í hlut heldur en af fyrri afbrigðum. Þetta kemur fram í frétt á vef sænska ríkissjónvarpsins, svt.se.

Í frétt svt.se er vitnað til stöðunnar í Suður-Afríku þar sem Omíkron leikur nú lausum hala og dagleg Covid-19 smit hafa margfaldast á fáeinum vikum. Um miðjan nóvember voru smitin 300 talsins á hverjum degi en eru nú komin upp í 11.500 á dag. Og spár eru sagðar gera ráð fyrir enn meiri fjölgun smita.

„Við teljum ekki að fyrri smit gefi vörn gegn Omíkron,“ vitnar sænska sjónvarpið í Önnu von Gottberg, sem er prófessor í Suður-Afríku og lét þessi orð falla á rafrænni ráðstefnu.

Þrátt fyrir að vísindamenn eigi enn sem komið er margt ólært um Omíkron bendir sænska sjónvarpið á að menn hafi þegar komist að þeirri niðurstöðu að afbrigðið sé meira smitandi en þau fyrri og myndi nú fjórðu bylgju veirunnar.

Smitsjúkadómastofnun Suður-Afríku les það úr sínum athugunum að hættan á að þeir sem áður hafi fengið Covid smitist aftur sé þrefalt meiri með Omíkron og að jafnvel þeir sem séu fullbólusettir smitist af afbrigðinu. „En við teljum að bóluefnin verndi gegn alvarlegum veikindum,“ tekur Anne von Gottberg hins vegar fram.

Omíkron heldur áfram að breiðast hratt út. Frá því í gær hafa Finnland, Grikkland, Srí Lanka, Malasía og Singapúr bæst við þau rúmlega 30 lönd sem þegar hafa tilkynnt tilfelli Omíkron, þrátt fyrir að afbrigðið hafi aðeins verið uppgötvað fyrir rúmri viku.

Í Bandaríkjunum greindist fyrsta tilfellið í borginni San Francisco í Kaliforníufylki í gærmorgun. Sólarhring síðar höfðu níu tilfelli greinst í fjórum öðrum fylkjum, sem ekki liggja að Kaliforníu. Það er New York á austurströndinni, Minnesota í norðri, Colorado í Klettafjöllum og Hawaii í Kyrrahafi.

„Höfum það á hreinu að þetta er ekki ástæða til þess að fara á taugum. Við vissum að þetta afbrigði væri á leiðinni og við höfum tólin til þess að stöðva útbreiðsluna. Látið bólusetja ykkur, fáið ykkur örvunarskammt. Berið grímu,“ tísti Kathy Hochul, fylkisstjóri New York.

> **Á einum sólarhring fannst Omíkron í fimm fylkjum Bandaríkjanna víðs vegar um landið.**

Joe Biden Bandaríkjaforseti hefur þegar brugðist við Omíkronafbrigðinu með því að herða eftirlit á landamærunum. Frá og með næstu viku þurfa bæði útlendingar og Bandaríkjamenn, bólusettir sem óbólusettir, að fara í sýnatöku daginn fyrir flug eða sýna vottorð um nýlega sýkingu.

Utan Suður-Afríku virðist Omíkron hafa náð mestri fótfestu í Vestur-Evrópu og hefur nú fundist þar í öllum ríkjum með milljón eða fleiri íbúa. Í Osló smituðust 60 af 125 gestum í jólaboði af Covid-19 og líklega er um Omíkron-smit að ræða, því eitt hefur verið staðfest sem slíkt.

Unnið er að smitrakningu en sérstakt áhyggjuefni er að starfsmennirnir búa ekki allir í Osló heldur nágrannasveitarfélögum. „Við búumst við fleiri tilfellum og við gerum það eina sem við getum gert, að rekja og staðfesta,“ sagði Caroline Bremer, upplýsingafulltrúi heilbrigðisstofnunar Osló-borgar, við bandarísku fréttastofuna CNN. ■






# ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

BMW X1 M-Sport PHEV.
Verð: 7.980.000 kr.

Nýr, fjórhjóladrifinn BMW X1 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfisvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

Opið í dag frá 12–16

4 ÁRA ÁBYRGÐ

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Sparaðu 960.000 kr.*

**Eclipse Cross PHEV** Invite
5.490.000 kr.

- Rafmagn & bensín
- Fjórhjóladrifinn
- Bakkmyndavél
- Lyklalaust aðgengi
- Hraðastillir
- Þreytuviðvörun
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Sjálfvirk háuljós

**Eclipse Cross PHEV** Intense
5.890.000 kr.

- Rafmagn & bensín
- Fjórhjóladrifinn
- Bakkmyndavél
- Lyklalaust aðgengi
- Hraðastillir
- Þreytuviðvörun
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Sjálfvirk háuljós
- Svört toppklæðning
- Sólskyggni
- Rafmagnshitari
- LED aðalljós

**Eclipse Cross PHEV** Instyle
6.290.000 kr

- Rafmagn & bensín
- Fjórhjóladrifinn
- Bakkmyndavél
- Lyklalaust aðgengi
- Hraðastillir
- Þreytuviðvörun
- Svört toppklæðning
- Sólskyggni
- Rafmagnshitari
- LED aðalljós
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Sjálfvirk háuljós
- Svart leðuráklæði
- Panorama sóllúga
- Hiti í stýri
- Hiti í aftursætum

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Jólapakki fylgir
Vetrardekk, gúmmímottur, motta í skottið og aurhlífar.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

*Samkvæmt lögum munu ívilnanir stjórnvalda falla að fullu niður á nýju ári og tengiltvinnbílar því hækka í verði um áramótin. Núverandi ívilnanir eru í formi niðurfellingar á virðisaukaskatti um **960.000 kr. af hverjum bíl**. Að öllu óbreyttu mun sú upphæð leggjast við kaupverð á Eclipse Cross árið 2022.




## Tryggðu þér Eclipse Cross fyrir áramót og sparaðu 960.000 kr.*

Við náðum inn sendingu til að þú getir fullnýtt niðurfellingu virðisaukaskatts fyrir áramót. Í tilefni af því verðum við með **opið hús að Laugavegi í dag milli kl. 12 og 16** þar sem þú getur gætt þér á ilmandi ristuðum möndlum frá Möndlubásnum og dýrindis jólakaffi frá Te & Kaffi. Bættu nýju ljósi í skammdegið strax í dag og fáðu þér nýjan tengiltvinnbíl á frábæru verði frá aðeins **5.490.000 kr. til afhendingar strax.**
Kláraðu málið fyrir hækkun um áramót og keyrðu á nýjum Eclipse Cross inn í nýtt ár.

Eclipse Cross PHEV 4x4

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition



Brösuglega gekk að undirbúa hina hefðbundnu ráðherramynd fyrir utan Besstastaði vegna veðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Drengur sem lætur sig dreyma um gjafirnar undir trénu.

# Vikan sem leið

Ein mynd segir oft meira en þúsund orð. Það þekkja ljósmyndarar Fréttablaðsins sem skunduðu um til að fanga atvik líðandi stundar. Þau voru mörg í þessari viku, enda stór fréttavika að baki, frá umferðarteppu og bólusetningu til þingsetningar og allt þar á milli.



Sóttvarnalæknir skellti sér í örvunarskammt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Skyndileg vetrarhríð í upphafi vikunnar setti umferðina á höfuðborgarsvæðinu í uppnám. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þing kom saman að nýju eftir langa fjarveru og tók Birgir Ármannsson við sem forseti þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Þetta er ekki bara þróun, heldur hrein umbylting: Nýr Tucson með skarpari hönnun og öflugri aksturseiginleikum án þess að fórna nokkru af jepplingseiginleikunum með drægni á rafhlöðu allt að 62km*. Nýr 100% rafdrifinn Kona með óviðjafnanlega 484km* drægni kemur þér glæsilega á alla daglega áfangastaði og í langferðirnar líka. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu þessum frábæru bílum.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**www.hyundai.is**

7 ÁRA ÁBYRGÐ FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunvegulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM008267

# Óbreytt stjórn



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Endurnýjuð ríkisstjórn vinstri- og hægriaflanna á Íslandi, með fulltingi Framsóknar, máir að vissu leyti burtu gleggstu og elstu áherslulínurnar í íslenskri pólitík, á milli kommanna og íhaldsins, alþýðunnar og efnafólksins, forsjárhyggjunnar og einkaframtaksins, ríkisvæðingarinnar og frelsiskröfunnar.

Og það er raunar með hreinum ólíkindum að þessir tveir flokkar, með fulltingi Framsóknar, skuli aftur setja netin í sama bát og ætla sér að sækja sömu miðin á ný, þótt ekki væri nema sakir blótsyrðanna sem þeir hafa sent hvor öðrum í ræðustól Alþingis um áratugaskeið – og nægir þar að minnast rauðþrútins Steingríms J. Sigfússonar á yfirsnúningi ummæla sinna með samankrepptan Davíð Oddsson að baki sér, en þá – og það er stutt síðan – þótti það vera raunverulegur pólitískur ómöguleiki að þessar öfgar íslenskrar stjórnmála myndu nokkru sinni sænga saman, og hvað þá í friði og makindum.

En hvað merkir þetta fyrir íslensk stjórnmál? Átta ára hjónaband kommanna og íhaldsins, með fulltingi Framsóknar? Jú, stjórnarandstaðan mun abbast eitthvað upp á sviðið, af og til, gáttuð á ráðahagnum, eilítið samstilltari en áður eftir messufallið hjá Miðflokknum, en allsendis óvíst er að hún geti boðið betur en borgaralegu vinstriöflin sem tekið hafa af þeim völdin, að því er virðist til frambúðar, af því einfaldlega að málefnalegur styrkur þeirra er samanlagt ekki sannfærandi.

Og því er líklegra en ekki að landsmenn sitji uppi með langvarandi moðsuðu þessara ystu afla íslenskra stjórnmála, með fulltingi Framsóknar, sem kunna að halda völdum á framtaksleysinu einu saman. Og hvað þýðir það? Jú, pólitíkin verður látin í friði. Hennar sér vissulega stað í skiptingu ráðuneyta og á flutningi verkefna innan Stjórnarráðsins, en þannig er gert út um pirringinn um stund, en svo verður einfaldlega sett á sjálfstýringu málamiðlananna.

Og fyrir vikið fá landsmenn sitt lítið af litlu sem engu, hvorki sterka og framsækna velferðarstjórn sem mun hlúa að heilbrigðis- og velferðarkerfinu af öllu afli og halda ríka tryggð við ríkishyggjuna og eftirlitið með öllu kviku, né róttæka hægristjórn sem mun fækka ríkisstarfsmönnum og leggja niður ríkisfyrirtæki, ellegar gefa hluti frjálsa sem aðrar þjóðir í kringum okkur líta á sem sjálfsagt mál.

Við munum fá minni pólitík. Minni Steingrím. Minni Davíð. Og við munum fá óbreytt ástand á svo mörgum sviðum, á sjó og landi og lofti. ■

> ” Þótti það vera raunverulegur pólitískur ómöguleiki að þessar öfgar íslenskrar stjórnmála myndu nokkru sinni sænga saman, og hvað þá í friði og makindum.







## Gunnar





## Mín skoðun

# Valdsins gæði



**Sif Sigmarsdóttir**

Um síðustu helgi stóð ég frammi fyrir siðferðilegu álitamáli. Sonur minn fékk poka af gúmmíböngsum í barnaafmæli. Í stað þess að klára bangsana strax eins og hin börnin stakk hann einum í vasann sem hann hugðist njóta síðar. Þegar heim var komið reyndist bangsinn týndur. Tjónið olli óstöðvandi harmagráti. Ég sagðist skyldi gefa honum nýjan gúmmíbangsa úr poka sem vildi svo vel til að ég átti inni í skáp. Viðbrögðin urðu önnur en ég átti von á.

Í stað þess að taka gleði sína á ný spurði sonurinn hvort systir hans, sem einnig var í afmælinu, fengi líka gúmmíbangsa. Ég svaraði því játandi. Sá stutti þvertók fyrir slík málalok. Systir hans hafði borðað alla bangsana sína. Af hverju átti hún að fá einum fleiri bangsa en hann sem hafði sýnt stillingu og treint sér sælgætið?

Ég hótaði því að enginn fengi gúmmíbangsa ef hann léti ekki af uppsteytnum. En drengurinn gaf sig ekki. Það var aðeins eitt í stöðunni. Að þylja yfir barninu, sem alið er upp sem heiðingi, eina þekktustu dæmisögu Biblíunnar.

Salómon konungur Ísraelsríkis var annálaður fyrir visku. Toppi ráðsnilldar hans var náð þegar heimsóttu hann tvær portkonur. Með sér höfðu konurnar nýfætt barn en báðar sögðust þær móðir þess. Vildu þær að konungurinn leysti úr ágreiningi þeirra.

„Færið mér sverð,“ skipaði Salómon. Hann kvaðst ætla að höggva barnið í tvennt og skipta því þannig jafnt á milli kvennanna. Annarri konunni leist vel á lausnina. Hin bað Salómon að leggja frá sér sverðið, sú fyrri mætti halda barninu. Við það varð ljóst hvor kvennanna var móðirin.

Sama dag og sonur minn fékk gefins gúmmíbangsapoka var ný ríkisstjórn kynnt á Kjarvalsstöðum. Stjórnmálaskýrendur klóruðu sér í höfðinu yfir róttækum breytingum á ráðuneytum sem bútuð voru niður og málaflokkum dreift eins og smælki milli nýrra ráðherra. „Þetta eru óvenjulega miklar breytingar við stjórnarmyndun,“ sagði Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði. Ólafur var örlátur í greiningu sinni og sagðist ekki efast um að hugsun lægi þarna að baki þótt betri útlistanir vantaði á hvers vegna þetta var gert.

Fleira vakti upp spurningar um hvatana á bak við stjórnarmyndunarviðræðurnar. Ráðherrastólum var fjölgað um einn. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði uppátækið ganga þvert á tillögur í rannsóknarskýrslu Alþingis um hrunið þar sem mælst var til að ráðuneytum yrði fækkað. Benti hún á að ríkisstjórn hennar hefði fækkað ráðuneytum niður í átta en nú væru þau orðin tólf.

**Molar í konfektkassa**

Nýr dómsmálaráðherra er Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Nú fer að síga á seinni hlutann á ferli Jóns og líklegt er að verið sé að verðlauna hann fyrir góðan stuðning,“ sagði Ólafur Þ. Harðarson. Kaupin á eyrinni eru þó flóknari en svo.

Þrátt fyrir tólf ráðherrasæti, þrátt fyrir að ráðherraefnin veldu sér málaflokka úr sundurtættum ráðuneytum eins og mola úr jólakonfektkassa, virtust valdsins gæði ekki nægja til að svala hungri frammáfólks stjórnmálaflokkanna. Bjarni Benediktsson brá sér því í gervi Salómons konungs og lagði til að dómsmálaráðuneytinu yrði skipt á milli Jóns og flokkssystur hans, Guðrúnar Hafsteinsdóttur, sem tæki við eftir átján mánuði. Ólíkt í tilfelli portkvennanna steig enginn fram og lét sig hagsmuni ráðuneytisins varða. Sverðið fékk að falla.

Sagan um Salómon konung hafði engin áhrif á viðhorf sonar míns til gúmmíbangsanna. Hann kaus eyðileggingu frekar en eftirgjöf. Hann hafði þó eitt sér til málsbóta: Hann er fimm ára. Það sama verður ekki sagt um forystufólk stjórnmálaflokka landsins. ■

> ” Sagan um Salómon konung hafði engin áhrif á viðhorf sonar míns til gúmmíbangsanna.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*










# Þitt fyrirtæki gæti átt heima í Árborg

## – Hafðu samband!

- Miðstöð iðnaðar- og sérfræðiþjónustu á Suðurlandi
- Inn- og útflutningshöfn við bæjardyrnar
- Vinsælt og fjölskylduvænt umhverfi
- Kraftmikið og vaxandi samfélag

*Nánari upplýsingar veitir **Gísli H. Halldórsson**, bæjarstjóri Árborgar, **gislihh@arborg.is***

Sveitarfélagið
ÁRBORG
www.arborg.is




**14**
ára lék Óskar Örn fyrsta leik í meistaraflokki fyrir Njarðvík.

**3**
Íslandsmeistaratitla vann Óskar Örn með KR.

**4**
bikarmeistaratitla vann hann í búningi KR.

**348**
leikir í efstu deild og leikjahæstur.

**85**
mörk í efstu deild og níundi markahæsti.

**296**
leikir í efstu deild með KR og er leikjahæstur í sögu félagsins.

**73**
mörk fyrir KR í efstu deild og er markahæstur í sögunni.

**552**
leikir alls fyrir KR og allt í allt 157 mörk.

**29**
Evrópuleikir fyrir KR og tvö mörk.

Óskar átti mögnuð ár í Vesturbænum en sítt og fallegt hár hans auk hæfileika sem knattspyrnumanns vöktu alltaf athygli í búningi KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vesturbærinn horfir á eftir hetju í Garðabæ




Óskar Örn fagnar einum af fjórum Íslandsmeistaratitlum sem hann vann með KR.



Hjörvar Ólafsson
hjorvaro
@frettabladid.is

**KR-ingar kvöddu sinn dyggasta þjón, Óskar Örn Hauksson, í nóvember síðastliðnum. Einn mesti skemmtikraftur efstu deildar á Íslandi ætlar að gleðja stuðningsmenn Stjörnunnar með tilþrifum sínum langt fram á fertugsaldurinn.**

**FÓTBOLTI** Það var í byrjun nóvember árið 2006 sem Njarðvíkingurinn Óskar Örn Hauksson gekk til liðs við KR. Þessi snaggaralegi kantmaður lék svo sinn fyrsta deildarleik með KR-ingum sumarið 2007.

Nú, rúmum 14 árum og 18 titlum síðar, hefur Óskar Örn kvatt Vesturbæinn og ætlar að taka slaginn með Stjörnunni.

Á þessum 14 árum hefur þessi magnaði fótboltamaður oft fengið boð frá öðrum félögum og næst var hann líklegast að venda kvæði sínu í kross árið 2014 en Bjarni Eggerts Guðjónsson náði að sannfæra hann um að fara ekki í FH á þeim tíma.

Árið 2012 lék hann sem lánsmaður hjá norska liðinu Sandnes Ulf og 2015 hjá Edmonton í Kanada. Þess utan hefur þessi 37 ára leikmaður haldið tryggð við Vesturbæjarfélagið.

Í síðasta leik sínum í KR-búningnum, í bili hið minnsta, skoraði hann eitt mark og lagði upp annað í 2-0 sigri á sínum nýja heimavelli í Garðabænum, en með þeim sigri tryggði KR sér sæti í Sambandsdeildinni á næsta keppnistímabili.

Sumarið 2020, sem fer í sögubækurnar vegna blessaðrar kórónaveirunnar, verður þegar fram í sækir eftirminnilegt fyrir Óskar Örn þar sem hann skákaði tveimur meisturum í sögubók KR-inga.

Þar skaut hann Ellerti B. Schram ref fyrir rass á listanum yfir markahæstu leikmenn í sögu félagsins og sameiningartákninu Þormóði Egilssyni á listanum yfir þá leikjahæstu.

**Lætur verkin tala á vellinum**

Í takt við hans karakter var Óskar Örn hógværðin uppmáluð þegar fjölmiðlamenn freistuðu þess að hefja hann upp til skýjanna í tilefni þessara áfanga. Sagði einatt að þetta væri eitthvað sem væri vert að hugsa um þegar fótboltaferlinum lyki. Nú væri bara næsta mál að hala inn stig með liði sínu.

Óskar Örn er eitt besta dæmi þess að aldur er bara tala og það sem skiptir mestu máli er hvernig leikmenn hugsa um sig. Það hefur hann sannað með því að standast mönnum snúning og vel það, orðinn 37 ára gamall.

Næsta áskorun hans er að gera það áfram til þess er hann verður 39 ára gamall, en hann samdi til tveggja ára í Garðabænum.

**Verður ávallt hlýtt til KR**

Óskar Örn sagði í viðtölum við fjölmiðla þegar hann var spurður um viðskilnaðinn við KR, að félagið myndi ávallt eiga stóran hluta af hjarta sínu. Stuðningsmenn KR munu eflaust hugsa hlýtt til Óskars Arnar þó þeir muni bölva honum ef hann gerir þeim grikk á nýjum vettvangi.

Á tíma sínum hjá KR hefur Óskar Örn þrisvar sinnum orðið Íslandsmeistari, 2011, 2013 og 2019. Þá hefur hann einnig orðið bikarmeistari fjórum sinnum með KR-liðinu. ■

## Hljóðlátur töframaður



**Skúli Jón Friðgeirsson,**
*fyrrverandi leikmaður KR*

Þegar Óskar Örn kom fyrst í KR sá maður fljótlega að þar var á ferð mjög hæfileikaríkur íþróttamaður, enda kom það síðan í ljós að hann var mjög fjölhæfur og í raun góður í hvaða íþrótt sem er.

Nema þá kannski langhlaupum, enda kom hann iðulega síðastur á margfrægum hlaupaæfingum Teits Þórðarsonar. Óskar Örn er mjög skemmtilegur, en er einn af þeim sem líður ekkert vel með að þurfa að standa í sviðsljósinu.

Þess vegna fór aldrei neitt sérstaklega mikið fyrir Óskari í klefanum en hann gaf hópnum ótrúlega mikið með því að setja kröfur á æfingum og sýna fordæmi í því hvernig hann æfði og hugsaði um sig.

Það átti ekki einungis við um hvað hann gerði á æfingunum sjálfum heldur var hann alltaf að og leit íbúðin hans á tímabili frekar út fyrir að vera líkamsræktarstöð en rými þar sem hann bjó.

Þó að þetta hafi vissulega verið smá pirrandi fyrir hálf lata leikmenn eins og sjálfan mig þá setti þetta standard fyrir hópinn, þegar besti leikmaður liðsins var að leggja þetta á sig fyrir liðið.

Það eru því ekki bara óteljandi mörk og stoðsendingar Óskars Arnar sem hafa hjálpað KR-liðinu að sækja titla á tíma hans hjá félaginu, heldur gerði metnaður hans aðra leikmenn liðsins betri.




Óskar ógnaði iðulega með hraða sínum og krafti í KR-treyjunni.

# Bókaðu gleðileg jól




**Útlagarnir Scarlett & Browne**
Í sundruðu Bretlandi framtíðarinnar eftir hamfaraflóð og átök berst útlaginn ungi og sterki Scarlett McCain fyrir tilveru sinni. Hún bjargar lífi Alberts Browne, ungs og hrekklauss manns sem gæddur er sérstökum hæfileikum. Hættur leynast á hverju horni og þau verða samferða á ævintýranlegum flótta.

3.999 kr.




**Á hjara veraldar**
Á hverju sumri eru Quill og vinir hans settir í land á fjarlægum sjódranga til að veiða fugla. En þetta sumar kemur enginn að sækja þá. Er einhver skýring á því hvers vegna þeir voru yfirgefnir á dranganum í miðju ólgandi hafinu önnur en að heimsendir hafi átt sér stað?

3.599 kr.




**Vetrarfrí í Hálöndunum**
Í huga systranna Samönthu og Ellu Mitchell eru jólin dýrmætasti tími ársins þegar þær bæta upp fyrir jólin sem þær fengu ekki að njóta í æsku. Í ár stefnir í að þær muni verja þeim með óvæntum gesti – móður sinni sem þær hafa ekki verið í sambandi við í fimm ár.

2.699 kr.




**Kennarinn sem kveikti í**
Nýr afleysingakennari tekur við BÖ-bekknum eftir ógurlegar hremmingar síðustu mánaða. Þegar krakkarnir eru sendir í dularfullan ratleik í mannlausum skólanum læðist að þeim óþægilegur grunur og ýmsar spurningar vakna.

3.599 kr.




**GRILL**
*GRILL* hefur að geyma fleiri en 100 girnilegar uppskriftir úr smiðju Viktors og Hinriks í Sælkerabúðinni ásamt góðum ráðum um grill- og eldunaraðferðir. Réttir bókarinnar eru fjölbreyttir og hver öðrum gómsætari.

6.399 kr.




**Peningar**
Bókin *Peningar* varpar ljósi á áhugaverðar, spaugilegar og ótrúlegar hliðar fjármála á lifandi og aðgengilegan hátt. Litið er bak við tjöldin meðal annars í heimi kvikmynda, tölvuleikja, fótbolta, tónlistar og tísku og fjallað um bæði það sem vel hefur tekist og það sem farið hefur á versta veg.

4.999 kr.




**Bakað með Evu**
*Bakað með Evu* hefur að geyma rúmlega 80 uppskriftir að bökuðu góðgæti af öllum stærðum og gerðum sem henta við öll tilefni. Háar og tignarlegar veislutertur, ilmandi pönnukökur og vöfflur, gómsætir brauðréttir og sætabrauð.

4.999 kr.




**Hugfanginn**
Þegar líður yfir Smára kemur leyndur hjartagalli í ljós. Þórgunnur, æskuvinkona hans, spyr hann af hverju sumir fæðist með hjartagalla? Leitin að svari við þeirri spurningu leiðir hann að sögu foreldra sinna, sem hann kynntist aldrei. Daginn eftir fær hann verkefni sem knýr af stað atburðarás sem gæti kollvarpað lífi hans.

4.999 kr.




**Dagbókin**
Málfríður ferðast frá Spáni austur á firði til að ganga frá dánarbúi Erlu, ömmusystur sinnar. Þar uppgötvar hún dagbók sem varpar nýju ljósi á líf og kynhneigð þessarar dularfullu manneskju. Fortíðin tvinnast saman við nútímann og í kjölfarið tekur líf Fríðu stakkaskiptum.

3.999 kr.




**Stafasmjatt**
*Stafasmjatt* er gómsæt og fallega myndskreytt bók um stafrófið. Í bókinni kynnast börnin einnig ýmsum tegundum matar og auka orðaforða sinn.

*Stafasmjatt* er gott bragð fyrir börn til að uppgötva heim stafrófsins.

2.999 kr.




**30% appsláttur**

Í dag er „appsláttur" af öllum bókum í verslunum Samkaupa: Nettó, Iceland, Kjörbúðinni og Krambúðinni.

*Ef þú greiðir með Samkaupa-appinu færðu 30% af andvirði bókanna sem inneign.*

nettó

**Lægra verð – léttari innkaup**



## MICHELLE

Borðstofustóll. Svart PU leðurlíki. **25.990 kr.**



## YORK

Borðstofustóll. Brúnt PU leðurlíki. **26.990 kr.**



## BROOKE

Mjúkur og fallegur stóll með Preston dökkgráu sléttflaueli. **21.990 kr.**

# RÝMUM FYRIR NÝJUM SKOVBY VÖRUM

## 20-40% AF VÖLDUM SKOVBY SÝNINGAR- OG SÍÐUSTU EINTÖKUM



# 20-50% AF JÓLASKRAUTI



## SIRIUS AÐVENTUKERTI

Fjögur kerti með gylltum eða silfurlituðum stöfum. LED ljós. Ø7,5x12 cm.
~~8.990 kr.~~ **Nú 7.192 kr.**



## LENE BJERRE CAVIA

Jólatrésfótur. 3 litir. Ø40x17 cm.
~~24.990 kr.~~ **Nú 19.992 kr.**



## LENE BJERRE MINNA

Jólatré. Antique gyllt eða svart.
H52 cm. ~~13.990 kr.~~
**Nú 8.394 kr.**
H41 cm. ~~11.990 kr.~~
**Nú 7.194 kr.**



## NORDAL VELEA

Ø10 cm. ~~990 kr.~~ **Nú 792 kr.**
Ø15 cm. ~~2.290 kr.~~ **Nú 1.832 kr.**



## LENE BJERRE SELLA

Hreindýr. Grátt eða sandlitað 26x14x44 cm.
~~11.990 kr.~~ Nú 9.592 kr.



## LENE BJERRE SERAFINA

Jólatré. H47 cm.
~~13.990 kr.~~ **Nú 11.192 kr.**







**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **11 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **11 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



# Fáðu innblástur

## ... fallegir tónar fyrir lifandi heimili

www.husgagnahollin.is

VEFVERSLUN

**KEEP SÓFI**
Fallegur sófi í Kentucky koníakslituðu bonded leðri.
3ja sæta. 237x86x60 cm. **239.990 kr.**
2ja sæta. 163x86x60 cm. **209.990 kr.**



**KIRUNA SÓFI**
Fallegur 2ja sæta sófi í dökkgrá áklæði. Gegnheilir olíubornir eikarfætur. 162x90x78 cm. **109.990 kr.**



**KARE LEONARDO**
Veggklukka. Ø48,5 cm.
22.990 kr.



**KARE SALOON FLOWER**
Loftljós með 9 skermum.
54.990 kr.



**MAX U-SÓFI**
Hægri eða vinstri tunga. Rocco grátt áklæði úr pólýesterblöndu. 286x200x87 cm. **179.990 kr.**



**BONNY**
Fallegur og notalegur sófi í appelsínugulu áklæði.
3ja sæta. 216x80 cm. **179.990 kr.**



**GAIN HÆGINDASTÓLL**
Fallegur stóll. Ýmsir litir.
76,5x79 cm. **54.990 kr.**



**VISTA SKENKUR**
Glerskápur með glerhurðum, svart járn. 115x43x90 cm. **129.990 kr.**



**MIKIÐ ÚRVAL AF MOTTUM**




Þú finnur bæklingana okkar
á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Hvernig gat þetta gerst?

Sigríður Gísladóttir, verkefnastjóri hjá Geðhjálp, segir lygilega sögu æsku sinnar í forsíðuviðtali þessa tölublaðs. Sigríður ólst upp hjá móður með alvarlegan geðrænan vanda, en það eru ekki lýsingar hennar af birtingarmyndum veikinda móður hennar sem eru svo ótrúlegar. Það er sinnuleysi yfirvalda sem erfitt er að meðtaka.

Í þrjú ár var forsjármál foreldra Sigríðar í kerfinu, aldrei á þeim tíma var heimilið heimsótt. Sigríður mætti sárasjaldan í skólann og þrátt fyrir skólaskyldu var hvorki gerð athugasemd við fjarveru hennar né henni veittur stuðningur. Eftir kvartanir foreldra sem höfðu móður Sigríðar sem dagmömmu var heimilið nokkrum sinnum heimsótt og niðurstaðan sú að hún væri ekki hæf til að annast vandalaus börn. Á meðan litu þó allir fram hjá hennar eigin barni sem á heimilinu var – á meðan hún átti að vera í skóla. Síðast en ekki síst sögðu fagaðilar á geðdeild ekki orð við börnin fjögur sem horfðu upp á móður sína nauðungarvistaða og svo lyfjaða að hún gat vart mælt orð frá munni.

Ég spyr sömu spurningar og Sigríður gerir í viðtalinu: „Hvernig gat þetta gerst?“

**„Það er sinnuleysi yfirvalda sem erfitt er að meðtaka.**

## Við mælum með

**Jólaskrautsbýttum**
Við mælum með því að gefa gömlu jólaskrauti nýtt líf og finna jafnvel um leið nýtt skraut endurgjaldslaust á jólaskrautsskiptimarkaði Sorpu. Markaðurinn verður opinn í dag og á morgun frá klukkan 14 til 17.30 í Efnismiðluninni að Sævarhöfða og Breiðhellu. Tekið verður á móti jólaseríum, ljósum og skrauti sem getur glatt aðra og um leið gert umhverfinu gott.





**Jólaskógarævintýri**
Í Guðmundarlundi í Kópavogi hefur Leikhópurinn Lotta töfrað fram sannkallað jólaævintýri fyrir fjölskylduna. Sýningin sem er tæplega klukkutíma löng og fer fram utandyra hefst á 10 mínútna fresti. Gestir ganga þá um skóginn með vasaljós og mæta Grýlu, Leppalúða, jólasveinum og tröllum þar til komið er að sviði þar sem flutt er lítil jólasaga. Miðar eru fáanlegir á tix.is. ■

# Tækifæri fyrir ungt fólk

**Árlegur alþjóðadagur sjálfboðaliðans er á morgun, sunnudaginn 5. desember, og halda sjálfboðaliðar hér á landi hann hátíðlegan með því að hreinsa rusl og plast á Álftanesinu með aðstoð forseta Íslands.**

bjork@frettabladid.is



Sjálfboðaliðar í hreinsunarstarfi eins og þeir verða á morgun. MYND/AÐSEND

„Dagurinn var fyrst haldinn árið 1985 að frumkvæði félags Sameinuðu þjóðanna. Ísland er aðili að European Solidarity Corps samstarfsáætlun Evrópusambandsins, sem er náskyld Erasmus+ sem flestir Íslendingar þekkja,“ segir Elísabet Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís, sem hefur umsjón með áætluninni sem býður upp á sjálfboðaliða- og samfélagsverkefni fyrir ungt fólk.

„Áætlunin er fyrir ungt fólk og með henni er fólki gert kleift að taka þátt í sjálfboðaliðastörfum erlendis og láta gott af sér leiða. Hún gerir einnig samtökum og ungum einstaklingum kleift að þróa samfélagsverkefni til að takast á við áskoranir í nærumhverfinu og skapar tækifæri fyrir að minnsta kosti 270.000 ungmenni í Evrópu,“ segir Elísabet, en frá og með 2022 getur ungt fólk á aldrinum 18-35 ára einnig sótt um styrk til þess að fara til landa utan Evrópu til þess að sinna mannúðaraðstoð.

**Víkka sjóndeildarhringinn**
Elísabet segir ávinninginn af sjálfboðaliðastörfum greinilegan. „Þau auka samfélags- og borgaralega þátttöku ungs fólks, víkka sjóndeildarhringinn, auka sjálfstraust og tungumálakunnáttu og efla einstaklinginn bæði persónulega og faglega.“ Hér á landi taka samtök og sveitarfélög á móti um 50 sjálfboðaliðum frá Evrópu ár hvert. Sjálfboðaliðarnir leggja sitt af mörkum til íslensks samfélags og starfa við strandhreinsun, vegagerð, skógrækt, flóttamannaaðstoð, störf á farfuglaheimilum og fleira.

Landskrifstofa Erasmus+ sem sér um European Solidarity Corps og Eurodesk, upplýsingaveitu fyrir ungt fólk á Íslandi, mun halda daginn hátíðlegan ásamt sjálfboðaliðum og forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, en þau munu saman hreinsa rusl og plast á Álftanesinu. Sökum Covid-19 faraldursins og núgildandi takmarkana verður svo stefnt að því bjóða alla velkomna á viðburð í janúar 2022,“ segir Elísabet að lokum.

**Akkúrat það sem ég þurfti**
Sunna Líf Þórarinsdóttir dvaldi í Brussel í eitt ár við sjálfboðastörf fyrir skátahreyfinguna. „Ég sá auglýsinguna á hópspjalli sem ég var í vegna viðburðar sem ég tók þátt í fyrr um árið í Strassborg og hugsaði að þetta væri gott tækifæri til að sjá aðeins meira af heiminum,“ segir Sunna og bætir við að það hafi verið plús að skrifstofan var í Brussel en hún hefur lengi haft áhuga á alþjóðamálum.


Sunna Líf Þórarinsdóttir dvaldi í Brussel í eitt ár við sjálfboðastörf fyrir skátahreyfinguna.


Karen Miller er nýkomin til Íslands frá heimalandi sínu Frakklandi og stefnan er að vinna hér í eitt ár.

Sunna fékk árssamning hjá European Scout Bureau og átti upphaflega að sjá um upplýsingamiðlun og viðburðastjórnun, en fékk líka að taka að sér alls kyns verkefni, til dæmis fréttaskrif og auglýsingagerð.

„Ég held að þetta hafi verið akkúrat það sem ég þurfti, ég hafði verið í háskólanámi sem ég fann mig ekki í, svo að tækifærið kom á fullkomnum tíma. Vinnan var áhugaverð og umhverfið nýtt og spennandi. Það var auðvitað mjög erfitt að vera í burtu frá vinum og fjölskyldu og búa ein í nýrri borg þar sem ég talaði ekki tungumálið, en þetta var mikið ævintýri og ég kynntist fólki sem var í öðrum sjálfboðaverkefnum í Belgíu svo að ég eignaðist nýja vini og kynntist sjálfri mér betur í leiðinni.“

**Finnst ég bæði læra og gera gagn**
Karen Miller er nýkomin til Íslands frá heimalandi sínu Frakklandi og stefnir á að vinna hér í ár á skrifstofu AUS sem heldur utan um alþjóðleg ungmennaskipti.

„Ástæður þess að ég ákvað að fara utan í sjálfboðaliðastarf voru bæði persónulegar og faglegar. Mig langaði að starfa fyrir sjálfstæð félagasamtök á sviði alþjóðlegra skipta. Mig langaði að öðlast nýja þekkingu í stjórnun sjálfboðaliðastarfs, en mig langar að starfa á því sviði í framtíðinni. Einnig langaði mig að prófa eitthvað nýtt, búa erlendis og kynnast þannig nýju landi og menningu, auk þess að hafa nægan tíma til að ferðast um landið.“

Karen segist hafa valið Ísland þar sem hún hafi hrifist af landslaginu. „Hingað hafði ég aldrei komið áður en var ákveðin í að kynnast landinu betur en bara sem ferðamaður.“

Aðspurð segir Karen reynsluna hingað til hafa verið góða. „Mér finnst ég bæði læra og gera gagn og mér líður vel í því umhverfi sem ég starfa í. Ég deili húsnæði með fólki frá ólíkum Evrópulöndum, eða Spáni, Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi og Bretlandi. Við höfum ferðast um suðurhluta Íslands og það var stórkostlegt svo ég get ekki beðið eftir að kynnast öðrum hlutum landsins.“ ■

## ■ Í vikulokin


Ólafur Arnarson

# Ráðherraveikin er skæð

Á dögunum tók ný ríkisstjórn við völdum. Margir biðu spenntir eftir henni, ekki síst þingmenn stjórnarflokkanna. Spenningurinn snerist ekki um stjórnarstefnuna, áherslur og forgangsmál. Spenningurinn snerist um stóla – ráðherrastóla.

Þegar loks var tilkynnt um stólana ráku margir upp ramakvein. Ýmsir hópar töldu fram hjá sér gengið, auk þess sem heilu kjördæmin töldu sig sniðgengin. Norðaustur er í fyrsta sinn án fulltrúa við ríkisstjórnarborðið, og Sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi telja óhæft að oddviti þeirra skuli ekki sitja í ríkisstjórn.

Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar eru tólf. Þetta slagar hátt í ráðherrafjölda hjá milljónaþjóðum. Hver þeirra ræður sér tvo aðstoðarmenn, fær bíl og bílstjóra og einkaritara. Ráðherra verður að hafa rúmgóða skrifstofu með einkaritara í forherbergi og biðstofu að auki. Þá gengur ekki að koma aðstoðarmönnum ráðherra fyrir á hanabjálka. Að teknu tilliti til launa, húsnæðis og bíls blasir við að beinn kostnaður við hvern ráðherra er ekki undir 120 milljónum á ári.

Engu er líkara en hér á landi geisi bráðsmitandi ráðherraveiki. Formenn flokka reyna að lækna hana með því að fjölga ráðherrum og ráðuneytum á kostnað skattgreiðenda. Lítil hugsun virðist liggja að baki og ekki ræður ráðdeild för, enda kemur kostnaðurinn úr almannasjóðum sem enginn ber í raun ábyrgð á.

**„Spenningurinn snerist um stóla – ráðherrastóla.**

Við Íslendingar erum álíka fjölmennir og borgarbúar í Árósum. Í Árósum situr 31 í borgarstjórn, sem gæti verið hæfilegur þingmannafjöldi á Íslandi.

Í Árósum er einn borgarstjóri og fimm borgarráðsmenn sem eru hver yfir sínum málaflokki. Vitaskuld sinnir landstjórn fleiri málaflokkum en sveitarstjórn, en vel er í lagt að vera með tólf ráðherra í smáríki. Raunar er það glórulaus óráðsía. ■

★★★★

*„Ég las þessa bók í einum rykk.“*
SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

*„Leiftrandi nærgætin frásögn upp úr bestu heimildum varpar nýju ljósi á aðdraganda og eftirmál hryllilegra atburða ... Lesandinn ... finnur sig fljótt uggandi við túnfótinn.“*
ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

*„Þórunn Jarla dregur upp litríka mynd af réttarkerfi, viðhorfum og göllum íslensks sveitasamfélags.“*
STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN






Í *Bærinn brennur* fjallar Þórunn Jarla Valdimarsdóttir um eitt frægasta sakamál Íslandssögunnar, morðið á Natani Ketilssyni og síðustu aftökuna á Íslandi.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið til 19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**



Frá 12 ára til 17 ára aldurs bjó Sigríður ein með móður sinni sem var í viðvarandi geðrofsástandi. Hún reyndi allt til að fá hjálp en kom alls staðar að luktum dyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Enginn kannaði aðstæður á heimilinu



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Sigríður Gísladóttir var aðeins 17 ára þegar hún ákvað að láta til sín taka í baráttunni fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Sjálf ólst hún upp hjá alvarlega veikri móður og upplifði fullkomið sinnuleysi heilbrigðiskerfis og þeirra er ættu að sinna velferð barna.**

Sigríður Gísladóttir leiðir tímamótaverkefnið Okkar heimur á vegum Geðhjálpar en verkefninu er ætlað að vera skjól og stuðningur fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Hún segist alltaf hafa vitað að hún myndi láta til sín taka í þessum málaflokki.

„Ég veit hvenær ég ákvað það. Ég var 17 ára og búin að vera í þessum erfiðleikum með mömmu allt mitt líf.“

Móðir hennar var á þeim tímapunkti nauðungarvistuð á geðdeild, þangað sem Sigríður, þá 17 ára, heimsótti hana og upplifði enn og aftur að enginn fagaðili ræddi við hana.

„Ég hafði þarna verið í baráttugír allt mitt líf og aldrei stoppað til að átta mig á því hvað væri að gerast í kringum mig,“ rifjar Sigríður upp og man skýrt hvað flaug í gegnum huga hennar þar sem hún sat við sjúkrabeð móður sinnar á geðdeild.

**Hvernig getur þetta gerst**

„Ég horfði í kringum mig, á ljósin, út um gluggann og á gólfið og fannst þetta allt svo ótrúlega ömurlegt. Svo horfði ég á mömmu sem var fárveik. Þarna var ég búin að vera í rosalegri baráttu í fimm ár og hugsaði: Vá, hvað þetta er ömurlegt. Ég var ekki reið eða sár út í neinn, meira hissa og hugsaði með mér: Hvernig getur þetta gerst? Ég er 17 ára og búin að vera í þessari baráttu allt mitt líf en aldrei hefur neinn talað við mig. Ég gaf mér þá loforð um að þegar ég væri búin að vinna úr mínu myndi ég bæta aðstæður barna í minni stöðu. Ég ætlaði að láta til mín taka.“

Það leið áratugur frá þessu loforði þar til Sigríður var orðin varaformaður Geðhjálpar. Það var fyrir tveimur og hálfu ári en í dag stýrir hún eins og fyrr segir verkefninu Okkar heimur.

„Ég þurfti að ná fjarlægð og vinna úr reiðinni til að vera tilbúin.“

Sigríður segist vissulega hafa hræðst að taka sæti í stjórn Geðhjálpar þar sem vitneskja hennar og markmið einskorðaðist við einn hóp: Börnin. „En því sem ég kom með að borðinu var mjög vel tekið og ég studd í því að gera þessar breytingar.“

**Lögin brotin daglega**

Sigríður kynntist nöfnu sinni, Sigríði Torfadóttur Tulinius, sem starfar fyrir bresku góðgerðarsamtökin Our Time sem einbeita sér að úrræðum og stuðningi fyrir börn í þessari stöðu.

„Við erum á svipuðum aldri og báðar dætur mæðra með geðrænan vanda og fyrir heppni lágu leiðir okkar saman.“

Báðar veltu þær fyrir sér hvers vegna ekkert hefði enn gerst í þessum málefnum nú þegar þær væru orðnar fullorðnar.

„Allar þessar rannsóknir eru til auk þess sem gerðar voru lagabreytingar árið 2019 um börn sem aðstandendur. Það var í raun og veru gert til þess að fagaðilar veiti þessum börnum stuðning og fræðslu. Nú er árið 2021 og ég get lofað þér því að þessi lög eru brotin daglega. Það er fullt af heilbrigðisstarfsfólki sem hefur ekki einu sinni hugmynd um tilvist þeirra. Það er mér í raun hulin ráðgáta hvers vegna staðan er enn svona.“

Það hefur verið að sannað að 70 prósent barna sem alast upp hjá foreldrum með geðrænan vanda veikjast sjálf þegar þau eru komin á fullorðinsaldur, en hægt sé að minnka líkur á því til muna með því að veita þeim aðstoð snemma. Ef maður hugsar bara um peninga þá er þetta hrikalega dýrt fyrir heilbrigðiskerfið,“ segir Sigríður og bætir við að hún hafi oft velt því fyrir sér hvort fordómar gagnvart fólki með geðrænan vanda færist að einhverju leyti yfir á börn þess og það skýri úrræðaleysið.

„En ef maður nær að vinna úr sinni reynslu og hefur kraftinn og getuna til þess að láta í sér heyra er það manns hlutverk. Ég er með úrræði í höndunum núna, ég er með lausn,“ segir hún ákveðin en verkefninu Okkar heimur var hleypt af stokkunum í síðasta mánuði og fer að hennar sögn vel af stað.

**Skaðlegast að segja ekki neitt**

Sigríður lætur ekki þar við sitja heldur starfar einnig sem notendafulltrúi í vinnuhópi hjá geðþjónustu Landspítalans sem vinnur að bættri þjónustu við aðstandendur.

„Þar er verið að vinna að því að farið sé eftir þessum lögum og börnum veittur stuðningur. Ég lét útbúa bæklinga sem geðdeildin ætlar að nota og láta öll börn fá ef foreldri leggst inn á geðdeild.“

Hún segist upplifa að fagaðilum finnist oft erfitt að ræða þessi mál við aðstandendur enda sé lítið fjallað um þann hóp.

„Þau óttast að segja eitthvað vitlaust en þá bendi ég á að alltaf sé skaðlegast að segja ekki neitt. Það er svo mikilvægt að þessi börn upplifi að það sé pláss fyrir þau og þau séu ekki ein. Sjálf upplifði ég aldrei að ég væri hluti af neinum hóp hér á landi, heldur algjörlega ein.“

Sigríður segist í mörg ár hafa furðað sig á því að ekki væri til aðgengilegt fræðsluefni fyrir börn. Þess vegna opnaði hún fræðsluvefinn okkarheimur.is, hugsandi til barna sem eru eins og hún var, föst inni á heimili með foreldri sínu.

> „Þetta var mitt bjargráð og kannski hefði ég dáið ef ég hefði ekki leitað í þetta og þurft að fá hjálp við því.

„En þessi börn eru kannski alltaf með símann sinn og geta þá alla vega fundið einhverjar útskýringar á netinu og upplifa sig þá ekki ein.“

**Það hjálpaði mér enginn**

Eins undarlega og það kann að hljóma segist Sigríður heppin að hafa veikst mjög alvarlega af átröskun 17 ára gömul – því þá hafi sjálfsvinnan hafist.

„Átröskunin byrjar í raun daginn sem mamma var nauðungarvistuð,“ en þeim degi lýsti Sigríður í upphafi viðtalsins.

„Ég var búin að vera í baráttu svo ótrúlega lengi.“

Árin fimm á undan hafði Sigríður, frá 12 til 17 ára, búið ein með móður sinni og reynt allt hvað hún gat til að fá fyrir hana hjálp. „Ég var að hringja í héraðslækni, hitta geðlækna og hringja ótal símtöl upp á geðdeild. Ég var ein með henni inni á heimilinu og hún í viðvarandi geðrofsástandi. Ég hafði samband við alla og það hjálpaði mér enginn.“

Hún segist ekki hissa á að sjálf hafi hún veikst alvarlega af átröskun, hún hafi átt eftir svo mikla sjálfsvinnu.

„Ég var lífshættulega veik af átröskun í fimm ár. Ég var alltaf að byrja og hætta í meðferðum á geðdeild og náði ekki tökum á veikindunum fyrr en ég fór að vinna raunverulega úr æsku minni, það var djúp áfallavinna sem ég hóf 22 ára gömul og hef í raun verið stanslaust í henni síðan,“ segir Sigríður sem í dag er 31 árs.

**Átröskunin var bjargráð**

„Ég var greind með allt á þessum tíma: áfallastreituröskun, kvíðaröskun, þunglyndi og áráttu- og þráhyggjuröskun. Læknarnir vildu setja mig á lyf en ég sagði við þá: „Ég

RAUÐI KROSSINN
ICELANDIC RED CROSS

# Takk allir sjálfboðaliðar



Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða er sunnudaginn 5. desember.

Rauði krossinn þakkar sjálfboðaliðum sínum sem gera starf félagsins mögulegt.

Hjá Rauða krossinum á Íslandi starfa um 3.000 sjálfboðaliðar. Sjálfboðaliðar sem leggja sitt af mörkum til samfélagsins í gegnum verkefni Rauða krossins gera íslenskt samfélag ríkara.

Rauði krossinn á Íslandi vill hvetja landsmenn til að líta í kringum sig í dag og þakka þeim. Takk sjálfboðaliðar!

raudikrossinn.is

þarf ekki lyf – ég þarf einhvern til að tala við. Ég veit hvað er að, það er æska mín sem ég þarf að vinna úr.“

Hún bendir á að átröskun sé algeng hjá fólki sem sé að reyna að finna stjórn í stjórnlausum aðstæðum.

„Þetta var mitt bjargráð og kannski hefði ég dáið ef ég hefði ekki leitað í þetta og þurft að fá hjálp við því.“

Sigríður segist hafa verið ákveðin í að nýta reynslu sína til góðs. „Þarna kemur inn einhver seigla sem myndast í æsku minni, einhver baráttuhugur. En ég segi alltaf að það sé lífstíðarverkefni að vinna úr þessu.“

Sigríður er yngst fjögurra systkina og segir einkenni veikinda móður sinnar hafa verið farin að birtast áður en hún kom í heiminn.

„Hún var komin með mörg einkenni þó að hún funkeraði og væri í vinnu.“

**Aðstæður aldrei kannaðar**

Foreldrar Sigríðar skildu svo þegar hún var fimm ára gömul, móðir hennar varð eftir með börnin fjögur og veikindi hennar ágerðust.

„Ég held að pabbi hafi þurft að fara út af heimilinu til að geta verið til staðar fyrir okkur börnin. Hún bannaði pabba að hitta okkur sem á þessum tíma var auðveldara en það er í dag. Hann fór þá í forræðismál sem tók þrjú ár.“

Sigríður furðar sig á því að á meðan forræðisdeilan var í kerfinu í þrjú ár og veikindi móður hennar þar tekin fyrir, hafi aldrei neinn kannað aðstæður á heimilinu. Það sem meira hafi verið, móðir hennar starfaði þá sem dagmamma og tók börn að sér í gæslu dag hvern.

„Við systkinin mættum misvel í skólann. Enginn athugaði þó með ástand heimilisins, engar kvartanir bárust frá skólanum vegna lélegrar mætingar. Við vorum þar fjögur og enginn átti samtal við okkur,“ rifjar Sigríður upp en öll systkinin gengu í Vogaskóla. Utan á þeim sást þó ekki að neitt amaði að enda gætti móðir þeirra þess að þau væru alltaf vel tilhöfð og snyrtileg.

**Skömmuð fyrir laka mætingu**

Ástæða lakrar mætingar þeirra systkina var sú að þau þurftu að aðstoða móður sína með gæslu barnanna.

„Mamma sagði að við yrðum að hjálpa henni að passa börnin og mín upplifun er að ég hafi varla verið í grunnskóla,“ segir hún og bætir við: „Ég mætti mjög lítið í skólann en þegar ég mætti var ég skömmuð af kennurum fyrir slæma mætingu og fyrir að læra ekki heima. Ég var aldrei spurð hvort það væri eitthvað að eða hvernig mér liði. Ég fór því að kvíða því mikið að mæta. Það hefði verið mjög mikilvægt fyrir mig á þessum tíma að skólinn væri minn griðastaður.“

Árið 1998 var föður systkinanna dæmt forræði barnanna fjögurra og þau fluttu á hans heimili.

„Það var mjög gott fyrir okkur systkinin að komast út af heimilinu enda mamma orðin rosalega veik,“ segir Sigríður.

**Hætti að vera barn átta ára**

Þegar börnin fóru til föður síns var móðir hennar í fyrsta sinn nauðungarvistuð á geðdeild.

„Ég segi oft að þarna hafi ég hætt að vera barn, þegar ég var átta ára. Það er hræðilegt að upplifa það að foreldri manns sé nauðungarvistað. Hún var mjög reið enda hefur hún aldrei haft innsýn í veikindi sín.“

Sigríður man þennan dag skýrt. „Þegar pabbi reyndi að útskýra veikindi hennar fyrir mér öskraði ég og grét og sagði að hún væri ekki veik. Þetta eru flóknar tilfinningar: Ég vildi flytja til pabba, þar fann ég öryggi og leið vel og hann var rosalega góður við okkur. Á sama tíma var það þetta samviskubit yfir því að vera ekki að sjá um mömmu. Mér fannst ég eiga að passa hana – hún þurfti mig – pabbi þurfti mig ekki.“

Systkinin fóru saman í heimsókn til móður sinnar þar sem hún var nauðungarvistuð á geðdeild og voru eðlilega ekki undir það búin sem við þeim blasti.

„Hún var svo lyfjuð að hún gat ekki myndað orð. Ég varð þarna átta ára gömul fyrir gríðarlegu áfalli. Enginn fagaðili veitti þessu athygli, átti samtal við okkur eða stoppaði okkur í að fara inn á stofuna til hennar. Bara það að sjá foreldri sitt svona er hræðilegt – en svo vorum við bara send heim og sátum eftir með þetta áfall.“

**Nú verð ég að passa mömmu**

Það var þarna sem Sigríður upplifði að æsku sinni væri lokið. „Mér fannst allt í einu líf mitt rosalega alvarlegt og hugsaði sterkt: Nú verð ég að passa mömmu.“

Næsta árið fékk móðir hennar endurhæfingu á geðdeild og fór í að byggja líf sitt upp aftur. „Hún kemur svolítið til baka sem var yndislegt þó hún hafi alltaf verið veik.“

Sigríður minnist þess að hafa upplifað mikla ábyrgðartilfinningu gagnvart móður sinni. „Ég vil ekki segja að hún hafi valið mig úr systkinahópnum, kannski var það bara óvart en kannski vegna þess að ég er yngst, en hún tók mig alltaf svolítið fyrir enda gat hún sannfært mig. Ég gerði allt og trúði öllu sem hún sagði og ég held að hún hafi fundið það.“

Þegar þarna var komið var Sigríður níu ára og móðir hennar á batavegi svo hún varði miklum tíma hjá henni án þess að segja föður sínum.

„Við bjuggum í sama hverfi svo ég laug að ég væri að leika við vinkonur mínar en fór til mömmu. Hún var aftur orðin dagmamma svo ég þurfti að hjálpa henni. Skóli, vinir og áhugamál skiptu mig engu, mitt hlutverk var að passa mömmu.“

Sigríður bað ítrekað um að fá að flytja til móður sinnar og segir hana jafnframt hafa pressað mikið á hana.

„Hluti af hennar ranghugmyndum er um pabba. Að hann hafi beitt hana og okkur ofbeldi og að mörgu leyti upplifi ég að ég hafi farið með henni inn í ranghugmyndirnar, þetta var hálfgerður heilaþvottur.“

> **Ég mætti mjög lítið í skólann en þegar ég mætti var ég skömmuð af kennurum fyrir slæma mætingu og fyrir að læra ekki heima.**

**Varð dagmamma tólf ára**

Tólf ára hljóp Sigríður út eitt kvöldið til móður sinnar og sneri ekki aftur.

„Það var margt reynt til að fá mig til baka en á þessum tíma var það ekki hægt. Ég sagði pabba þó aldrei hversu veik mamma var enda vissi ég að þá yrði ég tekin frá henni.“

Það var á þessum tímapunkti sem veikindin urðu enn alvarlegri.

„Ég hafði séð hana mjög veika en aldrei svona veika. Ég segi það oft að ég hafi orðið dagmamma tólf ára enda hætti ég nánast alveg að mæta í skólann. Mamma hringdi mig inn veika og skólinn lét pabba aldrei vita. Eitt sinn labbaði ég inn heima þar sem hún lá á gólfinu og börnin, sem voru í kringum tíu talsins, voru bara ein að leika sér. Hún bara gat ekki meira svo ég ákvað að ég þyrfti að passa þessi börn. Þetta var lifibrauðið og hélt okkur í þessari íbúð svo ég varð að láta það ganga.“

Fljótlega fóru að berast kvartanir frá foreldrum og aðilar frá Leikskólum Reykjavíkur, sem þá héldu utan um starfsemi dagmæðra, fóru að mæta á heimilið reglulega til að taka út aðstæður.

„Það endaði með því að hún missti leyfið. Ég er auðvitað þakklát fyrir það en ég var þarna þegar þau komu í allar þessar heimsóknir. Þau vissu að ég væri dóttir hennar en veittu því enga athygli. Þau úrskurðuðu að hún gæti ekki séð um börn, en þarna var ég, barn – þegar ég átti að vera í skólanum – og þau athuga ekkert með mig! Þetta fólk fór með eftirlit með velferð barna og það bara gekk út. Ég hugsa bara: „Hvernig gerist þetta?“

**Ég vissi alltaf að hún elskaði mig**

Lífibrauð þeirra mæðgna hvarf og segir Sigríður mikla baráttu þá hafa tekið við.

„Ég fór í þetta missjón að bjarga henni og hún kom sér oft í hættulegar aðstæður og erfiðleika.“

Samband barns við foreldri með geðrænan vanda er eðli málsins samkvæmt flókið og segir Sigríður það hafa verið sér mikilvægt að aðgreina móður sína frá veikindum hennar.

„Hún gat verið mjög góð við mig og ég segi að það sé mamma mín.



Sigríður er verkefnastjóri hjá Geðhjálp og vinnur að úrræði fyrir börn sem í dag eru í svipaðri stöðu og hún upplifði.

### Okkar heimur

Okkar heimur er verkefni á vegum Geðhjálpar sem Sigríður stýrir. Var það sett á laggirnar í síðasta mánuði vegna skorts á stuðningi og fræðslu fyrir börn foreldra með geðrænan vanda og að því standa, ásamt Sigríði, Þórunn Edda Sigurjónsdóttir félagsráðgjafi og Hrafntinna Sverrisdóttir, listrænn stjórnandi.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Our Time, góðgerðarsamtök í Bretlandi sem eru þar leiðandi í starfi fyrir þennan hóp.

„Um er að ræða langtímastuðning enda eru nokkur skipti ekki að fara að hafa raunveruleg áhrif á líf þitt ef þú býrð við þessar aðstæður alla þína æsku,“ segir Sigríður. „Þetta er hugsað sem stuðningur sem fólk sækir á eigin forsendum og er beinagrindin sú að við hittumst í tvo og hálfan tíma einu sinni í mánuði, eins lengi og fólk vill og þarf.“

Börnin mæta með foreldrum ef hægt er en annars með ættingja – eða ef út í það er farið, ein. Hópnum er skipt í tvennt: Börn og fullorðna.

„Foreldrahópurinn byggir mikið á jafningjastuðningi og þar fá þau oft að tjá sig í fyrsta sinn sem foreldrar, en ekki bara sem sjúklingar. Börnin fara í leiklist þar sem listrænn stjórnandi stýrir þeim. Þau fá að tjá sig í hlutverkum enda oft svo mikil skömm sem fylgir aðstæðunum að þau vilja ekki segja hvernig þeim líður.“

Fyrsta fjölskyldusmiðjan er þegar farin af stað og segist Sigríður vonast til þess að geta í framhaldi opnað fleiri smiðjur og tekið á móti fleiri fjölskyldum.

„Aðgengið er gott og fjölskyldur geta sjálfar skráð sig – skráning þarf ekki að vera í gegnum fagaðila og er fjölskyldum að kostnaðarlausu. Við bjóðum einnig upp á akstursþjónustu til að auðvelda fjölskyldum að mæta.“

Jafnframt hefur verið opnuð vefsíðan okkarheimur.is þar sem finna má fræðsluefni fyrir börn foreldra með geðrænan vanda.

# UPPSELDUR




**Við þökkum kærlega góðar viðtökur**
**og sjáumst hress á komandi ári.**
**Jólaálfurinn.**



Sigríður segist una móður sinni að birta myndböndin en viðbrögð samfélagsins hafi valdið henni miklum vonbrigðum.

En þegar veikindin tóku yfir var hún mjög vond við mig og beitti mig og systkini mín mjög alvarlegu ofbeldi. Í grunninn er hún þó góð manneskja og ég vissi alltaf að hún elskaði mig," segir hún og bendir á að það hafi tekið hana tíma að leiðrétta hugsanavillur sem fylgi því að vera beittur ofbeldi af einhverjum sem elskar mann.

Aðalmarkmið Sigríðar var alltaf að bjarga móður sinni en eftir fimm ár ein inni á heimili með henni fékk hún loks áheyrn og móðir hennar lagðist inn á geðdeild.

„Þá veikist ég sjálf svo alvarlega að ég þarf að fara úr þessu umönnunarhlutverki," segir Sigríður en það var faðir hennar sem þá greip inn í og leitaði hjálpar fyrir dóttur sína. Það tók tíma en Sigríði tókst að ná tökum á átröskuninni og segir að um leið hafi margt breyst.

„Ég kynntist sálfræðingi sem fór að skoða hvað kom fyrir mig þegar ég var lítil, ég náði þannig stjórn á öðrum sviðum lífs míns og þurfti ekki lengur þetta bjargráð til að lifa."

Hluti af þeirri sjálfsvinnu og bata var að slíta tengslin við konuna sem hún hafði í öll þessi ár reynt að bjarga.

„Ég þurfti að spyrja mig hvort hún – sem hafði svo djúpstæð áhrif á æsku mína – ætti að að halda því áfram á mínum fullorðinsárum. Nú hefði ég valdið. Ég hafði ekkert vald sem barn."

*Í dag eru þá engin samskipti?*

„Nei, annars sæti ég ekki hér í dag heil á húfi. Ég þarf bara að vernda mig.

Auðvitað er þetta enn mamma mín og ég elska hana. Ég finn aftur á móti að ég er búin að gera allt og get ekki gert meira. Ég verð að einbeita mér að mínu lífi og ég veit að mamma mín, sem er þarna einhvers staðar innst inni myndi vilja það. Hún myndi vilja að ég ætti gott líf."

**YouTube-myndböndin áfall**

Stórt bakslag kom í alla sjálfsvinnuna fyrir nokkrum árum þegar móðir Sigríðar fór að birta heimagerð tónlistarmyndbönd á YouTube en líklega kannast fjölmargir lesendur við myndböndin sem víða hafa vakið kátínu. Sjálf setur Sigríður spurningarmerki við skilningsleysi þeirra sem dreifa myndböndunum í hæðnistón, á eðli geðrænna veikinda.

> **Þegar einhver birtir myndband af henni verð ég að mörgu leyti átta ára og finn djúpa skömm, trúi ekki að þetta sé mamma mín. En svo finn ég líka sterka verndartilfinningu, langar svo að passa hana og veit að ég get það ekki.**

„Ég býst við öllu af mömmu enda hafa aðstæðurnar sem hún hefur sett okkur í verið svo súrrealískar að það kemur mér í raun ekkert á óvart," segir Sigríður en það var henni mikið áfall þegar hún fyrst sá myndböndin í dreifingu.

„Kannski var ég enn að reyna að fela að hún væri veik – en þarna missti ég endanlega tökin á að passa hana. Myndböndin eru birtingarmynd veikinda hennar og það er rosalega sárt að þau séu fyrir allra augum. Á sama tíma er hún ekki að skaða neinn og þetta er það sem veitir henni ánægju. Ég er því ekki ósátt við hana heldur hvernig margir í samfélaginu hafa tekið á móti því, sem hefur verið sárt."

Sigríður segist margoft hafa verið í aðstæðum þar sem fólk hafi spilað myndbönd móður sinnar og gert grín að henni. Hún hafi þá staðið upp og sagt: „Afsakið! Þetta er mamma mín! Mér finnst ekkert fyndið við þetta!"

Vissulega hafi þá komið á fólk og það skammast sín.

„En að sama skapi segir það: „Já, það sést alveg að hún er veik." Ég spyr þá á móti: Ef það sést vel að hún sé veik, hvað er þá svona fyndið við þetta? Er samfélagið okkar þannig að við sitjum heima hjá okkur og spilum myndbönd af fólki með geðrænan vanda og hlæjum að því?"

Sigríður undrar sig á því að þetta sé oft sama fólkið og segist ekki vera með fordóma gagnvart fólki með geðrænan vanda.

„En þú verður að skoða gildi þín og viðhorf í lífinu áður en þú getur sagt það."

Hún bendir jafnframt á að hún hafi orðið vör við dreifingu myndbanda þar sem móðir hennar hafi verið fengin til að skemmta í einkasamkvæmum.

„Þetta eru oft landsþekktir karlar sem eru að hlæja að henni og birta af því myndbönd. Í mínum huga er þetta birtingarmynd fordóma gagnvart fólki með geðrænan vanda í bland við kvenfyrirlitningu."

Vinsældum myndbandanna hefur svo öðru hvoru fylgt fjölmiðlaumfjöllun.

„Þá hefur hún stundum tekið fyrir fortíðina og það hefur verið litað þessum ranghugmyndum þar sem hún hefur talað mikið um pabba og okkur systkinin. Það sem hefur stungið mig eru athugasemdirnar við fréttirnar þar sem fólk hefur ásakað okkur fyrir að hafa yfirgefið hana. En ef fjögur börn hafa lokað á móður sína er yfirleitt eitthvað hrikalegt búið að ganga á – eitthvað sem maður á ekkert að tjá sig um á samfélagsmiðlum," segir hún ákveðin.

**Skömm og verndartilfinning**

Aðspurð segir Sigríður samband þeirra systkina sterkt, þau séu heild sem styðji við hvert annað. „Þegar mamma fer í fjölmiðla og segir eitthvað hræðilegt um okkur, hringjum við í hvert annað, enda enginn sem skilur þetta raunverulega nema við. Það er ekki hægt að fara í einhverja fræðigrein og leita að því hvað maður gerir þegar mamma manns fer að gefa út YouTube-myndbönd," segir Sigríður og hlær.

„Það er erfitt að setja sig í þessa stöðu. Þegar einhver birtir myndband af henni verð ég að mörgu leyti átta ára og finn djúpa skömm, trúi ekki að þetta sé mamma mín. En svo finn ég líka sterka verndartilfinningu, langar svo að passa hana og veit að ég get það ekki. Svo finn ég fyrir reiði og rosalegri sorg yfir að líf hennar hafi farið svona, að líf okkar hafi farið svona."

Sigríður segist hafa farið í gegnum hálfgert sorgarferli og kvatt móður sína í huganum þegar hún lokaði á samskiptin og það hafi verið bæði nauðsynlegt og hollt.

„Ég þurfti líka bara að hugsa það þannig að ég fékk kannski ekki móðurina sem ég þurfti í æsku og að mörgu leyti er það auðvitað ósanngjarnt. En á sama tíma hugsa ég: Þvílík reynsla! Það eru nefnilega fjölmargir styrkleikar sem mótast í þessum aðstæðum og þaðan sæki ég þrautseigju og kraft sem kemur mér áfram í dag. Ég finn að það þarf að nýta þessa reynslu.

**Getum gert miklu betur**

Ég verð að trúa því að allir hafi gert sitt besta og er ekki reið út í neinn. En gerum betur – við getum gert miklu betur. Ég er ekki einhver undantekning, það eru svo mörg börn sem eiga veika foreldra og hafa ekki fengið neinn stuðning.

Alþjóðlegar rannsóknir segja að eitt af hverjum fimm börnum eigi foreldra með geðrænan vanda, hugsaðu þér hvað þetta eru mörg börn!" segir Sigríður og bendir á að rannsóknir hafi jafnframt sýnt að það séu þrjú lykilatriði sem börn foreldra með geðrænan vanda þurfi á að halda. „Það eru útskýringar á vanda foreldris, það að upplifa sig ekki ein og að hafa einhvern fullorðinn í kringum þau sem þau geta treyst. Þetta eru þrír verndandi þættir sem geta haft rosaleg áhrif á líf þeirra."

Sjálf á Sigríður ekki börn og aðspurð hvort það sé á stefnuskránni svarar hún í léttum tón: „Þetta hefur oft verið tekið fyrir í sálfræðitímum," og bætir svo við: „Ég hef kynnst mörgum fullorðnum konum sem hafa átt móður með geðrænan vanda og það er mikill samnefnari að þær óttast að verða eins og mamma sín. Ég hræðist mest að fá geðrofssjúkdóm en í raun væri það komið fram fyrir þrítugt. Svo ég lít svo á að ég sé sloppin, orðin 31 árs."

Systkini Sigríðar eiga öll börn. „Það hefur gengið rosalega vel og þau hafa öll búið sér til yndislegt líf. Það er gott að vita að sagan endar vel fyrir okkur," segir hún að lokum. ■

Kósýkvöld með Eyfa

RISTORANTE
Caruso
AUSTURSTRÆTI 22
2. 9. 19. desember
Ljúf tónlist
yfir ljúffengum mat
Borðapantanir í síma 5627335
caruso@caruso.is




VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS Laugavegur 37 Hólmaslóð 2 / Grandi

**WWW.FARMERSMARKET.IS**

# Áratugum of snemma á hjúkrunarheimili



Helena Rós Sturludóttir
helenaros
@frettabladid.is

**Eftir margra mánaða heimilisleysi vegna úrræðaleysis sveitarfélaga og ríkis, fékk Margrét Sigríður Guðmundsdóttir, 59 ára, loksins framtíðarheimili – á hjúkrunarheimili. Hún segist hafa þakkað fyrir að komast í varanlegt húsnæði, en óskar engum ungum einstaklingi að búa á hjúkrunarheimili.**

Margrét Sigríður Guðmundsdóttir er eins og fyrr segir 59 ára og hefur búið á hjúkrunarheimili í ár, gegn sínum vilja. Hún greindist með taugasjúkdóminn MS árið 2012 og þarf nú að reiða sig á umönnun annarra í daglegu lífi.

„Ég hefði kosið að vera heima hjá mér eða í úrræði úti í bæ, ekki á svona stofnun,“ segir Margrét og telur mjög ólíklegt að einstaklingar í svipuðum sporum velji sjálfir að búa á hjúkrunarheimili.

**Þurfi framtíðarlausn**

Fréttablaðið greindi frá því í gær að vaxandi fjöldi ungra fatlaðra einstaklinga byggi á hjúkrunarheimilum, sumir, eins og Margrét, gegn vilja sínum. Ríki og sveitarfélög benda hvert á annað þegar kemur að þjónustu þessa hóps.

Á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni búa nú 144 fatlaðir einstaklingar, undir 67 ára, á hjúkrunarheimilum. María Fjóla Harðardóttir, varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og forstjóri Hrafnistu, segir stjórnendur hjúkrunarheimila margoft hafa rætt þessi mál við heilbrigðisráðuneytið og alvarlegar athugasemdir hafi verið gerðar.

Hún bendir á að þjónusta hjúkrunarheimila sé sniðin að öldruðum og að hjúkrun ungra einstaklinga sé oft flóknari, bæði líkamlega og andlega, það geti reynt á starfsmannahóp hjúkrunarheimila sem sé að stórum hluta ekki með faglega menntun.

María Fjóla segir meðaldvalartíma eldri einstaklinga í hjúkrunarrými um tvö til þrjú ár. Yngri einstaklingar séu líklegri til að dvelja um áratugaskeið.

Þá virki kerfið þannig að við komuna á hjúkrunarheimili greiði ríkið daggjöld þangað en hætti að borga allt annað fyrir einstaklingana eins og ýmis hjálpartæki, næga sjúkraþjálfun, liðveislu og fleira. Að sögn Maríu Fjólu duga daggjöldin skammt fyrir öllum þeim sérþörfum sem yngra fólkið kunni að hafa. Hún telur mikilvægt að unga fólkið fái að halda í ákveðin réttindi, þó það fari á hjúkrunarheimili.

María Fjóla segir að ef hjúkrunarheimili eigi að vera framtíðarlausn fyrir ungt fólk þurfi að búa til sér úrræði fyrir þann hóp, deildir eða búsetukjarna.

**Áratugum of snemma**

Á meðan Margrét lá á spítala í janúar í fyrra tóku Kópavogsbær, þáverandi eiginmaður Margrétar og spítalinn þá ákvörðun að hún færi á hjúkrunarheimili. Hún segist sjálf ekki hafa haft neitt um málið að segja.

Á meðan Margrét beið eftir plássi dvaldi hún á spítala í sjö mánuði og í hvíldarinnlögn á Droplaugarstöðum þess á milli í rúma fjóra mánuði. Í tæpt ár átti hún ekkert heimili og engan langtíma dvalarstað. „Ég átti hvergi heima á tímabili og ég var orðin úrkula vonar.“

Þegar Margréti bauðst loks pláss þakkaði hún fyrir að vera komin í varanlegt húsnæði eftir alla biðina og óvissuna. „Svo þegar maður er kominn þá renna á mann tvær grímur. Þá sér maður að þetta er ekki staður sem ég er til í að eyða næstu 20 til 30 árum á.



Margrét Sigríður er 59 ára og hefur búið á hjúkrunarheimili í eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON



Bergþóra berst einnig við MS-sjúkdóminn og óttast að enda á hjúkrunarheimili. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það er ekkert skrýtið að makinn gefist upp. Ég hef alveg fullan skilning á því.**
>
> Margrét Sigríður

**Sjálfstæðið farið**

Á hjúkrunarheimilinu fær Margrét alla nauðsynlega grunnumönnun. Annari þjónustu sem er mjög mikilvæg fyrir hana, eins og sjúkraþjálfun og félagsstarfi, er mjög ábótavant. Á meðan Margrét fær ekki viðeigandi sjúkraþjálfun, fer líkamlegri heilsu hennar hratt hrakandi.

Athafnir sem flestir telja sjálfsagðar líkt og bað eða sturta nokkrum sinnum í viku er ekki raunveruleiki Margrétar. Hún fær bað einu sinni í viku og hárþvott tvisvar sinnum í viku, en ekki um helgar. „Ég er lærð hágreiðslukona og mín reisn í lífinu er að vera með almennilegt hár en það er ekki hlustað á það.“

Frá árinu 2013 hafði Margrét farið í sjúkraþjálfun þrisvar í viku og sund einu sinni í viku. Þá var hún á dagdeild í MS-setrinu, umvafin félagsskap einstaklinga í svipuðum sporum og hún. Við komuna á hjúkrunarheimili missti hún hins vegar öll þessi réttindi og fleiri.

Svörin eru skýr, ríkið borgar ekki fyrir einstaklinga á tveimur stöðum, segir Margrét. Þá sé hún ekki lengur skráð öryrki og fái ekki lengur viðeigandi hjálpartæki frá ríkinu, þar sem hjúkrunarheimilið á að standa straum af þeim kostnaði. „En þau eru ekki með neitt fjármagn til þess. Þetta eru svo dýr hjálpartæki fyrir fólk í minni stöðu,“ segir Margrét.

„Þó að maður þurfi umönnun og alls konar þá þarf ekki að taka af manni sjálfstæðið, maður er gjörsamlega negldur niður,“ segir Margrét.

**Skelfist tilhugsunina**

Margrét er ein í ágætu herbergi á hjúkrunarheimilinu. „Ég er náttúrlega þannig að ég er búin að gera þetta mjög huggulegt hjá mér, þótt



ég segi sjálf frá.“ Hún er búin að útbúa lítið kaffihorn og gera þetta að sínu. Hjúkrunarheimilið sjálft er nýlegt og fínt en á sama tíma frekar kalt, engar myndir á veggjum og ljósin alltaf „upptjúnuð.“

„Tónlistin er í botni og fréttirnar hækkaðar upp úr öllu valdi, því það heyrir enginn neitt.“

Ég á engan veginn heima hér, segir Margrét. „Þetta er mjög flott fyrir þennan hóp sem á heima hérna en þetta passar ekki mér og mínum, það er bara þannig.“

Bergþóra Bergsdóttir, 58 ára, er vinkona Margrétar og einnig með MS-sjúkdóminn. Hún býr í Garðabæ og nýtur NPA-þjónustu í tólf klukkustundir á dag. „Það eru ekki allir jafn heppnir og ég, þó lög geri ráð fyrir að það úrræði standi öllum þeim til boða er það kjósa. NPA hentar þó ekki öllum.“

Bergþóra hræðist tilhugsunina um að hugsanlega þurfa að vera í sömu sporum og vinkona hennar einn daginn. Eftir að Margrét flutti inn á hjúkrunarheimili hefur Bergþóra farið í heimsókn. Hún segir herbergi Margrétar hlýlegt og fallegt, „eins og við var að búast.“ Herbergið sé þó tiltölulega lítið miðað við allan þann hjálpartækjabúnað sem þær þurfi.

„Ég leit í kringum og mig og mátaði mig inn í rýmið. Ég setti mig í spor Margrétar og það þyrmdi yfir mig, ég myndi kafna í þessum þrengslum. Það herti að mér – ég fékk innilokunarkennd,“ segir Bergþóra og bendir á að hún hafi ekki látið á neinu bera við vinkonu sína sem var þarna nýflutt inn.

„Ég óskaði Margréti til hamingju með nýja heimilið, hrósaði henni fyrir hvað hún hafði gert allt huggulegt – og brosti til hennar. En í hjarta mínu grét ég fyrir hönd okkar beggja og annarra í okkar stöðu.“

**Sér ekki leið út**

Margrét segist eyða flestum stundum inni í herbergi og sé mikið ein. Kórónaveirufaraldurinn hafi ekki bætt úr skák en takmarkanir hafa verið á heimsóknum á hjúkrunarheimilið.

„Guði sé lof fyrir tæknina,“ segir Margrét og hlær, en hún er með tölvu sem hún stýrir með augunum og þannig talar hún við barnabarnið. „Þetta er svolítið glötuð staða að vera í og manni finnst þetta ósanngjarnt.“

Spurð hvernig framtíðin blasi við Margréti segist hún ekki þora að hugsa það til enda. „Meðan ég fæ ekki sjúkraþjálfun, versnar mér,“ segir hún og það kemur hik. Það er ljóst að tilhugsunin ein og sér fær verulega á hana.

Spurð hvort hún sjái einhverja leið út af hjúkrunarheimilinu segir hún svo ekki vera. Margrét segist ekki geta keypt íbúð og hafi ekki efni á leigu, þá þurfi hún sólarhringsþjónustu sem Kópavogsbær hafi synjað henni um.

Áður en Margrét fór á hjúkrunarheimili sá fyrrverandi eiginmaður hennar um hana að mestu leyti á móti Kópavogsbæ. Það hafi endað með því að hann fór. „Kópavogsbær sá um 20 prósent og hann um 80 prósent af mánuðinum ef maður setur þetta í hlutföll. Það er ekkert skrýtið að makinn gefist upp. Ég hef alveg fullan skilning á því,“ segir Margrét.

„Manni finnst alveg nóg að vera að berjast við sjúkdóminn og þessa fötlun, en að maður þurfi ekki líka að vera að berjast við kerfið og allt sem því tilheyrir.“

**Óskýrt hlutverk stjórnvalda**

Þegar Fréttablaðið leitaði svara hjá Kópavogsbæ vegna málsins fengust þau svör að ekki væri hægt að tjá sig um einstaka mál. Hins vegar hafi Kópavogsbær lýst yfir áhuga á því að komið verði til móts við fólk yngra en 67 ára sem er með umfangsmiklar þjónustuþarfir vegna færniskerðingar, sem stafar af veikindum eða slysum.

„Að frumkvæði bæjarins hefur verið fundað með heilbrigðisráðuneytinu og hagsmunasamtökum, ÖBÍ og Þroskahjálp, um málið, og kom fram á fundum í mars og apríl að heilbrigðisráðuneytið tók jákvætt í tillögur bæjarins.“

Þá hafi komið í ljós flækjustig vegna laga og reglugerða, vinna þurfi að samningagerð sveitarfélaga þannig að hlutverk ríkis og sveitarfélaga séu skýr.

„Niðurstaðan varð sú að heilbrigðisráðherra fól sérfræðingi að hafa forgöngu um að mynda starfshóp til að vinna að nauðsynlegum breytingum á núverandi regluverki og öðrum þáttum sem þarf að breyta til að setja verkefnið á laggirnar.“ ■



# Dagskrá í Skútuvogi

Opið til **kl. 20** alla daga til jóla í Skútuvogi




## Jólalandið
er á sínum stað í Blómavali

## Jólasveinar mæta á svæðið
Laugardagur 14-15
Sunnudagur 13-14

## Frostpinnar fyrir alla
kl. 12-16 alla helgina



26%

**Jólastjarna**
Fersk og falleg.
10327510

**1.990kr**
~~2.690kr~~



23%

**Amaryllis**
Glæsileg lauk-planta sem sómir sér vel um jólin.

**2.290kr**
~~2.990kr~~



**Hýasinta**

**599kr**



BLACK+DECKER

**Rafmagns-verkfæri B+D**
**25% afsláttur**



33%

FROST

**Aðventuljós**
7 arma, hvítt eða svart. 14500401/3

**1.990kr**
~~2.990kr~~



23%

FROST

**Gluggaljós**
50 ljósa, rautt. 38 cm.
2703039

**2.290kr**
~~2.990kr~~



26 cm

FROST

**Ljósahringur**
LED, 26 cm, 100 LED, einnig til 43 cm.
14500410

**6.990kr**

SAMSUNG

**Snjallsjónvarp, 65"**
UE65AU7172UXXH
4K Ultra HD upplausn (3840x2160), Crystal 4K, Wi-Fi og Bluetooth, USB.
1860806

**149.990kr**
~~187.990kr~~

**Snjallsjónvarp, 75"**
1860806

**194.990kr**
~~269.990kr~~




## Gervijólatré
Síðasta sending fyrir jól



**Lifandi jólatré komin**
Normansþinur, Stafafura og Rauðgreni



33%

BEKA

**Pönnusett**
Chef, 2 stk. 2006531

**13.333kr**
~~19.900kr~~



20%

LG

**Örbylgjuofn**
Kolalaus með grilli o.fl. 1860506

**27.990kr**
~~34.990kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

# JÓLIN FYRIR ÞIG



# Styttist í jólin



Allar jólastyttur

**25%**
**afsláttur**



Öll hreindýr

**25%**
**afsláttur**



Allir Jólasveinar

**25%**
**afsláttur**



Allt skraut á jólatré

**25%**
**afsláttur**

# Þú setur sorgina ekkert á skala

**Arnar Jón Guðmundsson er tvítugur nemi í bifvélavirkjun. Hann er jafnframt sjálfboðaliði hjá Erninum, minningar- og styrktarsjóði sem býður upp á samveru fyrir börn sem upplifað hafa sorg. Hana þekkir Arnar Jón sannarlega af eigin raun en 16 ára hafði hann misst báða foreldra sína.**



Arnar Jón var aðeins 16 ára þegar hann hafði misst báða foreldra sína og tveimur árum síðar farinn að halda heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Við Arnar mæltum okkur mót árla dags, áður en hann mætti í Borgarholtsskóla þar sem hann leggur stund á bifvélavirkjun meðfram stúdentsprófi. „Það er fullt af góðum hlutum að gerast hjá mér í dag þrátt fyrir það sem ég hef gengið í gegnum,“ segir hann einlægur.

Arnar var aðeins 14 ára þegar móðir hans lést eftir baráttu við brjóstakrabbamein, ári síðar greindist faðir hans með krabbamein í brisi og lést rúmu ári eftir það. Arnar stóð því uppi foreldralaus tæplega 16 ára gamall og flutti ásamt yngri systur til föðursystur þeirra og fjölskyldu hennar.

„Ég kynntist Erninum árið 2018 og fór í fyrstu ferðina með þeim í Vindáshlíð,“ segir Arnar, en Örninn stendur árlega fyrir slíkum ferðum til að styðja börn í sorg og tengja þau sín á milli. „Ég ákvað strax að ég skyldi opna á samtal við strákana og fann undir eins tengingu, enda við allir með sömu sorg,“ rifjar hann upp og segir tvo þeirra mjög nána vini sína í dag.

Arnar segist í dag eiga auðvelt með að ræða foreldramissinn en á þessum tíma hafi það oft reynst erfitt, enda hafi hann verið feiminn. „Í dag finnst mér gott að fólk viti.“

### Sorgin oft mishöndluð

Arnar var 17 ára og næstelstur þegar hann fór í þessa fyrstu ferð, hann vildi þó halda áfram og var boðið að gerast sjálfboðaliði sem hann þáði og nýtur þess í dag.

„Ég hef lagt mig fram við að kynna mér sorgina sem mér finnst oft mishöndluð hjá sálfræðingum og geðlæknum. Eftir að pabbi dó sökk ég mjög djúpt. Frænka mín fór þá með mig til geðlæknis sem greindi mig með þunglyndi og ávísaði þunglyndislyfjum. Ég er alls ekki þunglyndur heldur mjög lífsglaður ungur maður. Þetta var bara sorgin,“ segir Arnar, og bætir við að lyfin hafi einfaldlega aukið á vanlíðanina og hann hafi fljótlega hætt á þeim.

„Það eru allar tilfinningar í flórunni sorg og þær eiga allar rétt á sér. Þær geta komið allar á sama tíma eða öðru hvoru. Þetta er svo mikið áfall, ég get enn ekki útskýrt kvöldið sem mamma dó,“ segir Arnar um leið og tárin spretta fram.

„Við vorum í nýárspartíi hjá frænku minni þegar pabbi, sem hafði verið uppi á spítala hjá mömmu, kom og sagði okkur að hún væri látin. Áfallið var svo mikið að ég á enn erfitt með að tala um það,“ segir hann og þurrkar tárin.

### Gat ekki hætt að gráta

Móðir Arnars, Sif, lést á nýársdag árið 2015. Hún hafði greinst með brjóstakrabbamein árið 2007 og sigrast á því. Fyrir jólin 2012 tók það sig þó aftur upp og hafði þá dreift sér þannig að ekkert var hægt að gera.

Arnar rifjar upp síðustu jólin með móður sinni. „Hún var rúmliggjandi og kom ekki fram allan nóvember og desember nema rétt aðeins á jóladag. Hún neitaði að leggjast inn á spítala og var heima eins lengi og hún gat.“

Fyrstu tvær vikurnar eftir móðurmissinn segir Arnar hafa verið nánast óbærilegar. „Ég gat ekki hætt að gráta og hafði enga stjórn á tilfinningum mínum.“

### Þú ert ekki að fara líka

Faðir Arnars, Guðmundur, greindist ári síðar með krabbamein í brisi og voru ekki gefnar miklar lífslíkur. Arnar man vel eftir augnablikinu þegar læknirinn færði honum fréttirnar.

„Ég sagði strax: „Þú ert ekki að fara líka!“ Ég ætlaði ekki að sætta mig við það að missa pabba líka. En ég var duglegur að kynna mér sjúkdóminn og því meira sem ég vissi, því betur áttaði ég mig á því hversu alvarleg staðan væri.“

Baráttan stóð því miður stutt og Arnar var einungis 16 ára þegar faðir hans féll frá og þau systkinin stóðu uppi foreldralaus. Þau fluttu til föðursystur sinnar og fjölskyldu í Kópavoginum, en áður höfðu þau búið með foreldrum sínum í Árbænum.

„Ég gat þó ekki tekið með mér köttinn sem ég hafði fengið þegar mamma lést og það var enn eitt áfallið,“ segir hann einlægur.

### Þurfti að kveðja gamla lífið sitt

„Ég bjóst aldrei við að ég myndi líka missa pabba, en hann hafði verið haldreipið mitt. Ég þurfti á sama tíma að kveðja gamla lífið mitt, húsið í Árbænum þar sem ég var með köttinn minn.“ Vinirnir voru líka í Árbænum en Arnar kynntist fáum í Kópavogi. En þó það hafi reynst Arnari erfitt að flytja inn á nýja fjölskyldu er hann þakklátur frænku sinni fyrir að opna heimili sitt fyrir þeim systkinum.

„Það eru ekki margir sem hefðu tekið við tveimur auka börnum með tvö börn fyrir, heimili og vinnu.“

Arnar notaði arfinn í að kaupa sér íbúð og keypti hann sér hana á heimaslóðunum, í Árbænum. Um leið og hann varð 18 ára flutti hann inn ásamt Röggu, kærustunni sem hann kynntist í 10. bekk, og kettinum sem gat ekki flutt með honum á sínum tíma.

### Kærastan mikill stuðningur

„Það hefur haldið mér gangandi að hafa svona sterkan aðila eins og Röggu við hlið mér. Hún er ómetanlegur stuðningur og mamma hennar líka. Ég lít í raun á tengdó sem auka móður.“

Arnar segir einn fylgifisk svo mikils missis og sorgarinnar sem fylgir, vera að hann eigi það til að grípa fast í fólkið í kringum sig. „Vinir mínir eru mér allt,“ segir hann og lýsir því hvernig kveðjustundir hafi lengi vel valdið honum kvíða. „Ég óttaðist alltaf að mögulega væri ég að kveðja í síðasta skipti.“

Arnar var eins og fyrr segir aðeins 14 ára gamall þegar hann missti móður sína og segir þessa miklu sorg og viðbrögð jafnaldra sinna hafa gert það að verkum að hann einangraðist.

„Ég held að allir hafi haldið að ég vildi vera látinn vera – en ég tók því þannig að enginn vildi tala við mig. Einn og einn spurði hvernig ég hefði það. En mér leið fyrst eins og ég væri mjög spes með þessa upplifun.“ »

”

**Ég er alls ekki þunglyndur heldur mjög lífsglaður ungur maður. Þetta var bara sorgin.**

# Bókaðu gleðileg jól




**Sextíu kíló af kjaftshöggum**
Sjálfstætt framhald verðlaunaskáldsögunnar *Sextíu kíló af sólskini*. Sagan hefst í Segulfirði, árið 1906. Áfram vindur furðuríku ferðalagi Íslendinga út úr myrkum torfgöngum inn í raflýstar stofur. Lesandinn er hrifinn með í dans á síldarpalli, í ólgandi takti sem dunar í huganum.

4.759 kr.




**Sigurverkið**
Íslenskur úrsmiður situr í höll Danakonungs og gerir upp forna glæsiklukku. Kvöld eitt rekst sjálfur einvaldurinn, Kristján sjöundi, inn til hans. Þeir taka tal saman og svo fer að úrsmiðurinn rekur fyrir hátigninni dapurlega sögu föður síns og fóstru.

4.899 kr.




**Þín eigin ráðgáta**
*Þín eigin ráðgáta* er öðruvísi en aðrar bækur. Hér ert þú söguhetjan og stjórnar ferðinni. Einn daginn vaknarðu og ekkert er eins og áður. Allir símar eru ónýtir. Samfélagsmiðlar eru hættir að virka. Tölvuleikir hafa þurrkast út. Hvað í ósköpunum gerðist?

3.599 kr.




**Lára bakar**
**Lára lærir á hljóðfæri**
Nýjustu bækurnar í bókaflokki Birgittu Haukdal um kláru hnátuna Láru og knáa bangsann hennar Ljónsa, sem lifnar við og er hennar tryggasti félagi.

Nú kemur Lára fjölsyldunni á óvart með því að útbúa spari-morgunmat og síðan lærir hún líka að spila á hljóðfæri.

1.399 kr.




**Rætur – Á æskuslóðum minninga og mótunar**
*Rætur* birtir nýjar hliðar á forseta sem flestir telja sig þekkja vel. Meitluð mynd, sannfærandi, hreinskilin og opinská. Hér leitar Ólafur Ragnar Grímsson upprunans og svara við fjölmörgum spurningum. Óvænt bók sem lengi verður lesin.

4.899 kr.




**Náhvít jörð**
Á hvítum vetrarmorgni finnst yfirgefinn flutningagámur í Rauðhólum við Reykjavík. Þegar hann er opnaður blasir hryllingurinn við: fimm lífvana konur sem augljóslega hafa verið fluttar í þessum gámi yfir hafið. Hvernig getur svona lagað gerst og hverjir standa að baki þessari óhæfu?

4.999 kr.




**Merking**
Skáldsagan *Merking* er margradda verk sem fjallar um afstöðu og pólariseringu, fordóma og samkennd. Þjóðin er klofin í afstöðu sinni til samkenndarprófsins, byltingarkenndrar tækni sem spáð getur fyrir um andfélagslega hegðun; annar helmingurinn vill öruggara samfélag, hinn vill réttlátt samfélag.

4.999 kr.




**Verum ástfangin af lífinu**
Bók fyrir ungt fólk, stútfull af hvatningu og ráðum til að verða sinnar eigin gæfu smiður – meðal annars er fjallað um samskipti við vini og fjölskyldu, mikilvægi hreyfingar, töfra markmiðasetningar, hvernig á að rækta hæfileika sína, baráttuna við kvíða og hvernig ÞÚ getur orðið betri manneskja.

3.799 kr.




**Bærinn brennur**
Árið 1828 myrti Friðrik bóndasonur í Katadal nágranna sinn, bóndann og lækninn Natan Ketilsson á Illugastöðum í Húnavatnssýslu. Ráðskona Natans, Sigríður, og vinnukona hans, Agnes, lögðu á ráðin með Friðriki. Nákvæmar yfirheyrslur eru hér raktar en þær varpa nýju ljósi á málið.

4.899 kr.




**Borð fyrir einn**
Að elda fyrir einn – girnilegan, hollan, einfaldan og bragðgóðan mat af öllu tagi – þarf ekki að þýða eilífa afganga og sama matinn marga daga í röð. Það er ekkert mál að elda litla skammta. Sífellt fleiri búa einir og þurfa á því að halda.

4.999 kr.




## 30% appsláttur

Í dag er „appsláttur“ af öllum bókum í verslunum Samkaupa: Nettó, Iceland, Kjörbúðinni og Krambúðinni.

*Ef þú greiðir með Samkaupa-appinu færðu 30% af andvirði bókanna sem inneign.*


nettó
**Lægra verð – léttari innkaup**

# Jólin & Sæta Svínið

11:30-14:30

## JólaLUNCH

FIMM JÓLALEGIR RÉTTIR

**FORRÉTTIR**
Nauta carpaccio
Flatkökur meistarans

**AÐALRÉTTIR**
Andabringa
Nautalund

**EFTIRRÉTTUR**
Súkkulaðikaka „Nemisis“

5.900 kr.






FRÁ KL. 17

## JólaSEÐILL

ÁTTA JÓLALEGIR RÉTTIR

**FORRÉTTIR**
Nauta carpaccio
Lambatartar
Flatkökur meistarans
Pönnusteikt humarspjót

**AÐALRÉTTIR**
Andabringa
Nautalund

**EFTIRRÉTTIR**
Súkkulaðikaka „Nemisis“
Jólaskyr

8.900 kr.



Borðapantanir
á saetasvinid.is






Arnar segir sorgina ekki eins sára núna en hún fari þó ekki neitt og það sé í raun allt í lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég sagði strax: „Þú ert ekki að fara líka!“ Ég ætlaði ekki að sætta mig við það að missa pabba líka.

» Börn og unglingar vita mörg eðlilega ekki hvernig á að bregðast við svona aðstæðum. En þegar fór að líða á skólagönguna varð Arnar alltaf meiri og meiri hluti af hópnum.

Í kjölfar missisins gekk Arnar til sálfræðinga og segir einn þeirra hafa náð til sín. „Hún heitir Kristín og starfaði hjá Ljósinu. Hún er frábær og hjálpaði mér óendanlega mikið og Ljósið líka.“

**Rosalega gott að gráta**

Það er augljóst að það tekur á Arnar að rifja upp reynslu sína við ókunnugan blaðamann og lái honum hver sem vill. Hann segir skýringuna þó liggja í því að hann hafi ekki fundið þörf fyrir að ræða missinn í svolítinn tíma og því taki það meira á núna.

„Mér finnst ég þó ekki vera minni maður fyrir að tala um að vera leiður. Mér finnst ég vera að vinna úr þessu á jákvæðan hátt og að sorgin sé ekki lengur þessi sára stunga í bakið. Þú lærir að lifa með sorginni, rétt eins og ef þú missir putta lærirðu að lifa með því. En hún fer ekkert og ég held ég muni alltaf upplifa þessar tilfinningar sem mér finnst í rauninni bara vera allt í lagi. Mér finnst rosalega gott að gráta, mér líður alltaf betur eftir á. Að leyfa tilfinningunum að koma og reyna að skilja þær.“

Arnar segist hafa upplifað allar mögulegar tilfinningar tengdar sorginni en sveiflurnar séu erfiðastar, rússíbaninn sem fer af stað án nokkurrar viðvörunar.

„Ég er mjög sáttur við að hafa ekki leiðst út í hörð eiturlyf. Ég veit ekki hvernig þessi rússíbani hefði þá litið út en líklega hefði það endað mjög illa.

Hann viðurkennir þó að hafa byrjað að stelast í áfengi en það hafi verið skammgóður vermir gegn vanlíðaninni innra. „Ég var að reyna að ná líðaninni aðeins upp sem dugði í smástund, en svo vaknaði vanlíðan sem hreinlega leiddi út í sjálfshatur.“

> Mér finnst ég vera að vinna úr þessu á jákvæðan hátt og að sorgin sé ekki lengur þessi sára stunga í bakið.

*En ætli hann hafi ekki upplifað reiði yfir örlögum sínum?*

„Reiði? Jú, guð minn góður,“ svarar hann hlæjandi.

„Nú í dag er það eðlileg reiði út í samfélagið sem mér finnst oft ósanngjarnt. En það er ákveðinn pakki að verða allt í einu einn á báti með greiðslur reikninga og svo framvegis,“ segir Arnar og lýsir því hvernig hann hafi þurft að fullorðnast hratt og því hafi fylgt ákveðinn kvíði.

**Elskar lífið í dag**

Í dag er líf Arnars komið í ákveðið jafnvægi og hann segist njóta þess.

„Ég elska lífið. Ég veit ekki hvernig ég væri ef ég hefði ekki upplifað þetta allt en að einhverju leyti finnst mér eins og maður nýti tímann sinn betur.“

Hann segist þó hafa lært að óttinn sé til einskis. „Það sem gerist, gerist. Ég var greindur með ofsakvíða og get enn fengið kvíðaköst og sorgin triggerar þau. En ég næ að stjórna þeim í dag og þau koma sjaldnar.“

„En sorgin er bara úti um allt. Ég hef oft ætlað að fara að gera eitthvað félagslegt en síðan tekur sorgin yfir svo ég treysti mér ekki."

Það er augljóst á spjalli við Arnar að tengingin milli hans og foreldra hans var sterk. „Þau voru aktíf, fóru mikið með okkur í bústaðarferðir og drógu mig oft út í göngutúra, sund eða í fótbolta þegar veður leyfði. Ég gat rætt allt við þau og treysti þeim fyrir öllu.“

Kirkjugarðurinn þar sem þau hvíla er við hlið skóla Arnars og eru heimsóknir hans að leiðunum tíðar.

„Þegar ég finn fyrir pínu sorg rölti ég þangað og finnst það heilandi.“

**Félagsskapurinn veitir styrk**

Félagsskapurinn við aðra með svipaða lífsreynslu segir hann veita mikinn styrk.

„Ég væri ekki jafn sterkur í dag ef ekki væri fyrir Örninn,“ segir hann og bætir við að nú sé það draumur hans að koma á öðru eins félagsneti fyrir fólk upp úr tvítugu.

„Krakkarnir koma mikið betur út og ég sé mun á líðan þeirra eftir svona helgarferð með Erninum. Þú getur sagt eiginlega allt í þessum hóp, það er enginn með leiðindi, það er ekki hægt. Það er allt gott.“

„Ef ég heyri að einhver vilji tala er ég alltaf tilbúinn,“ segir hann og lýsir traustinu sem ríkir í samtali hans og vina hans. „Það eru ekki allir að glíma við slíka sorg en allir eru að glíma við tilfinningar. Ég hef misst báða foreldra en það þýðir ekkert að ég hafi átt erfiðara líf en þú. Gæi sem missir afa sinn getur alveg upplifað sömu sorg. Þú setur sorgina ekkert á skala.“

Arnar horfir björtum augum fram á veginn.

„Ég er í lagi – ég sem er búinn að fara í gegnum tíma þar sem ég bara grét og langaði ekki að lifa. Ég er búinn með sorgarkúrfuna í bili, jafnvel þótt hún mun alltaf fylgja mér.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 4. desember 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Margrét Eir syngur jólalög og Eva Rún og Hildur lesa úr bókum sínum á Borgarbókasafninu á morgun.
MYND/BORGARBOKASAFN.IS

## Jólagleði á Borgarbókasafni

oddurfreyr@frettabladid.is

Núna um helgina, dagana 4. og 5. desember, verður mikil jólastemning í Borgarbókasafninu, en þá ætlar Margrét Eir að syngja jólalög og rithöfundarnir Þórarinn Eldjárn, Eva Rún Snorradóttir og Hildur Knútsdóttir lesa úr bókum sínum. Auk þess verður föndurstund fyrir alla fjölskylduna.

Dagskráin er ókeypis og fer fram í Borgarbókasafninu í Grófinni á morgun og í Árbæ á sunnudag, en hún verður milli klukkan 13.30 og 15.30 báða daga.

**Jólatónar og jólaföndur**

Í Grófinni ætlar Hildur að byrja og lesa úr bók sinni Nú er nóg komið, áður en Eva Rún tekur við og les úr bók sinni Óskilamunir. Svo leikur Margrét Eir jólalög ásamt hljómsveit sem er skipuð Sunnu Gunnlaugsdóttur á píanó, Scott McLemore á trommur og Leifi Gunnarssyni á kontrabassa.

Loks tekur við jólaföndur í höndum Sigurrósar Jónsdóttur, bókavarðar og föndurmeistara, en hún ætlar meðal annars að kenna hvernig má búa til jólakort og merkispjöld úr pappírsafgöngum og föndurpappír.

Í Árbæ á sunnudaginn ætlar Hildur aftur að hefja leikinn með upplestri úr bók sinni, en svo tekur Þórarinn við og les úr bók sinni Umfjöllun. Að öðru leyti er dagskráin eins. ■






Brynja Sveinsdóttir safnstjóri ásamt Signýju Þórhallsdóttur sem þróað hefur safnbúð Gerðarsafns. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Safnið er skapandi áfangastaður

Gerðarsafn í Kópavogi hefur þá sérstöðu að vera eina listasafn landsins sem er tileinkað listakonu. Safnið heldur minningu Gerðar Helgadóttur á lofti, en hún var forystukona innan höggmyndalistar. Gerðarsafn notar hennar arfleifð sem innblástur í öllu sínu starfi. 2

Gerðarsafn var opnað árið 1994 og frá þeim tíma hefur verið lögð áhersla á metnaðarfulla sýningardagskrá á safninu, bæði í samtímalist og myndlist fyrri tíma. Brynja Sveinsdóttir, safnstjóri Gerðarsafns, segir að á safninu sé mikið unnið út frá þeirri sérstöðu í allri listrænni starfsemi að safnið sé eina listasafn landsins tileinkað listakonu.

„Gerður Helgadóttir vann mikið frumkvöðlastarf innan höggmyndalistarinnar og verk hennar voru mörg hver tilraunakennd. Gerður og hennar arfleifð hafa verið leiðarljós í starfsemi safnsins,“ segir Brynja.

**Skapandi samvera**

Auk fjölbreyttra myndlistarsýninga hefur verið haldinn fjöldi viðburða á vegum Gerðarsafns og safnið heldur uppi fræðslustarfi fyrir almenning.

„Við leggjum áherslu á að hugsa heildstætt um safnið sem skapandi áfangastað, þar sem er spennandi að koma og doka við. Þar sem sýningarnar og safneignin eru grunnurinn í allri starfseminni og unnið með þær út frá þessari heildrænu sýn,“ útskýrir Brynja.

„Við erum með fræðslurými á neðri hæðinni sem heitir Stúdíó Gerðar. Þar gefst börnum, fjölskyldum og öðrum gestum færi á að njóta samverustunda, fræðast og skapa saman. Núna erum við að setja upp smiðjukassa þar svo fólk getur komið og fengið þrjú mismunandi verkefni til að vinna sjálft að. Það er til dæmis einn kassi þar sem er áhersla á klippimyndir og pappírsskúlptúr, svo er einn teiknikassi og svo erum við með þrívíddarpenna í einum kassanum. Þetta er leið til að fólk hafi alltaf aðgang að því að skapa eitthvað skemmtilegt saman. Það er alltaf hægt að koma og eiga notalega samverustund á safninu.“

Reykjavík Roasters opnaði nýlega á neðri hæð Gerðarsafns og þar er hægt að slaka á yfir kaffibolla og góðu meðlæti eftir heimsókn á safnið. Einnig er safnbúð í anddyrinu sem er opin alla daga vikunnar á opnunartíma safnsins.

„Við höfum verið að þróa safnbúðina undanfarin tvö ár. Við leggjum áherslu á að tengja hana við yfirstandandi sýningar og sérstöðuna að vera eina listasafn landsins tileinkað listakonu. Við erum að vinna með eftirprentanir af verkum, sérstaklega Gerðar Helgadóttur, Valgerðar Briem og Barböru Árnason, sem eru þrír kjarnar í safneigninni okkar. Við gerum þessum listakonum góð skil, bæði í gegnum sýningar og í safnbúðinni,“ segir Brynja.

„Við höfum líka verið að gera afsteypur af lágmyndum eftir Gerði Helgadóttur, en samhliða þessari eigin framleiðslu seljum við líka umhverfisvænar vörur og íslenskar hönnunarvörur eins og skartgripi, slæður og alls kyns heimilisbúnað. Allt sem fæst í safnbúðinni styður við anda og starfsemi safnsins.

**Spennandi sýningardagskrá**

Á Gerðarsafni eru tveir sýningarsalir á efri hæð þar sem haldnar eru um það bil sex sýningar á ári. Á safninu er einnig föst sýning á verkum Gerðar á neðri hæðinni. Verið er að vinna í að koma upp nýrri grunnsýningu á verkum hennar þar sem öll járnverk hennar í safneigninni verða til sýnis.

„Við erum að þróa hvernig við getum rakastýrt verkunum og verið með varðveislurými inni í sýningunni. Þetta er þess vegna svolítið á mörkum þess að vera sýning og innlit í listaverkageymslu. En það er alltaf spennandi að fá að kíkja á bak við tjöldin,“ segir Brynja.



Í safnbúðinni má finna eftirprentanir af verkum Gerðar og fleiri listamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við leggjum áherslu á að hugsa heildstætt um safnið sem skapandi áfangastað, þar sem er spennandi að koma og doka við.**
>
> Brynja Sveinsdóttir

Á efri hæðinni er alltaf rúllandi sýningadagskrá, bæði með sýningum samtímalistamanna og sýningum á list fyrri tíma. Núna og fram til 9. janúar stendur yfir yfirlitssýning á verkum Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson. Næstu sýningar opna 14. janúar og eru hluti af Ljósmyndahátíð Íslands. Það er annars vegar sýning Elínar Hansdóttur og Úlfs Hanssonar og hins vegar sýning Santiago Mostyn.

„Af því að þessar sýningar eru hluti af Ljósmyndahátíð þá er ljósmyndin byrjunarpunktur í þeim. En þetta eru samt verk í ólíkum miðlum eins og vídeó, innsetningar og tónlist. Þetta er spennandi samsuða,“ útskýrir Brynja.

**Sýna breidd myndlistar**

Brynja er nýtekin við sem safnstjóri Gerðarsafns og vinnur að sýningum og starfsemi safnsins út frá listrænni sýn sinni. Spurð að því hvernig sýningarnar eru valdar segir hún að áðurnefnd sérstaða safnsins, að vera tileinkað listakonu og myndhöggvara, sé mjög sterk í grunninn.

„Við hugsum út frá frumkrafti Gerðar en við erum líka að reyna að sýna breidd samtímalistar. Á næsta ári verða sýningar sem sýna snertifleti milli myndlistar og annarra listgreina eins og myndlistar og dans, myndlistar og hönnunar eða eins og með sýningunni hjá Elínu og Úlfi, myndlistar og tónlistar. Við erum að skoða ólíkar birtingarmyndir myndlistar,“ segir Brynja.

„Svo leggjum við áherslu á listasafnið sem dvalarstað, með því að bjóða upp á fræðslurýmið og kaffihúsið auk safnbúðarinnar og hefðbundinna sýninga. Svo er útisvæði hér fyrir utan sem er farið að vera stór hluti af áfangastað fólks hérna í kringum safnið.“ ■

Gerðarsafn er opið alla daga frá klukkan 10-17. Nánari upplýsingar um safnið og sýningarnar eru á gerdarsafn.kopavogur.is.



Listin nýtur sín í björtum sölum safnsins þar sem ýmist eru sýningar á verkum nútímalistamanna eða á myndlist fyrri tíma.



Undanfarin tvö ár hefur safnbúðin verið í þróun. Áhersla er á að tengja hana við yfirstandandi sýningar en þar fást einnig ýmis konar hönnunarvörur.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Þrátt fyrir allt þá koma nú jól

Borgarsögusafn klæðist í jólabúning núna á aðventunni, hefðinni samkvæmt.

„Jólaandinn svífur yfir vötnum á Árbæjarsafni þar sem búið er að skreyta húsin og safnsvæðið svo fallega. Í safnbúðinni og krambúð safnsins eru dýrindis jólavörur og sælgæti til sölu, bæði til yndisauka fyrir heimilið og sem freistandi gjafir í jólapakkana,“ segir Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Árbæjarsafns.

Guðbrandur er kominn í sannkallað jólaskap enda staddur í töfrandi umgjörð jóla fortíðar, þar sem heimagerð jólatré, liðnar jólaminningar og aldagamalt jólaskraut prýddi áður hátíðleg heimili landsmanna, jafnt látlaus sem íburðarmeiri.

„Heimsókn á Árbæjarsafn gefur þannig notalega tilfinningu fyrir jólum liðinna alda, allt frá torfbæjarstemningu til heimilis betri borgara í upphafi 20. aldar,“ greinir Guðbrandur frá.

Hann stendur í uppábúinni stofu þar sem búið er að leggja á borð íslenskar jólatertur og smákökur sem fylgt hafa matarsmekk Íslendinga lengi og eru enn bakaðar á mörgum íslenskum heimilum fyrir jólin.

„Árbæjarsafn er töfrandi staður heim að sækja í aðdraganda jóla og ómissandi upplifun og jólagleði hjá svo mörgum sem þar hafa dansað í kringum jólatré á torginu sem er innrammað af gömlum húsum sem öll geyma sína sögu og sjarma,“ segir Guðbrandur á heillandi strætum Árbæjarsafns sem nú ljóma af birtu jólaljósa.

Ekki verður hægt að bjóða upp á hefðbundna jóladagskrá sem er rík hefð fyrir á Árbæjarsafni á aðventunni nú, sökum sóttvarna og samkomutakmarkana, en slíkir viðburðir hafa notið mikilla vinsælda síðustu ár og áratugi.

„En þrátt fyrir allt þá koma nú jól og enginn ætti að vera svikinn af jólastemningunni á Árbæjarsafni. Því bjóðum við alla velkomna að gera sér glaðan dag og fá gömlu jólin og fagra jólastemningu í hjarta og huga fyrir þessi jól, þar sem opið verður alla daga fyrir gesti og gangandi frá klukkan 13 til 17 á aðventunni,“ segir Guðbrandur.

**Jólaleg söfn um alla borg**

Nú þegar aðventan hefur gengið í garð fer að verða jólalegt um að litast á söfnum Reykjavíkurborgar, sem heyra undir Borgarsögusafn.

„Á Sjóminjasafninu úti á Granda og á Landnámssýningunni í Aðalstræti er búið að skreyta, og mikið af fallegum varningi er til sölu í safnbúðunum þar sem má tvímælalaust finna skemmtilegar jólagjafir sem koma á óvart og gleðja,“ segir Guðbrandur.

Sama má segja um Ljósmyndasafn Reykjavíkur og má mæla sérstaklega með eigulegri ljósmyndabók sem var að koma úr prentun.

„Útgáfa ljósmyndabókarinnar er í tilefni 40 ára afmælis Ljósmyndasafnsins. Þar verður síðar í mánuðinum opnuð áhugaverð sýning á verkum ungra ljósmyndara úr Ljósmyndaskólanum, sem verður spennandi að sjá. Verður hún uppi fram í byrjun janúar, eða þangað til Ljósmyndahátíð Íslands gengur í garð,“ upplýsir Guðbrandur. ■

Allt um Borgarsögusafn Reykjavíkur á borgarsogusafn.is. Sími 411 6300.



Guðbrandur Benediktsson er safnstjóri Árbæjarsafns. Hann stendur hér í fagurskreyttri stofu eins af heldri húsum safnsins og vitaskuld með rautt epli til að maula, sem var sjaldséð konfekt jóla á Íslandi hér áður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þá sem nú tíðkast sá ljúfi jólasiður að borða kökur og sötra heitt súkkulaði.



Krambúðin er heillandi heimur með fágætum varningi.



Jólaljós tendruð á kertum sem prýða heimagert jólatré.



Safnbúðin á Árbæjarsafni geymir fjársjóði í jólagjafir.



Einstakt og öðruvísi jólaskraut fæst í safnbúðinni.



Jólaljósin glitra nú í öllum vistarverum Árbæjarsafns.



Músastigar og bómullasnjór á kirkjuþaki liðinna jóla.



Sunna Örlygsdóttir segir að það sé yndislegt að vinna á safninu og það vakni oft nýjar hugmyndir út frá spjalli við gesti.

# Sýningar, jóladagatal og fræðsla á Hönnunarsafninu

Á Hönnunarsafni Íslands eru bæði áhugaverðir munir og sýningar. Þar er nú yfirlitssýning á verkum grafíska hönnuðarins Kristínar Þorkelsdóttur og eftir áramót opnuð sýning um sundmenningu Íslands. Fram að jólum verður hægt að skoða jóladagatal í versluninni þar sem stólar verða til sýnis.

„Hönnunarsafn Íslands safnar allri tegund af hönnun og leggjum við höfuðáherslu á að safna íslenskri hönnun og hlutum sem tengjast íslenskri hönnunarsögu. Safnið var stofnað árið 1998 en við höfum verið staðsett hér á Garðatorgi síðustu tíu ár,“ segir Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá Hönnunarsafni Íslands.

„Við erum með reglulegar sýningar, um tvær á ári, en þær standa í mislangan tíma. Núna stendur yfir stór yfirlitssýning á verkum Kristínar Þorkelsdóttur, grafísks hönnuðar, sem á einmitt afmæli í dag. Sú sýning var opnuð í maí og stendur fram að áramótum,“ segir Þóra. „Við erum líka með lítið sýningarrými inn af versluninni okkar þar sem við setjum upp styttri sýningar og þar erum við nú með sýningu á vegum Félags íslenskra teiknara sem heitir Fallegustu bækur í heimi 2020 og 2021.“

**Sýning um sundmenningu eftir áramót**

„Næsta stóra sýning í aðal sýningarsalnum okkar fjallar um sundmenningu Íslendinga. Hún opnar í lok janúar og mun standa fram á haust,“ segir Þóra. „Þetta er mjög spennandi sýning sem við erum að vinna í samstarfi við þjóðfræðideildina í Háskóla Íslands, en sýningin byggir á rannsókn sem Valdimar Tr. Hafstein prófessor hefur staðið fyrir í mörg ár.

Safnið bætir hönnunarsjónarhorninu við. Fjallað er um ákveðnar sundlaugar og ýmsa hönnun sem tengist sundinu. Við segjum frá til dæmis Sundhöll Reykjavíkur sem teiknuð var af Guðjóni Samúelssyni og þræðum okkur í gegnum söguna alveg að Bláa Lóninu. Það er fjallað um alla söguna,“ útskýrir Þóra. „Það verður spennandi að setja þessa sýningu upp eftir áramótin.“

**Stólajóladagatal í desember**

„Núna erum við að undirbúa jóladagatalið sem við höfum haft árlega síðan 2014. Við Inga Óðinsdóttir, sem stýrir versluninni, veljum ákveðið þema fyrir hvert ár,“ segir Þóra. „Eitt árið voru það til dæmis bara gripir eftir konur og annað ár vorum við bara með hluti frá Einari Þorsteini Ásgeirssyni arkitekt. Þá vorum við nýbúin að fá stóra gjöf frá honum og höfðum verið að vinna í gegnum hana, svo það hentaði vel að nota hans hluti. Við reynum bara að hafa þetta fjölbreytt frá ári til árs.

Í ár verður stólaþema, en mjög stór hluti af safneigninni eru stólar og það er mjög gaman að sýna þá. Frá 1. desember og fram að jólum verður einn stóll á dag settur út í glugga í búðinni, en það verður líka hægt að fylgjast með dagatalinu á Facebook-síðunni okkar,“ segir Þóra. „Fyrsti stóllinn í dagatalinu er eftir hann Hjalta Geir Kristjánsson (1926-2020), húsgagnahönnuð og framleiðanda. Við reynum að hafa fjölbreytni í stólunum sem valdir eru. Einhverjir taka eflaust eftir því að það eru ekki margir stólar eftir konur, en þannig er það nú bara, þar sem mun fleiri karlkyns húsgagnahönnuðir hafa starfað á Íslandi í gegnum tíðina og safneign safnsins endurspeglar það.

Við skiptum út stólunum á hverjum degi þegar safnið opnar kl. 12 og stillum upp stuttum texta með sem við erum ekkert að taka of hátíðlega, textarnir við stólana eiga bara að vera skemmtilegir,“ útskýrir Þóra. „Það er alltaf gaman að sýna þessa stóla, húsgögnin okkar eru mjög vinsælt sýningarefni og það hefur nú verið smá hlé á sýningum á þeim.“

**Rannsóknarými sem býður gesti velkomna**

„Fyrir innan aðalsýningarsalinn okkar er rými sem við köllum Safnið á rönguni og er rannsóknarými. Þar fara fram ýmsar rannsóknir. Stundum fá utanaðkomandi aðstöðu hjá okkur og nýta þá plássið fyrir sínar rannsóknir, eða þá að við tökum fyrir stóra hluta af safneigninni til að fá betri yfirsýn yfir hana,“ segir Þóra. „Það er afar gott að hafa aðgang að svona stóru rými til að geta dreift úr hlutum, þannig áttar maður sig oft frekar á tengingum sem erfitt er að sjá þegar lítið pláss er til að skoða stórar safnheildir. Það þarf nefnilega rými til að rannsaka á söfnum, sérstaklega þegar um stærri gripi er að ræða.

Safneign Hönnunarsafnsins telur ríflega 4.000 gripi og í henni er að finna nokkrar stórar gjafir sem þarf tíma og rými til að fara í gegnum og skrá. Í desember og fram í febrúar er Safnið á rönguni helgað arkitektúr. Það stendur yfir skráning á verkum Högnu Sigurðardóttur arkitekts, sem bárust safninu árið 2019 og var gjöf frá fjölskyldu hennar,“ segir Þóra. „Gestir eru mjög velkomnir þarna inn og við viljum gjarnan að þeir skoði og segi okkur frá ef þeir hafa upplýsingar um það sem við erum að skoða, því við græðum á þannig upplýsingum.

Allir gestir sem koma á safnið, hvort sem þeir ætla á sýningar eða bara skoða í safnbúðinni, fá líka góða kynningu á þeim vörum sem eru þar til sölu, það má segja að þar sé enn eitt sýningarrými safnsins og Inga gefur öllum sem vilja leiðsögn um hana,“ segir Þóra.

**Fjölskylduskemmtun og fræðsla á sunnudag**

„Það hefur verið líf og fjör á safninu undanfarna mánuði þar sem við höfum tekið á móti skólahópum í leiðsögn og smiðjur í kjölfarið. Það hefur verið í samstarfi við Prent og vini og verið mjög gefandi verkefni þar sem krakkarnir hafa fengið að prófa einfalt prent,“ útskýrir Þóra. „Við höfum haft möguleika á að vera með smiðjur fyrir alla skólahópa því að við erum með mjög gott rými sem er kallað Smiðjan. Hún er ætluð fyrir allar tegundir af fræðslu.“

„Á sunnudaginn, 5. desember, verðum við með ókeypis fjölskyldusmiðju í tengslum við verkefnið Við langeldinn/Við eldhúsborðið, sem er skemmtilegt verkefni sem við fengum styrk fyrir hjá Barnamenningarsjóði. Þessi smiðja tengist Minjagarðinum að Hofsstöðum, sem er annar stærsti landnámsskáli á Íslandi, en við erum að vinna að stóru verkefni með Gagarín til að gera skálann og það sem er hægt að læra af honum aðgengilegra,“ segir Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi Garðabæjar.

„Í tengslum við þetta ætla Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur og Ásgerður Heimisdóttir, hönnuður og handverkskona, að vera með tvenns konar fræðslu í Smiðjunni. Dagrún ætlar að fræða fólk um jólahald og jólagjafir og hvernig þetta hefur breyst frá tímum landnámsmanna, hvenær það fór að tíðkast að gefa gjafir og hvenær byrjað var að pakka inn og svona, en hefðir og siðir í kringum jólin hafa tekið miklum breytingum,“ segir Ólöf. „Svo tekur Ásgerður við og hjálpar fólki að gera eigin jólapappír með kartöflustimplum og þá getur fólk gert allan jólapappírinn sinn á einu bretti. Þetta byrjar klukkan 13 og að sjálfsögðu fylgjum við grímuskyldu og öllum öðrum sóttvarnareglum.

Eitt af því sem er skemmtilegt við þessa smiðju er að hún kallast á við sýninguna hennar Kristínar, því hún notaði kartöflustimpla einmitt mikið í verkum sínum, til dæmis fyrir framhliðina á ljóðabókum,“ segir Ólöf. „Það er gaman að geta notað eitthvað sem er til á heimilinu og er líka notað af hönnuðum.

Svona smiðjur tengdar Minjagarðinum að Hofsstöðum fara fram einu sinni í mánuði í Hönnunarsafninu og við vonumst til þess að fjölskyldurnar og krakkarnir sem koma velti fyrir sér hvað er líkt og hvað er ólíkt með lífinu þá og nú. Þetta kemur mikið inn á handverk, hönnun og ýmislegt fleira,“ segir Ólöf. „Einu sinni í mánuði förum við líka á Bókasafn Garðabæjar og tengjum menningarstarfið þar við þennan landnámsskála og það heldur áfram næsta ár.“



Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá Hönnunarsafni Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Vinnurými fyrir hönnuði í versluninni**

„Í safnbúðinni okkar er svo líka vinnurými fyrir hönnuði og um þessar mundir er hönnuðurinn Sunna Örlygsdóttir þar. Hver hönnuður fær rýmið í 3-4 mánuði og vinnur þar að verkum sínum fyrir opnum tjöldum, svo það er hægt að koma og sjá verk þeirra, kynnast þeim og fá upplýsingar,“ segir Þóra. „Sunna er að gera rosalega flotta hluti og við fáum skemmtilega innspýtingu af því að kynnast vinnu þeirra hönnuða sem koma og um leið fá þeir kannski aukna kynningu.“

„Safnstjórinn bað mig um að koma og sýna það sem ég hafði gert fyrir HönnunarMars í fyrra og bauð mér svo í kjölfarið að vera í vinnustofudvöl á safninu. Ég er menntaður fatahönnuður en ég hef unnið mikið með útsaum og er að vinna að nýrri seríu af flíkum sem eru frekar mikið útsaumaðar,“ segir Sunna. „Þetta er ekki beint tískulína og ég vil ekki kalla þetta safn, heldur seríu, því eitt leiðir af öðru. Ég vinn þannig að ég tek eitt snið í einu og geri eins mikið og ég mögulega get með það snið og klára þannig seríu. Ég er að vinna með ermalausa boli núna.



Það verður líf og fjör í fjölskyldusmiðjunni á sunnudaginn.

Allt sem ég framleiði í vinnustofudvölinni fer í sölu í verslun safnsins, þannig að allir sem hafa áhuga geta komið og skoðað. Ég geri bara kvenfatnað og þetta eru ekki beint hversdagsflíkur, en það er bara til eitt stykki af hverri flík, svo þær eru einstakar. Ég vona að fólk sjái að ég legg mikinn tíma í hverja flík,“ segir Sunna.

„Það er yndislegt að vinna á safninu. Maður þarf smá að venjast því að vinna alveg fyrir opnum tjöldum, en það er líka mjög gaman þegar fólk er áhugasamt og spjallar og oft koma nýjar hugmyndir út frá því,“ segir Sunna. „Ég er á safninu milli 12 og 17 alla virka daga nema mánudaga og fólki er velkomið að koma og spjalla við mig á meðan ég er að vinna. Það er gaman að hitta fólk og ef fólk er áhugasamt um útsaum er ég alltaf til í að spjalla. Flíkurnar mínar hanga alltaf á safninu, þannig að það er líka hægt að koma og skoða þegar ég er ekki á staðnum.

Svo er ég líka búin að vera kenna námskeið í útsaumi og það er mjög gaman að sjá hvað fólk er áhugasamt. Námskeið númer tvö var að fara af stað, en það heitir Fríhendis flóra og þar erum við að sauma út mótíf úr flóru Íslands fríhendis. Þar kenni ég fólki að minnsta kosti átta grunnspor í frjálsum útsaum sem koma fólki mjög langt,“ segir Sunna. „Við höfum gert prufuklút og ég hef lagt fyrir lítið verkefni. Ef fólk hefur áhuga á að sækja svona námskeið er um að gera að hafa bara samband við mig og þá getur verið að fleiri námskeið verði skipulögð.“ ■



Stólajóladagatalið er komið í gang og það er bæði hægt að skoða stólana í versluninni og á Facebook-síðu safnsins.


SAFNBÚÐ BÆKUR, FLOTHETTUR, SOKKABUXUR, PEYSUR, SLÁR, KERTASTJAKAR, BÓKAMERKI, SLÆÐUR, GÆRUR, VASAPELAR, BLÓMAVASAR, ÚTSAUMUR, PÚSLUSPIL, DAGATÖL, SÁPUR, ILMOLÍUR, REYKELSI, DÚKKU-KJÓLAR & SKARTGRIPIR

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

GARÐATORG 1
210 GARÐABÆR

OPIÐ 12–17 ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA

# Hefur þjónað mörgum kynslóðum

**Sigrún Guðnadóttir, forstöðumaður bókasafns Hafnarfjarðar, hefur í nógu að snúast þessa dagana enda mikill gestagangur í safninu sem mun halda upp á eitt hundrað ára afmæli á næsta ári.**




Sigrún Guðnadóttir segir að mikil eftirspurn sé eftir nýju jólabókunum í bókasafni Hafnarfjarðar og biðlisti er kominn á vinsælustu bækurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sigrún segir að bókasafnið eigi afmæli næsta haust en nokkrum stórum og sérstökum viðburðum verður dreift yfir árið af því tilefni. Hlýja, ró, fræðsla og gróska, einkenna um þessar mundir þennan helsta samkomustað margra kynslóða Hafnfirðinga og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá á aðventunni. Jóladagskrá bókasafnsins hófst um mánaðamótin. Margvíslegir viðburðir hafa þegar farið fram en á miðvikudagskvöldið komu rithöfundar og lásu upp úr bókum sínum. Á meðal þeirra voru Hallgrímur Helgason og Kamilla Einarsdóttir, sem bæði voru tilnefnd sama dag til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Arndís Þórarinsdóttir, rithöfundur og bókmenntafræðingur, hefur haldið utan um dagskrána en hún var jafnframt tilnefnd. „Það var fullt hjá okkur í sal og margir í streymi líka. Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir Sigrún.

Í dag kemur pólski jólasveinninn Święty Mikołaj í heimsókn á leið sinni frá Norðurpólnum til Póllands og verður smiðja með hefðbundnu pólsku jólaskrauti og allir hjartanlega velkomnir. Mjög margir Pólverjar sækja safnið og þar er fjölbreytt úrval af pólskum bókum, jafnt nýjum sem eldri, að sögn Sigrúnar. Jafnframt er starfandi pólskumælandi starfsmaður á safninu.



Ró og næði á bókasafninu alla daga þótt ýmsir stórkostlegir viðburðir séu þar á aðventunni.

Hinn íslenski Kertasníkir kíkir einnig í bókasafnið í dag og heilsar upp á börnin. Sönghópurinn Á léttu nótunum kemur síðan 7. desember kl. 16.30 og syngur jólalög fyrir gesti. 14. desember verður sýndarveruleiki fyrir alla í safninu og þann 16. desember verður jólamyndin Die Hard sýnd.

Í bókasafni Hafnarfjarðar er elsta barnadeild landsins og stærsta tónlistardeild bókasafna. Boðið er upp á nútímalega þjónustu enda segir Sigrún að safnið hafi breyst með auknum tækniframförum. Í bókasafninu er rafbókasafn, fundarými, netkaffi og hlaðvarpsstúdíó. „Við höfum þróast í nýjar áttir á undanförnum árum, aukið viðburði og fjölþjóðlegt samstarf,“ segir hún.

> Í dag kemur pólski jólasveinninn Święty Mikołaj í heimsókn á leið sinni frá Norðurpólnum.

„Undanfarið hafa pantanir streymt inn fyrir nýju jólabækurnar og það hafa myndast biðlistar á þær vinsælustu, eins og Arnald. Síðan eru skvísubækur, til dæmis eftir Jenny Colgan og þess háttar bækur alltaf mjög vinsælar. Þá er Guðrún frá Lundi líka eftirsótt. Þótt aðsóknin sé góð hjá okkur allt árið eykst hún alltaf fyrir jólin. Það er mikið um að vera hér í Hafnarfirði fyrir jólin sem laðar fólk í bæinn og við finnum fyrir því,“ segir Sigrún og hlakkar mikið til næsta árs þegar margt verður um að vera. ■

Hægt er að kynna sér starfsemina á vef bókasafnsins, bokasafnhafnarfjardar.is og á Facebooksíðu safnsins.





## Skólastjóri Sunnulækjarskóla

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Sunnulækjarskóla á Selfossi. Við leitum að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í ört stækkandi sveitarfélagi. Ráðið verður í stöðuna frá 1. apríl 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**

- Veita skólanum faglega forystu
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Samstarf við fjölskyldusvið og ýmsa aðila skólasamfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Þekking og árangursrík reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 13. desember 2021.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, **thorsteinnhj@arborg.is** eða í síma **480-1900** og Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Í Sunnulækjarskóla eru um 700 nemendur í 1.-10. bekk og innan hans er starfrækt Sérdeild Suðurlands, Setrið. Í Sunnulækjarskóla er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Lögð er áhersla á teymiskennslu í lærdómssamfélagi nemenda og starfsmanna þar sem virðing og traust ríkir. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er lykill að árangri. Einkunnarorð skólans eru gleði, vinátta og frelsi. Skólar og fjölskyldusvið sveitarfélagsins vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, öflug tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.
Nánari upplýsingar um Sunnulækjaskóla má finna á vef skólans, **www. sunnulaek.is**.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Forstöðumaður
## Rannsóknamiðstöðvar Íslands



**Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir laust til umsóknar embætti forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands.**

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) er þjónustu- og umsýslustofnun sem hefur það hlutverk að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.

Rannís starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar.

**Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 14. desember 2021.**

Nánari upplýsingar um ráðningu og kjör ásamt upplýsingum um umsókn má finna á Starfatorgi.

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



# SÉRFRÆÐISTARF VIÐ ÞJÓNUSTU OG ÞRÓUN

Leitað er eftir áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í stöðu sérfræðings á þróunar- og þjónustusviði. Fjársýslan annast rekstur og umsjón nokkurra stærstu tölvukerfa landsins, sem bjóða upp á margvíslega möguleika til að bæta rekstur ríkisins.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Verkefnastýring, greining, prófanir og innleiðing lausna í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra, í samstarfi við ríkisaðila og birgja
- Upplýsingavinnsla úr fjárhagskerfum og vöruhúsi gagna
- Kennsla, aðstoð og upplýsingagjöf til notenda
- Þróun og umsjón með verkefnum tengdum upplýsingatæknikerfum ríkisins
- Hafa forystu um hagnýtingu tæknilausna til stöðugra umbóta og bættra vinnubragða með sjálfsafgreiðslu og sjálfvirknivæðingu að leiðarljósi
- Önnur verkefni í samráði við forstöðumann þróunar- og þjónustusviðs

### HÆFNIKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla af verkefnastjórnun og Agile-aðferðafræðinni er æskileg
- Þekking og reynsla á SQL og PL-SQL gagnagrunnsforritun er kostur
- Þekking á Oracle eBusiness Suite er kostur
- Þekking og reynsla af PowerBI er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði, áreiðanleiki og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni
- Góð þekking á upplýsingatæknimálum er æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022 — GRÆN SKREF

Sótt er um starfið rafrænt á www.starfatorg.is
**Umsóknarfrestur er til og með 13. desember 2021**
Nánari upplýsingar veita:
Sigurjón Þráinsson • sigurjon.thrainsson@fjs.is • 545-7500
Pétur Ó. Einarsson • petur.einarsson@fjs.is • 545-7500

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Fjársýslu ríkisins við ráðningu í starfið
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Fjársýsla ríkisins leggur áherslu á liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. www.fjs.is

fjs

## Aðstoð á tannlæknastofu í Reykjavík

**Tannlæknastofa óskar eftir aðstoðarmanneskju í 70% starf.**

Starfið felur í sér að aðstoða tannlækna við stól, sótthreinsun og þrif, símsvörun og tímabókanir, vörupantanir og annað sem viðkemur almennum rekstri tannlæknastofu. Viðkomandi þarf almenna tölvukunnáttu og vera með gott viðmót.

**Upplýsingabeiðnir og umsóknir má senda á netfangið jaxlar@simnet.is**

MÝVATN
www.visitmyvatn.is
The Northern Lights capital of Iceland

## Framkvæmdastjóri óskast

Fullt starf | Stjórnendur

Mývatnsstofa leitar að öflugum einstaklingi til að leiða markaðs-, kynningar og þróunarstarf stofnunarinnar.
Umsóknarfrestur til 06.12.2021.
**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga



## Störf í Þjónustuíbúðakjarna FSS í Ólafsvík!

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir að nýju laus störf til umsóknar í nýjum þjónustuíbúðakjarna fatlaðra í Ólafsvík.

Meginverkefni er stuðningur- og hæfing íbúanna til sjálfstæðrar búsetu og aukinnar virkni í daglegu lífi, menningu og félagslífi

Virða ber sjálfræði íbúa og hafa velferð þeirra að leiðarljósi í allri þjónustu

Um er að ræða vaktavinnustörf.

**Hæfniskröfur**

- Leitað er einstaklinga sem lokið hafa faglegu námi er nýtist í störfum, s.s. félagsliða- eða stuðningsfulltrúamenntun, eða sambærilegu námi
- Reynsla og þekking af starfi með fötluðum er kostur
- Stundvísi, samvinnu- og samskiptahæfileikar og áhugi fyrir starfi með fólki með skerta starfsgetu eru mikilvægir eiginleikar í starfinu
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skriflegar umsóknir um starfið er tilgreini menntun, starfsferil og umsagnaraðila ásamt prófskírteini og sakavottorði berist undirrituðum sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

**Þjónustukjarninn er reyklaus vinnustaður!**

Upplýsingar veitir: Jón Haukur Hilmarsson, forstöðumaður og fagstjóri FSS, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær; jonhaukur@fssf.is s. 430 7800

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu FSS, www.fssf.is

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2021**

Bjarkarhlíð

## Teymisstjóri í Bjarkarhlíð

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Stefnumótun og þróun á starfsemi Bjarkarhlíðar
- Stjórnun og skipulag
- Ábyrgð á rekstri
- Ábyrgð og þátttaka í ráðgjöf og stuðningi við þolendur ofbeldis
- Heildarsýn á þjónustu Bjarkarhlíðar
- Ábyrgð á þverfaglegu samstarfi við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði félagsráðgjafar kostur
- Leiðtogahæfni, lipurð í samskiptum og reynsla af stjórnun æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Ábyrgðarkennd og áreiðanleiki
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Hreint sakavottorð

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk.**
Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf og berast á netfangið elin@humanrights.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín G. Einarsdóttir, gjaldkeri stjórnar Bjarkarhlíðar í síma 552-2720.

Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Markmið Bjarkarhlíðar er að veita stuðning og ráðgjöf ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið. Bjarkarhlíð býður upp á viðtöl, fræðslu, fyrirlestra og námskeið um birtingarmyndir ofbeldis og afleiðingar þess. Um er að ræða samstarfsverkefni margra aðila.



## BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

### Kranamenn

Byggingarfélagið óskar eftir verkamönnum í byggingarvinnu á Völlunum í Hafnarfirði. Framtíðarstarf í boði. Upplýsingar veitir Guðjón S: 617-3000 – gudjon@bygg.is

### Verkamenn

Byggingarfélagið óskar eftir verkamanni í véla- og tækjadeild. Framtíðarstarf í boði. Upplýsingar veitir Guðjón S: 617-3000 - gudjon@bygg.is

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.500 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 160 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

**BYGG byggir á 37 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**



## „Við leggjum metnað í að öll okkar verk séu faglega unnin"

### Forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar

—

### Sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf

Vegna aukinna verkefna leitum við að kraftmiklum einstaklingum í starf forstöðumanns Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans og í starf sérfræðings í deildinni. Í störfunum er fengist við áhugaverð og krefjandi verkefni á fjármálamarkaði.

Sótt er um störfin á **vinnvinn.is** og eru þar jafnframt nánari upplýsingar um störfin. Umsjón með umsóknarferlinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).

Brynjólfur – Fyrirtækjasviði Landsbankans

Kvikmyndamiðstöð Íslands er opinber stofnun og ber m.a. að stuðla að framleiðslu, dreifingu og kynningu á íslenskum kvikmyndum. Kvikmyndamiðstöð vinnur einnig að eflingu kvikmyndagreinarinnar á Íslandi og því að treysta tengsl á máli íslenskra og erlendra kvikmyndaraðila. **www.kvikmyndamiðstöð.is**

# Kvikmyndaráðgjafi

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi. Kvikmyndaráðgjafi leggur listrænt mat á umsóknir sem berast til Kvikmyndamiðstöðvar um styrki úr Kvikmyndasjóði, jafnt fyrir leikið efni og heimildamyndir. Matið fer fram með hliðsjón af fjárhags- og framkvæmdaþáttum. Ráðgjafi fylgist jafnframt með framvindu þeirra verkefna sem stuðning hljóta.

Kvikmyndaráðgjafi skal hafa staðgóða þekkingu og/eða reynslu á sviði kvikmynda og má ekki hafa hagsmuna að gæta varðandi úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð meðan á ráðningartíma stendur.

Umsækjandi þarf að hafa lokið námi frá viðurkenndum kvikmyndaskóla eða hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu af einhverri af lykilstöðum í kvikmyndagerð. Krafist er góðrar íslensku- og enskukunnáttu, auk þess er kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur. Mikilvægt er að kvikmyndaráðgjafar hafi góða samskiptahæfileika og eigi auðvelt með að tjá sig jafnt í ræðu og riti.

Kvikmyndamiðstöð leitar að a.m.k. einum ráðgjafa sem þarf að geta hafið störf sem fyrst. Til greina kemur að ráða í fullt starf eða hlutastarf.

Um tímabundna ráðningu er að ræða og ráðningartími nemur allt að tveimur árum í senn.

Laun taka mið af launakjörum opinberra starfsmanna.

# Sérfræðingur – miðlun og stafræn þróun

Kvikmyndamiðstöð Íslands óskar að ráða framúrskarandi kröftugan og metnaðarfullan einstakling í starf sérfræðings í miðlun og stafrænni þróun. Hlutverk sérfræðings er að marka stefnu og áætlanir í markaðs- og kynningarmálum og annast stefnumótun, þróun og verkefnastjórn stafrænna lausna.

Viðkomandi mun einnig bera ábyrgð á vefstjórn, gerð og miðlun frétta- og kynningarefnis eftir öflugustu miðlunarleiðum hverju sinni, bæði hér á landi og alþjóðlega. Vinnur náið með forstöðumanni og öðru starfsfólki KMÍ auk hönnuða, rétthafa og annarra hagaðila.

Önnur helstu verkefni eru að treysta stafræna mörkun KMÍ. Tryggir að kynningar- og markaðsefni á vegum KMÍ styðjist við öflugustu miðlunarleiðir og hafi skýra ásjónu. Koma auga á tækifæri til miðlunar og vinna að útfærslu með starfsfólki KMÍ.
Birting efnis á samfélagsmiðlum og öðrum miðlum eftir atvikum.

**Umsækjandi þarf að hafa:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af vefstjórn og samfélagsmiðlum
- Reynsla af kynningarstarfi og samskiptum við fjölmiðla
- Verkefnastjórn stafrænna verkefna
- Hugmyndaauðgi og færni í að finna þeim form til útfærslu
- Metnaður til að ná árangri og hæfni til að tileinka sér nýjungar og breytingar
- Kostnaðarvitund
- Góð samskiptahæfni og reynsla af teymisvinnu
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Menntun eða góð innsýn í evrópska kvikmyndagerð og dreifingu
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í ræðu en einkum rituðu máli
- Góð tölvukunnátta

Um nýja stöðu er að ræða og í samræmi við kvikmyndastefnu til ársins 2030 þar sem er m.a. lögð áhersla á að efla kynningarstarf í takt við hraðar breytingar í miðlun og dreifingu kvikmynda.

Laun taka mið af kjörum opinberra starfsmanna.

Upplýsingar um störfin veita: **Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is** og **Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, stefania@hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. desember 2021**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

hagvangur.is

HAGVANGUR

Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag þar sem íbúar eru um 3.000. Höfuðborgarsvæðið er í um 30 mínútna akstursfjarlægð. Öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, glæsilegir leikskólar, metnarfullur grunn- og tónlistarskóli og framhaldsskóli innan seilingar. Íþrótta- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í einstöku umhverfi.

**Vegna mikilla umsvifa og framkvæmda í sveitarfélaginu vantar fleiri liðsmenn í tæknideild. Hveragerðisbær auglýsir því eftir áhugasömum og drífandi einstaklingum í eftirfarandi störf:**

# Skipulagsfulltrúi hjá Hveragerðisbæ

Skipulagsfulltrúi skal tryggja að starfsemi tengd skipulagsmálum sé í samræmi við lög og reglugerðir, gildandi fjárhagsáætlun, sett markmið og ákvarðanir Hveragerðisbæjar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón með skipulagsmálum í bæjarfélaginu
- Útgáfa framkvæmdaleyfa og gerð umsagna um erindi tengd skipulagsmálum
- Umsjón með gerð og kynningu aðal- og deiliskipulags
- Auglýsir skipulagslýsingar og skipulagsbreytingar lögum samkvæmt
- Innleiðing og umsjón með rafrænum lausnum í kynningu aðal- og deiliskipulags eða í skipulagsmálum
- Umsjón og þróun kortasjár bæjarins í samvinnu við byggingarfulltrúa
- Undirbúningur erinda fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd
- Lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila
- Aðkoma að gerð fjárhagsáætlunar skipulagssviðs í samvinnu við bæjarstjóra

**Menntun og hæfniskröfur**

- Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013
- Reynsla af starfi tengdu skipulagsmálum
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Nákvæmni og hæfni í framsetningu efnis
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði. Kunnátta í teikniforritum er kostur
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg

# Fasteignafulltrúi hjá Hveragerðisbæ

Fasteignafulltrúi hefur eftirlit með að viðhaldi sé sinnt í öllum eignum eignasjóðs og hefur umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum, bæði nýbyggingum og viðhaldsverkefnum.

**Starfs-og ábyrgðarsvið**

- Eftirlit, umsjón og viðhald með fasteignum í eigu bæjarfélagins
- Umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum, bæði nýbyggingum og viðhaldsverkefnum
- Eftirlit og umsjón með aðkeyptum verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins
- Skráning eigna sveitarfélagsins í gagnagrunn, úttekt á ástandi og mat á viðhaldsþörf
- Undirbúningur og umsjón með gerð útboðsgagna vegna útboðs verklegra framkvæmda
- Yfirferð útboðsgagna og samningagerð við verktaka
- Samskipti við forstöðumenn, verktaka og þjónustuaðila
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila
- Aðkoma að gerð fjárhagsáætlunar í samvinnu við bæjarstjóra
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur**

- Tækni- og/eða iðnmenntun sem nýtist í starfi er nauðsynleg
- Reynsla af viðhalds- og verklegum framkvæmdum er nauðsynleg
- Víðtæk starfsreynsla á þessu sviði er kostur
- Reynsla af gerð verk- og kostnaðaráætlana æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Nákvæmni og hæfni í framsetningu efnis
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg

**Umsóknarfrestur er til 17. desember 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar um störfin veita **Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## HSN á Akureyri óskar eftir hjúkrunarfræðingum í heimahjúkrun

### Staða teymisstjóra

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) Akureyri óskar eftir hjúkrunarfræðingi í stöðu teymisstjóra í heimahjúkrun. Um er að ræða dagvinnu. Starfshlutfall er 90-100%

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Verkerfnastjórnun í þverfaglegum teymum
- Bera ábyrgð á teymi og halda utan um störf sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga innan teymis
- Fagleg samskipti við aðrar heilbrigðisstofnanir
- Vitjanir í heimahús
- Vinna með skjólstæðingum og aðstandendum þeirra

**Hæfniskröfur**
- Fullgilt hjúkrunarpróf og íslenskt starfsleyfi
- Góð færni í íslensku
- Bílpróf er skilyrði
- Kostur ef umsækjandi hefur reynslu í heimahjúkrun
- Leiðtogahæfni
- Reynsla af RAI-mælitækinu er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og sveigjanleiki

### Staða hjúkrunarfræðings

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) Akureyri óskar eftir hjúkrunarfræðingi í heimahjúkrun. Um er að ræða vaktavinnu. Starfshlutfall er 70 - 90%

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Vitjanir í heimahús
- Vinna með skjólstæðingum og aðstandendum þeirra
- Vinna í þverfaglegum teymum sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og iðjuþjálfa.

**Hæfniskröfur**
- Fullgilt hjúkrunarpróf og íslenkst starfsleyfi
- Bílpróf er skilyrði
- Æskileg reynsla í heimahjúkrun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og sveigjanleiki

**Frekari upplýsingar**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.

Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini, íslenskt hjúkrunarleyfi og náms- og starfsferilsskrá. Öllum umsóknum verður svarað. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum ef einstaklingar uppfylla ekki framangreind skilyrði. Tóbaksnotkun og notkun á rafsígarettum er ekki heimil á vinnutíma innan HSN.

Gildi HSN eru: Fagmennska - Samvinna - Virðing.

**Umsóknarfrestur er til og með 13.12.2021** og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir samkomulagi.

**Nánari upplýsingar veitir** Eva Björg Guðmundsdóttir - eva.bjorg.gudmundsdottir@hsn.is - 466 3132
Sótt er um starfið á heimasíðu HSN eða á starfatorg.is

**ARKITEKT**
**BYGGINGAFRÆÐINGUR**
**LANDSLAGSARKITEKT**
**INNANHÚSSARKITEKT**
**TÆKNITEIKNARI**



**Vegna spennandi verkefna framundan óskum við eftir samstarfsfólki** með metnað fyrir arkitektúr og hönnun. Við leitum að fólki sem hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð en getur einnig unnið vel í hóp.

Við bjóðum upp á **lifandi og skemmtilegan** vinnustað þar sem unnið er af metnaði að fjölbreyttum verkefnum þvert á landamæri.

**Arkþing-Nordic** er hluti af **Nordic Office of Architecture** sem er 270 manna fyrirtæki með starfsemi í fjórum löndum.
Hér á Íslandi starfa 35 hjá fyrirtækinu á starfsstöðvum okkar í **Reykjavík** og á **Akureyri**.

Umsóknir eða beiðni um upplýsingar sendist til Heiðar Hjaltadóttur á netfangið **hh@arkthing.is**.
Umsóknarfrestur er til **20. desember.**

www.nordicarch.com ARKÞING | nordic

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

ORKURANNSÓKNASJÓÐUR

# Ert þú að grúska fyrir grænan heim?

Eitt stærsta verkefni okkar er að skila jörðinni til komandi kynslóða í jafn góðu eða betra ástandi en við tökum við henni. Nútíminn kallar á grænar lausnir til að ná þessu takmarki, og ein stærsta græna lausnin er orkuvinnsla úr auðlindum sem endurnýja sig og valda litlili losun á gróðurhúsalofttegundum.

Rannsóknaverkefni sem tengjast orku- og umhverfismálum geta skipt sköpum í leitinni að þessum grænu lausnum og Orkurannsóknasjóður styður við slík verkefni á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

**Við auglýsum nú eftir umsóknum um styrki frá sjóðnum.**
Nánari upplýsingar, auk umsóknareyðublaðs, er að finna á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is

Umsóknum er skilað á netfangið
orkurannsoknasjodur@landsvirkjun.is

**Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2022**

Landsvirkjun





STARF

# Kannt þú að sameina innkaup og hugsjón um betri heim?

Við hjá Landsvirkjun leggjum okkur fram um að gera heiminn betri með endurnýjanlegri orkuvinnslu, sem er einn af lykilþáttunum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Til þess þurfum við auðvitað að kaupa ýmis aðföng og þar kemur þú inn í dæmið, sem sérfræðingur í innkaupum og áhugamanneskja um sjálfbærni og hag komandi kynslóða.

Starfið er í teymi innkaupa. Við leiðum framkvæmd innkaupa, til samræmis við stefnu fyrirtækisins, með hagkvæmni, gagnsæi, samfélagsábyrgð og vistvæn innkaup að leiðarljósi. Teymið vinnur þétt saman, en á líka mikið samstarf við annað starfsfólk, vítt og breitt um fyrirtækið.

**Í þessu teymi tekur þú þátt í að:**
- vinna að þróun verklags og vinna að sjálfbærum og vistvænum innkaupum
- verkstýra útboðum og verðkönnunum, ásamt aðstoð við gerð samninga og framkvæmd innkaupa
- bæta skilvirkni og hagkvæmni við innkaup
- áframhaldandi þróun á stafrænum ferlum innkaupa

**Hæfni og reynsla:**
- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- góð samskiptahæfni og vilji til að vinna í teymi
- lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun
- frumkvæði, metnaður og skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- reynsla af innkaupum, gerð útboðsgagna, rekstri samninga og samningagerð er kostur
- þekking á samningsskilmálum eins og IST-30 og FIDIC er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember**

Sótt er um starfið hjá vinnvinn
vinnvinn.is

STARF

# Vilt þú eiga gæðastundir með okkur?

Deilir þú með okkur framtíðarsýn um sjálfbæran heim, knúinn endurnýjanlegri orku? Ertu sérfræðingur í gæðamálum? Við viljum að það sem við gerum til að láta drauminn rætast standist ströngustu gæðakröfur og þess vegna leitum við að þér.

Hlutverk þitt verður að leiða gæðamál fyrirtækisins og gera starf okkar betra og skilvirkara, á framsækinn og lifandi hátt, í samvinnu við starfsfólk á öllum sviðum fyrirtækisins. Þú verður hluti af teymi stjórnunarkerfis og umbóta, sem vinnur þétt og náið saman.

**Þú munt m.a.:**
- reka gæðakerfi fyrirtækisins, sem vottað er samkvæmt alþjóðlegum stjórnunarstöðlum
- þróa gæðakerfið, með stöðugar umbætur að leiðarljósi
- skipuleggja og halda utan um ytri vottunarúttektir og innri úttektir
- styðja við aðra málaflokka stjórnunarkerfisins s.s. áhættustýringu og öryggismál

**Hæfni og reynsla:**
- reynsla af gæðamálum
- góð samskiptahæfni og vilji til að vinna í teymi
- frumkvæði og skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember**

Sótt er um starfið hjá vinnvinn
vinnvinn.is

Landsvirkjun

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**





## FORSTÖÐUMAÐUR GEÐHEILSUMIÐSTÖÐVAR BARNA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) auglýsir laust til umsóknar ótímabundið starf forstöðumanns Geðheilsumiðstöðvar barna sem mun starfa á landsvísu. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Geðheilsumiðstöð barna verður staðsett innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Miðstöðin sameinar starfsemi þriggja starfseininga innan heilsugæslunnar; Þroska og hegðunarstöð, Fjölskylduvernd og nýtt meðferðarteymi fyrir börn og unglinga. Forstöðumaður mun leiða uppbyggingu og sameiningu þessarar þjónustu og vinna að samþættingu á þjónustu við börn í þágu farsældar barna.

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

Ábyrgð á rekstri, faglegri stjórn, sameiningu og uppbyggingu Geðheilsumiðstöðvar barna í samráði við fagstjóra lækninga og framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu HH. Þróar meðferðarúrræði og innleiðir nýjungar. Er í forsvari fyrir samræmingu og eflingu gæða í þjónustu á sviði geðheilsu barna.

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 20.12.2021.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug U. Þorsteinsdóttir
gudlaug.unnur.thorsteinsdottir@heilsugaeslan.is – 513 5000

**Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf**

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

## Embassy of India in Reykjavík
## Vacancy Notice

The Embassy of India in Iceland seeks to employ an Office Assistant on regular basis against the post of a local Clerk in an **Immediate vacancy**.

Knowledge in handling accounts/ bookkeeping related work is desirable, besides sufficient knowledge in commercial/ economic work. Candidates should be proficient in computer skills – **MS Office suite**, fluent in **English** and have working knowledge of **Icelandic language**.

The Salary inclusive of Cost of Living Allowance is presently payable at **EURO 4050/-** per month with performance linked annual increments, as per Government of India rules.
Interested candidates may send in their CVs in **English only** along with their photographs at the following e-mail ID, latest by **December 10, 2021**: hoc.reykjavik@mea.gov.in; cul.reykjavik@mea.gov.in.

job
Finnum draumastarfið **saman**



Erum við
að leita **að þér?**




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**

ASKJA

# Spennandi sölu- og markaðsstörf hjá Öskju

## Sérfræðingur á markaðssviði

Við leitum að metnaðarfullum sérfræðingi í markaðssetningu og verkefnastýringu. Viðkomandi mun stýra efnissköpun á samfélagsmiðlum, greina sölu- og markaðstækifæri og hafa umsjón með samskiptum við birgja, söludeildir og aðra fagaðila.

Við leitum að aðila með brennandi áhuga á markaðsmálum, þekkingu á stafrænni markaðssetningu og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Kristinn R. Árnason** forstöðumaður markaðs- og kynningarmála, **kra@askja.is**

## Söluráðgjafi Kia

Við leitum að drífandi söluráðgjafa til að sjá um þjónustu við viðskiptavini, tilboðsgerð, eftirfylgni og samningagerð auk þess að taka þátt í ýmsum þjónustuverkefnum.

Viðkomandi þarf að hafa framúrskarandi þjónustulund, geta unnið sjálfstætt og búa yfir metnaði. Frumkvæði í starfi, fagmennska og jákvæðni skilyrði. Reynsla af sölustörfum kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Þorgeir Ragnar Pálsson** sölustjóri **tp@askja.is**

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Sæktu um á **askja.is/storf-i-bodi**
Í anda jafnréttisstefnu Öskju hvetjum við alla áhugasama til að sækja um; óháð kyni.

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

STARF

# Skelltu þér til okkar við Sogið!

Við óskum eftir liðsauka í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.

**Menntun og hæfni:**

- Menntun á vélasviði
- Þekking á viðhaldi búnaðar; véla-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á loftkerfum,teikningalestri og stjórnkerfum er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2021**

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
Landsvirkjun.is




Landsvirkjun

# Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar.

Auglýst er laust til umsóknar embætti framkvæmdastjóra landskjörstjórnar. Með nýjum kosningalögum nr. 112/2021, verður sett á fót sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga til Alþingis og sveitarstjórna, forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna. Framkvæmdastjóri verður forstöðumaður landskjörstjórnar og hefur umsjón með daglegum störfum hennar. Um nýtt og krefjandi starf er að ræða sem kallar á metnað, kraft og áræðni.

**Helstu verkefni og ábyrgð.**
Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ber ábyrgð á og annast daglega stjórn á starfsemi, fjárreiðum og rekstri landskjörstjórnar og ræður annað starfsfólk. Hann undirbýr jafnframt fundi stjórnar landskjörstjórnar og situr þá með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri og annað starfsfólk annast í umboði landskjörstjórnar daglega framkvæmd og stjórn þeirra verkefna sem henni eru falin samkvæmt kosningalögum.

Verkefni landskjörstjórnar eru undirbúningur og framkvæmd almennra kosninga, upplýsingagjöf og fræðsla til almennings, frambjóðenda, fjölmiðla, kjörstjórna og annarra, samvinna og samráð við viðeigandi aðila um framkvæmd kosninga, kosningarannsóknir og framþróun kosningaframkvæmdar, ráðgjöf til stjórnvalda um kosningar, gerð tillagna að reglusetningu málefnasviðsins og alþjóðlegt samstarf á sviði kosningamála. Loks er það verkefni landskjörstjórnar að annast samræmingu verklags kjörstjórna með því að birta fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd kosninga.

**Hæfnikröfur.**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf eða embættispróf er kostur.
- Góð þekking og reynsla af framkvæmd kosninga.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking og skilningur á rekstri.
- Leiðtogahæfni, sjálfstæði, nákvæmni í vinnubrögðum, ábyrgð og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Mjög góð samskipta- og samstarfsfærni.
- Góð tölvu- og tæknifærni.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.

**Frekari upplýsingar um starfið.**
Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar er skipaður til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 13. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Um laun fer eftir 39. gr. a í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 .

Nánari upplýsingar um starfið veitir Laufey Helga Guðmundsdóttir, formaður undirbúningsnefndar nýrra kosningalaga, laufeyhelga@althingi.is, s: 563 0500.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt prófskírteinum og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður umsókn sína og lýsir hæfni sinni til að gegna embættinu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Starfshlutfall er 100%.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2021.**
Sótt er um starfið á alfred.is.

Dómsmálaráðuneytinu,
3. desember 2021.

**Stjórnarráð Íslands**
Dómsmálaráðuneytið


# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is





# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

HAGVANGUR

---

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## HSN á Sauðárkróki óskar eftir hjúkrunarfræðingum

### Hjúkrunarfræðingur á hjúkrunarsvið, - fast starf

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) á Sauðárkróki óskar eftir hjúkrunarfræðingum til starfa á hjúkrunarsviði.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.
Starfshlutfall er 50-100%

### Hjúkrunarfræðingur á sjúkrasviði, - tímabundið starf

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) á Sauðárkróki óskar eftir hjúkrunarfræðingum til starfa á sjúkrasviði í tímabundið starf.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.
Starfshlutfall er 50 - 100%

**Hæfniskröfur**
- Fullgilt hjúkrunarpróf og íslenskt starfsleyfi • Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum • Jákvæðni og sveigjanleiki
- Starfsreynsla í hjúkrun er kostur

**Frekari upplýsingar**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.

Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini, íslenskt hjúkrunarleyfi og náms- og starfsferilsskrá. Öllum umsóknum verður svarað. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum ef einstaklingar uppfylla ekki framangreind skilyrði. Tóbaksnotkun og notkun á rafsígarettum er ekki heimil á vinnutíma innan HSN.

Gildi HSN eru: Fagmennska - Samvinna - Virðing.

**Umsóknarfrestur er til og með 13.12.2021** og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir samkomulagi.

**Nánari upplýsingar veiti**r Sigurbjörg Kristr Snjólfsdóttir - sigurbjorg.kristrun.snjolfsdottir@hsn.is - 432 4220
Sótt er um starfið á heimasíðu HSN eða á starfatorg.is

---

# Deildarstjóri upplýsinga-tæknideildar



**Samgöngustofa leitar að deildarstjóra upplýsingatæknideildar Samgöngustofu.**
Helsta verkefni starfsins er stjórnun hugbúnaðar og kerfisreksturs innan stofnunar. Starfið felur í sér ábyrgð á rekstri hugbúnaðarlausna, kerfisreksturs og rafrænnar þróunar, gagnvart innri og ytri aðilum. Virk þátttaka í þróun rafrænnar þjónustu stofnunarinnar og öflug samvinna við starfsfólk Samgöngustofu. Einnig felst starfið í áætlunargerð sem og stefnumótun innan stofnunarinnar. Starfshlutfall er 100% og felur í sér krefjandi áskoranir til þess að byggja upp upplýsingatækniumhverfi Samgöngustofu.

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði. Gerð er krafa um BA/BS gráðu og er framhaldsnám kostur.
- Reynsla af verkefnastýringu sem og innleiðingu upplýsingakerfa er nauðsynleg.
- Leiðtogahæfni og haldgóð stjórnunarreynsla.
- Þekking á þróun hugbúnaðarlausna og kerfisrekstri æskileg.
- Greiningarhæfni og sterk ferla- og umbótahugsun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

**Umsóknarfrestur er til 13. des. 2021**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

**Við hvetjum öll kyn til að sækja um.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa



# BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

## Kranamenn

Byggingarfélagið óskar eftir verkamönnum í byggingarvinnu á Völlunum í Hafnarfirði. Framtíðarstarf í boði. Upplýsingar veitir Guðjón S: 617-3000 – gudjon@bygg.is

## Verkamenn

Byggingarfélagið óskar eftir verkamanni í véla- og tækjadeild. Framtíðarstarf í boði. Upplýsingar veitir Guðjón S: 617-3000 - gudjon@bygg.is

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.500 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 160 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

**BYGG byggir á 37 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**




Leitað er eftir áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í stöðu sérfræðings á uppgjörssviði. Um er að ræða kjörið tækifæri fyrir einstakling sem vill takast á við faglegar áskoranir og spennandi framtíðarstarf í síkviku umhverfi Fjársýslunnar.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Uppgjör ríkisaðila
- Vinna við gerð ríkisreiknings
- Aðstoða ríkisaðila við bókhald, reikningsskil og afstemmingar
- Verklagsreglur og skipulag bókhalds
- Eftirlit með bókunum stofnana
- Mánaðar- og árshlutauppgjör
- Vinna við gerð ríkisreiknings
- Innleiðing nýrra reikningsskilareglna og önnur verkefni í samráði við forstöðumann

### HÆFNIKRÖFUR

- Meistaragráða í reikningsskilum og endurskoðun (M.Acc.)
- Reynsla af bókhaldi og afstemmingum
- Góð þekking á uppgjörum og uppgjörsmálum
- Góð þekking á Excel og upplýsingatækni
- Sjálfstæði, frumkvæði, áreiðanleiki og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

GRÆN SKREF

Sótt er um starfið rafrænt á www.starfatorg.is
**Umsóknarfrestur er til og með 13. desember 2021**
Nánari upplýsingar veita:
Þórir Ólafsson • thorir.olafsson@fjs.is • 545-7500
Pétur Ó. Einarsson • petur.einarsson@fjs.is • 545-7500

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Fjársýslu ríkisins við ráðningu í starfið
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og ríkisaðila og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Fjársýsla ríkisins leggur áherslu á liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. www.fjs.is

fjs

# Fyrirtæki ársins 2021

HAGVANGUR

## Aðstoð á tannlæknastofu í Reykjavík

**Tannlæknastofa óskar eftir aðstoðarmanneskju í 70% starf.**

Starfið felur í sér að aðstoða tannlækna við stól, sótthreinsun og þrif, símsvörun og tímabókanir, vörupantanir og annað sem viðkemur almennum rekstri tannlæknastofu. Viðkomandi þarf almenna tölvukunnáttu og vera með gott viðmót.

**Upplýsingabeiðnir og umsóknir má senda á netfangið jaxlar@simnet.is**

## Umsjónarkennari á miðstigi óskast

Fullt starf | Kennari

Grunnskólinn á Ísafirði leitar eftir metnaðarfullum og drífandi kennara sem sýnir frumkvæði í starfi.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember.**

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

## Myndmenntakennari óskast

Fullt starf | Kennari

Leitað er að áhugasömum og drífandi kennara sem býr yfir lipurð og færni í samskiptum og sýnir frumkvæði í starfi.
**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk.**

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

MÝVATN
www.visitmyvatn.is
The Northern Lights capital of Iceland

## Framkvæmdastjóri óskast

Fullt starf | Stjórnendur

Mývatnsstofa leitar að öflugum einstaklingi til að leiða markaðs-, kynningar og þróunarstarf stofnunarinnar.
Umsóknarfrestur til 06.12.2021.

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

Byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga



## Störf í Þjónustuíbúðakjarna FSS í Ólafsvík!

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir að nýju laus störf til umsóknar í nýjum þjónustuíbúðakjarna fatlaðra í Ólafsvík.

Meginverkefni er stuðningur- og hæfing íbúanna til sjálfstæðrar búsetu og aukinnar virkni í daglegu lífi, menningu og félagslífi

Virða ber sjálfræði íbúa og hafa velferð þeirra að leiðarljósi í allri þjónustu

Um er að ræða vaktavinnustörf.

**Hæfniskröfur**

- Leitað er einstaklinga sem lokið hafa faglegu námi er nýtist í störfum, s.s. félagsliða- eða stuðningsfulltrúamenntun, eða sambærilegu námi
- Reynsla og þekking af starfi með fötluðum er kostur
- Stundvísi, samvinnu- og samskiptahæfileikar og áhugi fyrir starfi með fólki með skerta starfsgetu eru mikilvægir eiginleikar í starfinu
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skriflegar umsóknir um starfið er tilgreini menntun, starfsferil og umsagnaraðila ásamt prófskírteini og sakavottorði berist undirrituðum sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

**Þjónustukjarninn er reyklaus vinnustaður!**

Upplýsingar veitir: Jón Haukur Hilmarsson, forstöðumaður og fagstjóri FSS, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær; jonhaukur@fssf.is s. 430 7800

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu FSS, www.fssf.is

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2021**




## Starf hjúkrunarfræðings er laust til umsóknar

Auglýst er eftir hjúkrunarfræðingi (study nurse/study coordinator) í 100% starf við vísindarannsóknina *Blóðskimun til bjargar, skimunarrannsókn og lyfjarannsókn* við Læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin er einstök á heimsvísu. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstig mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og International Myeloma Foundation. Starfið gefur einstaka innsýn og reynslu af rannsóknarvinnu og klínísku starfi.

### Starfssvið

Hjúkrunarfræðingurinn mun tilheyra rannsóknarteymi verkefnisins og koma að bæði uppvinnslu og eftirfylgd í skimunarrannsókn og uppvinnslu og meðferð í lyfjarannsókn. Skimunarrannsóknin fer að mestu fram í móttökusetri Blóðskimunar, Skógarhlíð 8 en einnig eru reglubundið settar upp skammtímamóttökustöðvar á landsbyggðinni. Lyfjarannsóknin fer að mestu fram á LSH. Starfsmaðurinn mun hafa tækifæri til að hafa áhrif á mótun starfsins. Um er að ræða rannsóknaverkefni sem byggir á fjármögnun með rannsóknastyrkjum og er starfið bundið við slíka fjármögnun.

Önnur helstu verkefni eru:

- Innköllun og móttaka þátttakenda
- Viðtöl og sýnatökur skv. nákvæmum verkferlum
- Meðferð, flokkun og skráning sýna
- Gagnaskráning
- Þátttaka í þróun verkferla
- Krabbameinslyfjagjöf og eftirfylgd

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er kostur
- Þekking á good clinical practice (GCP) er kostur
- Reynsla af hjúkrun krabbameinsveikra og krabbameinslyfjagjöf er kostur
- Reynsla af því að vinna í teymi
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði

Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun Háskólans.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókninni: ferilskrá, staðfest afrit af prófskírteinum, meðmælabréf og greinargerð þar sem áhuga fyrir verkefninu er lýst og fjallað um hvað umsækjandi getur lagt af mörkum til þess.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2021.**
Sótt er um á **vef Háskóla Íslands** eða á **starfatorg.is**.
Nánari upplýsingar veitir Guðrún Ásta Sigurðardóttir, deildarstjóri móttökuseturs á **gas@hi.is**.

Blóðskimun til bjargar

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
+354 525 4000, hi@hi.is, www.hi.is



## FORSTÖÐUMAÐUR GEÐHEILSUMIÐSTÖÐVAR BARNA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) auglýsir laust til umsóknar ótímabundið starf forstöðumanns Geðheilsumiðstöðvar barna sem mun starfa á landsvísu. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Geðheilsumiðstöð barna verður staðsett innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Miðstöðin sameinar starfsemi þriggja starfseininga innan heilsugæslunnar; Þroska og hegðunarstöð, Fjölskylduvernd og nýtt meðferðarteymi fyrir börn og unglinga. Forstöðumaður mun leiða uppbygginguna og sameiningu þessarar þjónustu og vinna að samþættingu á þjónustu við börn í þágu farsældar barna.

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

Ábyrgð á rekstri, faglegri stjórn, sameiningu og uppbyggingu Geðheilsumiðstöðvar barna í samráði við fagstjóra lækninga og framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu HH. Þróar meðferðarúrræði og innleiðir nýjungar. Er í forsvari fyrir samræmingu og eflingu gæða í þjónustu á sviði geðheilsu barna.

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 20.12.2021.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug U. Þorsteinsdóttir
gudlaug.unnur.thorsteinsdottir@heilsugaeslan.is – 513 5000

**Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf**

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

## ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Íþróttamiðstöð Fram - gervigras.**
  EES útboð nr. 15365.

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

FÉLAGSBÚSTAÐIR

## Útboð

**Félagsbústaðir hf. óska eftir tilboðum í verkið:**
**Bríetartún 20-36, Reykjavík**
**Viðgerðir utanhúss**

**Verkið felst aðallega í:**
- Múrviðgerðum og endurnýjun á steiningu (húðun útveggja).
- Skipt um glugga og hurðir.
- Endurnýjun þakrenna og niðurfallsröra.
- Steypuviðgerðum á veggjum.
- Málun glugga

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef Félagsbústaða (https://felagsbustadir.ajoursystem.is) frá og með **mánudeginum 6. desember.** Bjóðendur skrá sig inn á vefinn til að hlaða niður gögnum.

VSB Verkfræðistofa ehf. er umsjónaraðili útboðsins og má beina fyrirspurnum vegna aðgengi að útboðsvefnum til VSB á netfangið utbod@vsb.is

Tilboðum skal skilað á útboðsvefinn eigi síðar en **mánudaginn 20. desember 2021 kl. 11:00** með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði.

Opnun tilboða er á hendi Félagsbústaða að loknum skilafresti og fá allir bjóðendur upplýsingapóst um innsend tilboð að því loknu.

GRINDAVÍKURBÆR

## Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032

Grindavíkurbær auglýsir í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tvær tillögur að breytingum á aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2018-2032.

- Aðgengi og þjónusta vegna eldsumbrota við Fagradalsfjall og athafnarsvæði í Hraunsvík vegna landtöku sæstrengs.
- Nýtt hreinsivirki og frárennslislögn, göngu- og reiðhjólastígar og stækkun golfvallar í Grindavík.

Kynningargögn vegna ofangreindra tillagna má finna á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is, og í afgreiðslu á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 (2.hæð) frá kl. 8:00 til 15:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 9:30 til 15:00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Eru þeir sem hafa hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skal senda skriflega á netfangið atligeir@grindavik.is eða til Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eigi síðar en **14.janúar 2022.**

***f.h. bæjarstjórnar Grindavíkur***
***Atli Geir Júlíusson, skipulagsfulltrúi***

FÉLAGSBÚSTAÐIR

## Útboð

Félagsbústaðir hf. óska eftir tilboðum í verkið:

**Vesturgata 67 – Fjölbýlishús**
**Útboðsnúmer 14991**

Verkið felur í sér byggingu fjögurra hæða sexíbúða staðsteypts fjölbýlishúss með lyftu.
Á fyrstu hæð er aðstaða fyrir starfsfólk. Á annarri til fjórðuhæð eru tveir íbúðir á hverri hæð.
Húsnæðinu skal skila fullbúnu tilbúnu til notkunar með frágenginni lóð.

| Helstu stærðir: | |
|---|---|
| Grunnflötur húss | 138 $m^2$ |
| Heildar fermetrar | 535 $m^2$ |

Útboðsgögnin verða afhent á rafrænu formi endurgjaldslaust hjá Hnit verkfræðistofu hf. Hafa skal samband í póstfangið kristjon@hnit.is frá og með mánudeginum 06. desember n.k.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hnit verkfræðistofu hf, Háaleitisbraut 58-60, fyrir **mánudaginn 10. janúar 2022 klukkan 11:00.** Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma. Verklok eru 15. desember 2022.

50 HNIT VERKFRÆÐISTOFA

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Tender

**Faxaports requests bids for the following project:**

**FAXA-2021-12**
**Faxagarður pier**

**Low Voltage Shore Connections (LVSC) Systems**

The scope of work is to deliver Low Voltage Shore Connection (LVSC) system, and installation of the offered LVSC system and associated equipment in Faxagardur, 101 Reykjavík.

**Quantity figures:**

| | |
|---|---|
| LVSC system A, | 1000 kVA |
| LVSC system B, | 1500 kVA |

Completion and handover of Work:

| | |
|---|---|
| LVSC system A | September to November 2022 |
| LVSC system B | 1st of May 2023 |

Tender documents will be available on the tender website, AjourTender Monday, December 6th, 2021, at 12:00. A link for the website can be found on Faxafloahafnir´s website:
https://www.faxafloahafnir.is/utbodsverk/

**Bids shall be submitted on the same website no later than January 13th, 2022, at 14:00 hours GMT.**

**No formal opening meeting will be held, but the results will be sent to bidders when the opening has taken place.**

VERKÍS
CONSULTING ENGINEERS

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

# FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2021 Framúrskarandi fyrirtæki

520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur




| Hafdís Fasteignasali 820 2222 | Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 837 8889 | Sigríður Rut Fasteignasali 699 4610 | Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099 | Helgi Fasteignasali 780 2700 | Hrönn Fasteignasali 692 3344 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þóra** Fasteignasali 822 2225 | **Þorgeir** Fasteignasali 696 6580 | **Hafliði** Fasteignasali 846 4960 | **Ragnar** Fasteignasali 844 6516 | **Darri Örn** Fasteignasali 767 0000 | **Elka** Fasteignasali 863 8813 | **Rebekka** Fasteignasali 776 8624 | **Jóhann** Fasteignasali 615 4423 |







## EINBÝLIS- OG PARHÚSALÓÐIR Í HELLUGLJÚFRI, ÖLFUSI

Verð á einbýlishúsalóðum frá **8.500.000 kr.**

Verð á parhúsalóðum frá **10.500.000 kr.**

Allar lóðir eru eignarlóðir og eru gatnagerðargjöld innifalin í kaupverði.

Áætlað er að lóðirnar verði tilbúnar til afhendingar 2022-2023.

**Uppl. veitir Elka fasteignasali í gsm: 863 8813 / elka@fstorg.is**

## Asparás 10 — 210 Garðabæ — 52.900.000







**OPIÐ HÚS mán. 6. des. kl. 17.30-18.00. Bókið skoðun**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 73,4 m²

Falleg og björt, 2ja herbergja íbúð á 1.hæð með í góðu klæddu fjölbýli, vel staðsett innst í botnlanga í Ásahverfi í Garðabæ. Húsið er við fallegt friðað svæði og gott útsýni til suðurs og vesturs. Sameign mjög snyrtileg. Íbúðin er skráð samtals 73,4 fm. samkvæmt Þjóðskrá þar af er geymsla 7,2 fm. Sólskáli er yfir veröndinni.

Gólfefni eru parket og flísar. Íbúðin gæti losnað fljótt eftir kaupsamning. Frábær staðsetning þar sem stutt er í leikskóla, skóla ofl.

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Furugrund 3 — 200 Kópavogur — 53.900.000







**OPIÐ HÚS mánudaginn 6. des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 80,8 m²

Glæsileg fullbúin ný og vönduð íbúð með sérinngangi á þessum eftirsótta og rótgróna stað við náttúruparadísina Fossvogsdalinn Kópavogsmegin. Falleg innrétting frá Axis, harðplankaparket og flísar frá Agli Árnasyni, AEG eldhústæki og innbyggður ísskápur með frysti og uppþvottavél fylgir með.Húsið er staðsett í veðursælu hverfi þar sem stutt er í leik og grunnskóla,verslanir og veitingastaði. Eignin er tilbúin til afhendingar við kaupsamning.

**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Fensalir — 201 Kópavogur — 51.900.000



**OPIÐ HÚS sun. 5. des. kl. 12.00-12.30 - Bókið skoðun**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 76.7 m²

Glæsileg rúmgóð tveggja herbergja íbúð á jarðhæð með rúmgóðum sólpalli við Fensali 8 í Salahverfinu í Kópavogi. Eignin er skráð 76,7 fm skv fmr og skiptist í svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, sér þvottahús innan eignar og 7,4 fm geymslu með glugga.

**Upplýsingar veitir Jóhann fasteignasali í gsm: 615 4423**

## Ljósheimar — 104 Reykjavík — 59.850.000



**OPIÐ HÚS sun. 5. des. kl 13.15-13.45 - Bókið skoðun**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 102 m²

Ný standsett, vel skipulögð og rúmgóð 4ra herbergja endaíbúð á 3ju hæð með tveimur lyftum við Ljósheima 14. Eignin er skráð 97,3 fm, auk 4,7 fm geymslu, heildarstærð eignar er 102,0 fm.

**Upplýsingar veitir Jóhann fasteignasali í gsm: 615 4423**

## Rjúpnasalir 14 — 201 Kópavogur — 68.900.000



**OPIÐ HÚS mán. 7.des. kl 17.00-17.30 Bókið skoðun**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 129.7 m²

Glæsileg 4. herbergja 129,6fm íbúð á annari hæð í lyftuhús við Rjúpnasali 14 í Salahverfinu í Kópavogi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, sér þvottahús innan eignar og 7 fm geymslu.

**Upplýsingar veitir Jóhann fasteignasali í gsm: 615 4423**

# GRENSÁSVEGUR 1

**AÐEINS 5 ÍBÚÐIR ÓSELDAR**

## NÝTT Í SÖLU

ÞAR SEM LAUGARDALURINN OG BORGARLÍFIÐ MÆTAST MEÐ ALLRI SINNI ÞJÓNUSTU OG UPPLIFUN.



FASTEIGNASALAN TORG KYNNIR: NÝTT GLÆSILEGT FJÖLBÝLI Í SÖLU AÐ GRENSÁSVEGI 1. ALLS VERÐA 50 ÍBÚÐIR Í FYRSTA ÁFANGA.
**- EINUNGIS 5 ÍBÚÐIR EFTIR -**

Alls munu verða byggðar 204 íbúðir ásamt verslunar og skrifstofu rýmum. Í fyrsta áfanga eru 50 íbúðir. Flestar þeirra eru 2ja og 3ja herbergja á bilinu 45 – 90 fm að stærð. Einnig eru stúdíó íbúðir og nokkrar stærri íbúðir, m.a. á efstu hæð.

Það verðar 4 sjálfstæð hús með 7 stigagöngum og sameiginlegum kjallara, geymslum og bílastæðum.





**SÖLUMENN VEITA ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR, HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN NÚNA!**

**Verð frá 59.9 - 89.9 millj.**

Afhending á fyrstu íbúðum apríl 2022

- Glæsileg hönnun!
- Allar innréttingar eru sérsmíðaðar
- Innfelld LED lýsing í eldhúsinnréttingu og í niðurteknum loftum
- Svartur yfirfelldur eldhúsvaskur með svörtu blöndunartæki
- Óbein LED lýsing úr lofti fyrir ofan sturtu á baðherbergjum
- Baðherbergi flísalögð með 60x60 cm flísum frá gólfi til lofts
- Svalahandrið úr gleri
- Gólfhiti í íbúðum
- Glæsileg Bosch tæki í eldhúsi, þ.m.t. ísskápur og uppþvottavél

HÚSASALAN

Síðumúla 33 - 537-9000 - husasalan.is - husasalan@husasalan.is



Geir Sigurðsson
s: 655-9000
Lögg. fast.

30 ÁR
JÁKVÆÐNI - HREINSKILNI - SAMVISKUSEMI
REYNSLA Í SÖLU FASTEIGNA

## Skógarhjalli 7 – PARHÚS

**OPIÐ HÚS mánudaginn 6. desember n.k. frá kl. 17.00 til 17.30**




Fallegt 264,4 fm parhús á tveimur hæðum.
Húsið skiptist í 196,4 fm íbúð ásamt 30 fm bílskúr og 38 fm aukaíbúð með sér inngangi.
Á efri hæðinni er forstofa, snyrting, opið stigarými með þakglugga, eldhús með borðkrók, stofa með útsýni og suð-vestur svölum og hjónaherbergi með fataherbergi.
Á neðri hæðinni eru fjögur herbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og vinnurými við stigahol. Einnig er á neðri hæðinni aukaíbúð sem skiptist í forstofu með sérinngangi, baðherbergi og studio með eldhúskrók.
Eignin er m.a. með nýju parketi, gluggar og gler endurnýjað að hluta, þak endurnýjað og yfirfarið.
Hiti er í innkeyrslu, stéttum og útitröppum.
Frábær staðsetning, stutt í verslanir og þjónustu.
**Verð 132 m.**
**Upplýsingar veitir Geir Sigurðsson, lgf., s: 655-9000**

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
*Löggiltur fasteignasali*
*S: 867-3040*



*Kristín María*
*lögg. fasteignasali*
*S: 837-1177*

## GALTALIND 18 - 201 KÓPAVOGI

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 7. DES. KL. 17:30-18:00**




Björt og vel skipulögð 3ja herbergja 106,0 fm. jarðhæð með sérinngangi í litlu fjölbýli. Útgengi er úr stofu á pall til suðvesturs með góðu útsýni. Húsið er vel staðsett innan hverfis þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. **Nánari uppl. veita Kristín lgf. s. 837-1177 og Kristján lgf. s. 867-3040 Verð: 62,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

EIGNAMIÐLUN

**STAÐGREIÐSLA Í BOÐI**



## Einbýlishús í Vesturborginni óskast

Viðskiptavinur okkar leitar að 250-350 fm einbýlishúsi í Vesturborginni. Staðgreiðsla í boði.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8514

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

EIGNAMIÐLUN

**OPIÐ HÚS**
6. des. 12:30-13:00



## Pósthússtræti 5

101 Reykjavík

Fjölbýlishús | 113 fm | 3 herb.

**55.900.000**



**Unnar Kjartansson**
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968


**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**


# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.




**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is










# TIL SÖLU OG LEIGU

## EINKAR VÖNDUÐ ATVINNUHÚSNÆÐI Á FRÁBÆRUM STAÐ

**Langbestu kaupin í iðnaðar-, lager-, hobbýbilum á höfuðborgarsvæðinu.**
**Gerið verð- og gæðasamanburð.**

- Stærð 108 - 216 fm.  Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m
- 11 mínútna akstur frá Grensásvegi.
- Afhendist fullbúið á byggingarstigi 7.
- Malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum.
- Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan.
- Afar auðvelt og hagkvæmt að bæta við millilofti.
- 75% fjármögnun möguleg að uppfylltum skilyrðum.
- Afhending í mars og apríl 2022

Vandaður byggingaraðili, byggingarfélagið Hamar.
Hægt að skoða tilbúin sambærileg atvinnubil byggð af sama byggingaraðila.

**Hægt að fá tilboð í leigu. Leigustærðir 108, 153, 208 og allt að 300 m2.**
**Upplýsingar um leigu veitir: Magnús hjá Efnivið í síma 897-8266 eða magnus@efnividur.is**

**Nánari upplýsingar veitir:**

**Þórarinn Thorarensen lögg. fast.**

**Sími: 770-0309 / th@landmark.is**

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

**TIL SÖLU**







## Skildinganes 15 Skerjafjörður

**Reynistaður við Skildinganes. Einstakt einbýlishús á eftirsóttum stað. Um er að ræða 387 fm einbýlishús sem stendur á 1.911 fm eignarlóð.**

Eggert Claessen bankastjóri og hæstaréttarlögmaður eignaðist húsið 1922. Lét hann byggja við húsið og var þeim breytingum lokið árið 1924.

Hann nefndi hús sitt Reynistað eftir samnefndu stórbýli í Skagafirði þaðan sem hann var ættaður. Elsti hluti hússins er talinn vera byggður 1874.

**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
824 9093
kjartan@eignamidlun.is



**ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐUM Í EIGNINA**

**OPIÐ HÚS**
6. des. 17:00-17:30



## Mánatún 2
105 Reykjavík

Fjölbýli | 125,5 fm | 3 herb.

**74.500.000**



**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

**OPIÐ HÚS**
7. des 17:15-17:45



## Tryggvagata 21
101 Reykjavík

Fjölbýlishús | 81-101 fm | x herb.

**80.900.000**



**Unnar Kjartansson**
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

**OPIÐ HÚS**
7. des. 17:00-17.30



## Grandavegur 42a
107 Reykjavík

Íbúð í lyftuhúsi með bílskýli | 76 fm | 2 herb.

**59.900.000**



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882










**EIGNIN VERÐUR SÝND Í EINKASÝNINGUM**
**SUNNUDAGINN 5. DES. OG MÁNUDAGINN 6. DES.**

Húsið var byggt árið 2011
Sérsmíðaðar innréttingar og skápar
Forhitakerfi

Sólpallur
Heitur pottur
Upphitaður garðskáli

**Stærð: 190 fm. | 2 baðherbergi | 3 svefnherbergi | Verð: 165 millj.**



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
899-5949

TRAUSTI fasteignasala

## GRÆNABORG 2 | VOGUM







**10 íbúða hús hannað af Kristni Ragnarssyni arkitekt í samstarfi við Sir Arnar Gauta.**

*Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum. Eldhúsinnréttingar eru frá AXIS og hannaðar af Sir Arnari Gauta. Blöndunartæki eru frá Ísleifi Jónssyni. Ísskápur og uppþvottavél fylgja öllum íbúðum. Eldhústæki eru frá Heimilistækjum. Öll lýsing er LED. Húsið er einangrað og klætt að utan sem gerir það einstaklega viðhaldslítið. Sérinngangur af svölum.*
***Afhending í apríl 2022.***

**Frá 49.900.000**

| | |
|---|---|
| TEGUND | Fjölbýli |
| STÆRÐ | 93,1 -137,8 m$^2$ |
| HERBERGI | 3-4 |



**Garðar Hólm**
Löggiltur fasteignasali
S. 899-8811
gardar@remax.is



**Guðlaug Jóna**
Löggiltur fasteignasali
Sími 661 2363
gulla@remax.is

RE/MAX | VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG | remax.is

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson** og **Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

**Hreiðar Guðmunds**
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021

**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

**Ómar Hvanndal**
hdl. & aðst. fasteignas.
Sími: 832 3200

**Barbara R. Bergþórs**
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki



**Þóroddur S. Skapta**
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

**Atli S. Sigvarðsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

**Kjartan Í. Guðmunds**
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

**Friðrik Þ. Stefáns**
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

**Friðjón Ö. Magnúss.**
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

**Óskar S. Axelsson**
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

**Ingi Þór Ingólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

**Ragnheiður Péturs**
hdl. og löggiltur fasteignasali

## Grjótás 1
**260 Njarðvík**












### Glæsilegt 204 fm einbýlishús á einstökum útsýnisstað í Reykjanesbæ.

- Flestar innréttingar sérsmíðaðar, vönduð gólfefni án gólflista.
- Aukin lofthæð, 2 svefnherbergi og opið skrifstofurými sem auðvelt er að loka og búa til 3. svefnherbergið.
- Eldhús, borðstofa, stofa og skrifstofa eru í opnu björtu útsýnisrými.
- Frá stofu er útgengt út á sólpall með heitum potti.
- Þvottahús er innaf eldhúsi og þar er einnig útgengt út í fallegan garð með sólpöllum og fjölbreyttum gróðri.
- Um 20 mín frá höfuðborginni.

Verð: **85 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 3090**
elin@miklaborg.is












## Blönduhlíð 27
**105 Reykjavík**

### Falleg stór 172,8 fm efri hæð í Hlíðunum með bílskúr

- Hæðin skipar: forstofu, fallegt sameiginlegt stigahús með vestur svölum, hol, eldhús sem er opið inn í stofu, stofur með útgengt út á suður svalir,
- 3 svefnherbergi, baðherbergi og geymsla í kjallara 6,8 fm.
- Sérafnotaréttur á stæði fyrir framan bílskúr

Verð: **84,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

**sími**
**5697000**
**www.miklaborg.is**

**Með þér alla leið**

# Elliðabraut 8-10
**110 Reykjavík**











- Mikið úrval af **2-5 herbergja** íbúðum
- Stærðir frá **81,9 – 136,5 fm**
- **Aukin lofthæð** í mörgum íbúðum
- **Bílastæði fylgir** öllum íbúðum
- Rétt við **Elliðavatn** og **Heiðmörk**
- Afhending **strax**

Glæsilegt fjölbýlishús á þessum eftirsótta stað í Norðlingaholti. Húsið er teiknað af +Arkitektum og byggt af Þingvangi. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar og fataskápar sem ná upp í loft. Öllum íbúðum fylgir sérgeymsla og sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu. Sumum íbúðum fylgir einnig bílskúr.

Verð frá: **69,9 millj.**



**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
**sími: 691 1931**
ohb@miklaborg.is

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Ómar Hvanndal**
hdl. og aðst. fasteignas
**Sími: 832 3200**
omar@miklaborg.is

### Elliðabraut 8 - íb. 417



**3 herbergja**
Stærð: **79,2 fm**
Stofur: **1**
Svefnherbergi: **1**
Baðherbergi: **1**
Bílastæði fylgir
**46,6 fm** þakverönd

Verð: **69.990.000**

### Elliðabraut 8 - íb 223



**5 herbergja**
Stærð: **134,5 fm**
Stofur: **1**
Svefnherbergi: **4**
Baðherbergi: **2**
Bílastæði fylgir

Verð: **89.990.000**

### Elliðabraut 10 - íb. 401



**3 herbergja**
Stærð: **142,2 fm**
Stofur: **1**
Svefnherbergi: **2**
Baðherbergi: **1**
Bílastæði og bílskúr
**73,9 fm** þakverönd

Verð: **103.990.000**














# Marbakkabraut 26
**200 Kópavogur**

**Einstök hönnunarperla eftir Manfreð Vilhjálmsson á veðursælli 992fm sjávarlóð**

- 225,7 fm þar af er bílskúr 30,2 fm.
- Öll hönnun miðar að því að magnað sjávarútsýnið njóti sín sem best.
- Á neðri hæð er eldhús, borðstofa, stofur, svefnherbergi, snyrting og þvottahús og innangengt í bílskúr
- Uppi er hjónaherbergi, baðherbergi og barnaherbergi.
- Yfir bílskúr er um 30 fm risloft með mikilli lofthæð.



**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 773 6000**
thorunn@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**












**Hafið samband** og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!**



**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
**Sími: 822 2307**
olafur@miklaborg.is

**Barbara R. Bergþórs**
lögg. fasteignasali
**Sími: 823 0339**
barbara@miklaborg.is

**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 3090**
elin@miklaborg.is

**Hreiðar L. Guðmunds**
lögg. fasteignasali
**Sími: 661 6021**
hreidar@miklaborg.is

# Hverfisgata 92
**101 Reykjavík**

**Glæsilegar 2 - 4 herbergja 99,7 - 146,4 fm íbúðir**

- Góð sameign og **margar íbúðir sérstæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir og Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- Flestir **gluggar gólfsíðir**
- **Stæði í bílageymslu** fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar **skilast fullbúanar** m. gólfefnum

| Hús | Eign | Herb | Stærð | Verð |
|---|---|---|---|---|
| A | 0501 | 2 | 99,7 m² | 94,9 m. kr |
| B | 0203 | 3 | 105,1 m² | 82,9 m. kr |
| B | 0503 | 4 | 146,4 m² | 169 m. kr |
| C | 0307 | 3 | 107,7 m² | 88,9 m. kr |

**MIKLABORG** | **Með þér alla leið**

**miklaborg.is**




**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 5. desember kl. 15.00 - 15.30

## Álfaheiði 1
**200 Kópavogur**

**104,1 fm þriggja herb. íbúð með sérinngangi**

- Tvö svefnherbergi
- Nýlega endurnýjað bað
- 23,4 fm bílskúr
- Frábærlega staðsett eign í grónu hverfi

Verð: **62,5 millj.**




**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 5. desember kl. 13.45 - 14.30

## Grettisgata 74
**101 Reykjavík**

**Falleg og mikið uppgerð 4 herb. íbúð á 1. hæð á vinsælum stað**

- Samliggjandi stofa, borðstofa og eldhús, baðherbergi.
- 2 svefnherbergi
- Hlutdeild í sameiginlegri geymslu í risi

Verð: **54,9 millj.**




## Furugrund 30
**200 Kópavogur**

**Mjög falleg og mikið endurnýjuð 4ra herb. 78,7 fm íbúð á efstu hæð**

- Stofa og eldhús í sameiginlegu rými.
- Þrjú svefnherbergi, baðherbergi og svalir.
- Afar vel nýtt eign sem vert er að skoða.
- Í kjallara er aukaherbergi og geymsla
- Sameiginlegt þvottahús.

Verð: **55,9 millj.**




**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 5. desember kl. 15.15 - 16.00

## Fróðengi 16
**112 Reykjavík**

**Vel skipulögð 101,6 fm 4 herb. endaíbúð á jarðhæð með 38,1 fm sérafnotarfleti**

- 3 svefnherbergi, bað, stofa með útgengi út á stórann sérafnotaflöt, eldhús, sérþvottahús og geymslu innan íbúðar
- Sérmerkt bílastæði
- Ný sprunguviðgert

Verð: **56,9 millj.**




## Skúlagata 10
**101 Reykjavík**

**Glæsilegt 149 fm húsnæði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur**

- Sérinngangur, gólfsíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Húsnæði á einu fastanúmeri
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur
- Laust strax.

Verð: **94,9 millj.**




**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 5. desember kl. 12.15 - 12.45

## Hverfisgata 93
**101 Reykjavík - íb. 319**

**Falleg 63,4fm 2ja herb. endaíbúð á 3.hæð í nýlegu lyftuhúsi**

- Edhús opið inn í stofu
- Svefnherbergi
- Geymsla í kjallara.
- Svalir til suðurs
- Stæði í bílgeymslu
- Frábær staðsetning

Verð: **54,9 millj.**




## Grandavegur 42 e
**107 Reykjavík - íb. 305**

**Vönduð 146,5 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð með yfirbyggðum svölum.**

- 3 svefnherbergi
- Íbúðin er laus strax við kaupsamning.
- Stæði í bílgeymslu

Verð: **98,9 millj.**




**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 5. desember kl. 16.00 - 16.30

## Asparás 2
**210 Garðabæ**

**Falleg og björt 81,9 fm tveggja herbergja endaíbúð á neðri hæð**

Sérinngangur. Opið rými, stofa/borðstofa.

Úr stofu er gengið út á 32,7 fm afgirtan sérafnotarétt

Geymslu innan íbúðar

Góð bílastæði eru á lóð.

Sérgeymsla í sameign

Verð: **57,9 millj.**




## Elliðabraut 16
**110 Reykjavík - íb. 102**

**Falleg glæný íbúð, 2ja herbergja 56,2 fm íbúð í nýju lyftuhúsi.**

- Svalir til suðvesturs
- Hátt til lofts er í íbúðinni
- Eldhús og stofa í opnu rými
- Gólfsíðir gluggar
- Sérgeymsla í kjallara
- Loftræstikerfi er í húsinu
- Hjóla og vagnageymsla í kjallara

Verð: **47,9 millj.**




**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 5. desember kl. 17.00 - 17.30

## Þórsgötu 23
**101 Reykjavík**

**Mjög falleg 104 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð sem og risi**

- Sér þvottahús í kjallara þaðan sem útgengt er út í garð.
- Virkilega skemmtilegt skipulag
- Tvö baðherbergi
- Frábær staður í miðbæ Reykjavíkur

Verð: **69,9 millj.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

AÐALKAUP Bílasala



**GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ!!!**
NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgerð 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120602. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP Bílasala



**7 MANNA - EÐAL EINTAK**
LAND ROVER DISCOVERY SE Limited 7 MANNA. Árgerð 2015, ekinn aðeins 134þ.km., Dísel, Sjálfskiptur. Ný tímareim. Leður, bakkmyndavél, krókur, þakbogar o.fl. o.fl. Verð kr.6.777.000- Rnr.120613. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3C.

**Aðalkaup - Bílasala**
**Skeifan 3C, 108 Reykjavík**
**Sími: 888 3715**
**adalkaup@adalkaup.is**
**http://adalkaup.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SPAR bíll



Range Rover Velar HSE 2018 Modelár. Ekinn aðeins 44 þús. km. Allir aukahlutir sem hægt er að hugsa sér eru í þessum eðalvagni sem var konubíll og kemur frá góðu heimili. Bíllinn er allur yfirfarinn. Verð aðeins 9.950.000,-



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit+ Tíglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Þessir bílar hækka í verði um áramót ! 4 litir á staðnum. Verð 5.950.000,-



Nú þegar engir sendibílar eru fáanlegir í heiminum eigum við þennan til á lager ! Nýr 2021 Ford Transit Trend L3H3. Til afhendingar strax ! Verð: 5.500.000,- án vsk.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Þjónusta

### Málarar

**MÁLNINGARVINNA.**
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

+++ EÐALVERK +++
- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsaviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirki s: 778-7171

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is




VINNUPALLAR EHF
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**LOK Á HEITA POTTA**



**Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.**
**Metum ástand og gerum við.**
***www.fjardarbolstrun.is***
**Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com**

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**




**Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is**
**Formbólstrun**
**Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir raf-hlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**




**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

# Notaleg jólastemning í Hafnarborg

**Aldís Arnardóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar, segir að vel sé tekið á móti gestum á aðventunni í safninu. Þar eru í boði sýningar, tónleikar og jóladagatal fyrir fjölskyldur.**

> **Tónleikar safnsins eru ávallt vel sóttir en þetta er átjánda árið sem við í Hafnarborg erum með hádegistónleika á aðventu.**

Aldís bendir á að jóladagatal Sjónvarpsins, Hvar er Völundur?, frá árinu 1996 verði sýnt í endurtekningu alla daga, nema þriðjudaga, milli kl. 16 og 17. „Í aðalsal safnsins erum við með yfirlitssýningu á verkum Þorvaldar heitins Þorsteinssonar, myndlistarmanns, sem nefnist Lengi skal manninn reyna, en jóladagatalið er einmitt eftir hann og gefur mynd af fjölbreyttu höfundarverki Þorvaldar," segir Aldís. Það eru Felix Bergsson og Gunnar Helgason sem fara með aðalhlutverk og leikstjórn þáttanna. „Við vonum að barnafjölskyldur komi til okkar að fylgjast með þáttunum en sá fyrsti var sýndur 1. desember. Safnið er alltaf lokað á þriðjudögum og þess vegna sýnum við tvo þætti á miðvikudögum. Þá er ókeypis inn í safnið, hvort sem það er á sýningar eða viðburði," bætir hún við.

Í Hafnarborg er því hægt að eiga notalega stund, slaka á og skoða myndlist, bækur eða fallegar gjafavörur í safnbúðinni. Gott er að koma inn í rólegheitin eftir að hafa gengið um jólaþorpið og anda að sér jólastemningu utandyra á Strandgötunni í Hafnarfirði. Einnig er boðið upp á kaffi á vinnustofu listamannsins, „Þorvaldsstofu", sem sett hefur verið upp á annarri hæð safnsins. Er þar hægt að skoða skissur og annað efni frá honum í þeirri kyrrð og næði sem einkenna safnið.



Aldís Arnardóttir segir að mikið sé um að vera á aðventunni í Hafnar borg í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Auk sýningar Þorvaldar Þorsteinssonar er svo í gangi sýningin Söngfuglar þar sem sjá má ný verk eftir Katrínu Elvarsdóttur. Á dagskránni verða einnig hádegistónleikar með jólablæ 7. desember kl. 12 og síðdegistónar þann 17. desember kl. 18, þar sem gestir geta notið þess að hlusta á jóladjass. „Tónleikar safnsins eru ávallt vel sóttir en þetta er átjánda árið sem við í Hafnarborg erum með hádegistónleika á aðventu. Undanfarið hefur sömuleiðis verið mjög góð aðsókn í safnið og greinilegt að sýningarnar höfða til margra. Til dæmis hafa fjölmargir nemendahópar, jafnt úr grunn- og framhaldsskólum komið í heimsókn. Nú þegar hafa komið 180 nemendur á einum mánuði og við eigum von á rúmlega hundrað í viðbót á næstu tveimur vikum," segir Aldís. „Okkur finnst alltaf mjög skemmtilegt að taka á móti þessum áhugasömu hópum."

Aldís segir að nú sé margt um að vera í Hafnarfirði, bærinn sé fallega skreyttur og jólaþorpið alltaf vinsælt. „Áhugi fólks á bæjarbragnum hér fyrir jólin skilar sér líka til okkar. Hingað koma börn sem eru að taka þátt í jólaratleik og svo er alltaf áhugi á vörum sem við erum með í sölu á aðventunni. Þar má sérstaklega nefna Kærleikskúluna og Jólaóróann sem við seljum fyrir Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Einnig erum við ávallt með vandaðar listaverkabækur og nýju Hafnarfjarðarveggspjöldin frá Hjarta Reykjavíkur eru væntanleg í sölu. Þá erum við búin að skreyta fallega fyrir hátíðina, þannig að umhverfið er orðið jólalegt hjá okkur."

Aðgangur að tónleikum, sýningum og viðburðum þeim tengdum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir í Hafnarborg, Strandgötu 34. Opið alla daga, nema þriðjudaga, kl. 12-17. ■



Nú stendur yfir sýning á verkum Þorvalds Þorsteinssonar í Hafnarborg en margir hafa lagt leið sína þangað til að berja sýninguna augum.

# Áhugaverð saga í gömlum húsum

**Þeir sem ætla að leggja leið sína í Hellisgerði fyrir jólin og skoða dásamlegar skreytingar ættu að koma við í Byggðasafninu. Þar er ekki síður skreytt og innandyra áhugaverðar sýningar fyrir allan aldur.**



Björn Pétursson fyrir utan byggðasafn Hafnarfjarðar sem hefur verið fallega jólaskreytt eins og fleiri staðir í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þemasýningin í Pakkhúsinu nefnist Kaupmaðurinn á horninu og þar höfum við gert jólalegt. Sýningin fjallar um sögu og þróun sem hófst í verslunarháttum í Hafnarfirði á þriðja áratug 20. aldar.**

Björn Pétursson bæjarminjavörður segir að fallegar jólaskreytingar séu komnar utan á húsið. Sérstök jólaútstilling er á Beggubúð, en þar er verslunarminjasýning sem hefur fengið jólalegan blæ. Byggðasafnið samanstendur af sex húsum en við Byggðasafnstorg standa Pakkhús, Sívertsens-hús og Beggubúð.

Í Pakkhúsinu eru þrjár sýningar í gangi. Fastasýningin ber heitið Þannig var … og er saga Hafnarfjarðar og nágrennis rakin frá landnámi til okkar daga. Á efstu hæð er leikfangasýning safnsins, sérstaklega ætluð börnum, en Byggðasafnið varðveitir stórt leikfangasafn og er hluti þess á sýningunni. Núverandi þemasýning í forsalnum fjallar um Kaupmanninn á horninu. Á aðventunni hreiðrar sjálfur jólasveinninn um sig í Sívertsens-húsinu og tekur fagnandi á móti glöðum og spenntum börnum sem taka þátt í leikskóladagskrá safnsins.

„Leikskólabörn í Hafnarfirði koma í 20 barna hópum á klukkutíma fresti á meðan jólasveinninn er í húsinu. Fyrst fá börnin leiðsögn um húsin og fá að heyra um jólin í gamla daga og fjölskylduna sem þarna bjó. Síðan birtist jólasveinninn í lokin og það er mjög vinsælt. Þetta hefur verið hefð á safninu í mörg ár," segir Björn og bendir á að gaman sé að skoða húsin jafnt að innan sem utan. Safnið er opið þegar jólaþorpið er í gangi og það er alltaf ókeypis aðgangur. Jólaþorpið laðar fólk að frá öllu höfuðborgarsvæðinu og fleiri stöðum og við fáum gesti víða að. Síðla sumars fundum við fyrir aukningu á erlendum ferðamönnum og það er enn reytingur," segir Björn.

„Þemasýningin í Pakkhúsinu nefnist Kaupmaðurinn á horninu og þar höfum við gert jólalegt. Sýningin fjallar um sögu og þróun sem hófst í verslunarháttum í Hafnarfirði á þriðja áratug 20. aldar þegar segja má að þróast hafi í að litlar matvöruverslanir hafi verið á öðru hvoru götuhorni í bænum. Fram að því hafði nær öll verslun í bænum verið í höndum örfárra aðila en þegar líða tók á þriðja áratuginn varð þessi breyting á verslunarmálum í Hafnarfirði. Leikfangasýningin á efri hæðinni vekur alltaf mikla athygli hjá börnum sem fullorðnum," segir Björn enn fremur.

Kaffihús eru allt um kring og hægt að setjast niður á milli þess sem fólk skoðar svæðið.

Pakkhús Byggðasafns Hafnarfjarðar er opið frá kl. 11-17 alla laugardaga og sunnudaga á aðventunni. Skammt frá Byggðasafninu, á Strandstígnum, má til vorsins 2022 upplifa sýningu með rúmlega 50 ljósmyndum á 20 skiltum um sögu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar en um þessar mundir eru liðin 90 ár frá stofnun hennar. Frítt er á allar sýningar Byggðasafnsins. ■



Skemmtileg jólasýning er í byggðasafninu fyrir leikskólabörn á aðventunni.

# Þjóðminjasafnið er ómissandi hluti aðventunnar

**Jóladagskrá Þjóðminjasafnsins er fjölbreytt og skemmtileg í ár eins og undanfarin ár. Grýla og Leppalúði kíkja í heimsókn á morgun og fljótlega kemur fyrsti jólasveinninn til byggða.**

Það er fastur liður hjá mörgum fjölskyldum að kíkja á Þjóðminjasafnið á aðventunni. Þjóðminjasafnið hefur um árabil tekið á móti fjölskyldum og kynnt rammíslenskar jólahefðir fyrir nýjum kynslóðum barna, meðal annars með heimsóknum frá íslensku jólasveinunum, Grýlu og Leppalúða.

Ár hvert eru Grýla og Leppalúði vön að koma við á Þjóðminjasafninu stuttu áður en jólasveinarnir koma til byggða og á morgun, sunnudaginn 5. desember, ætla þau hjónin að kíkja í heimsókn en fram undan er skemmtileg dagskrá næstu vikurnar fram að jólum, segja þær Anna Rut Guðmundsdóttir, vefstjóri Þjóðminjasafnsins, og Anna Leif Auðar Elídóttir safnkennari. „Hljómsveitin Vísur og skvísur mun flytja nokkur lög á meðan beðið er eftir Grýlu og Leppalúða, en gert er ráð fyrir að þau mæti í hús um kl. 14. Það er strax orðið fullbókað á viðburðinn á morgun. Við viljum minna gesti á að þar sem fjöldatakmarkanir eru í gildi eru skráningar nauðsynlegar á viðburði hjá okkur á aðventunni en þeim verður einnig streymt í gegnum YouTube-rás safnsins,“ segir Anna Rut.

### Jólasveinar mæta

Jólasveinarnir þjóðlegu mæta svo í sínu fínasta pússi í Þjóðminjasafnið á slaginu kl. 11, frá og með sunnudeginum 12. desember að sögn Önnu Leifar. „Jólasveinarnir klæðast fatnaði af gamla taginu og útskýra kenjar sínar og klæki fyrir börnunum og öðrum gestum safnsins. Eins og venjulega er það Stekkjastaur sem er fyrstur til byggða og mætir hann í hús til okkar á sunnudaginn eftir rúma viku. Þessir viðburðir verða einnig í streymi í gegnum YouTube-rás safnsins. Við munum þó alltaf geta tekið á móti gestum líka, en nánari útlistun á því verður kynnt á heimasíðu safnsins þegar nær dregur.“

### Jólatré úr safneign

Undanfarin ár hefur Þjóðminjasafnið sett upp sýningu á gömlum jólatrjám sem margir muna eflaust eftir af æskuheimilum sínum eða úr stofum ömmu og afa eða langömmu og langafa. „Þessi jólatré eru frá því snemma á 20. öld og fram undir 1970. Trén eru úr safneign Þjóðminjasafnsins og eru til sýnis á annarri hæð safnsins.“ Fyrstu jólatrén bárust til Norðurlanda laust eftir 1800 og náði hefðin einna fyrst rótfestu í Kaupmannahöfn að þeirra sögn. Fyrstu heimildir um jólatré á Íslandi eru frá miðri 19. öld. „Jólatréð varð þó ekki sjálfsagður hluti jólanna á íslenskum heimilum fyrr en eftir aldamótin 1900. Þau munu fyrst hafa sést hjá dönskum kaupmönnum og íslenskum embættismönnum sem kynntust þessum sið í Kaupmannahöfn. Á síðustu áratugum 19. aldar fjölgaði jólatrjám meðal hinna efnameiri og fyrir aldamótin 1900 má sjá jólatré og jólatrésskraut auglýst í verslunum. Heimatilbúin jólatré voru hins vegar algengust meðal almennings fram undir miðja 20. öldina.“

Á sýningunni má skoða tíu tré og það elsta er frá 1910. „Trén eru bæði heimasmíðuð og innflutt. Elsta tréð er úr viði, nú klætt með grænum glanspappír. Á greinarnar eru límdar skrautlengjur sem eru klipptar út úr gjafapappír. Svo er eitt jólatré frá árinu 1927. Það er ríkulega skreytt og sú saga fylgir trénu að skrautið hafi aldrei verið tekið af því að jólum loknum. Í gegnum árin hafi aftur á móti skrauti verið bætt á það.“

### Sívinsæll Jólakattarratleikur

Eins og undanfarin ár hefur Jólakötturinn sloppið inn á Þjóðminjasafnið og falið sig á tíu stöðum innan um muni sýningarinnar. „Þennan skemmtilega ratleik má nálgast í móttöku safnsins og er til bæði á íslensku og ensku. Gestir safnsins geta tekið þátt í honum fram til 6. janúar og er hannskemmtilegur kostur fyrir fjölskyldur og alls kyns hópa.“

### Stofan er alltaf notaleg

Að lokum má nefna að í Stofu á þriðju hæð Þjóðminjasafnsins er hægt að láta fara vel um sig, máta búninga, föndra, lita jólamyndir, leika sér og spila. „Í skápum Stofunnar eru gripir úr geymslum safnsins. Gripirnir vekja margar spurningar og eru frá mismunandi tímabilum sögunnar. Auk þess má finna mikið úrval af jólaskrauti og jólagjöfum í safn- og vefversluninni okkar. ■



Anna Leif Auðar Elídóttir safnkennari (t.v.) og Anna Rut Guðmundsdóttir, vefstjóri Þjóðminjasafnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gáttaþefur skemmtir hér hressum skólahópi.



Pottaskefill brá sér í dulargervi á síðasta ári.



Pottaskefill ásamt Grýlu, móður sinni.



Silfurlitað gervijólatré frá 1955-1960, innflutt frá Englandi.



Jólatré frá 1950-1960 með skrautkúlum og mjóum gervikertum.

Nánari upplýsingar um jóladagskrána má finna á thjodminjasafn.is/jol. Aðgöngumiði í Þjóðminjasafnið kostar 2.000 kr. og gildir í heilt ár. Frítt er fyrir börn yngri en 18 ára.

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Þjáist af liðverkjum og stirðleika?
Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hár blóðþrýstingur?

Arctic Star




Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta á mörgu meini.

Vítamín D:
- Stuðlar að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs.
- Stuðlar að viðhaldi beina, tanna og vöðva.
- Stuðlar að bættri starfsemi ónæmiskerfisins.
- Eining hefur D-vítamín hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618




Verslun Guðlaugs A Magnússonar
Skólavörðustíg 10
101 Reykjavík
sími 562 5222
www.gam.is


FRÍ
heimsending þegar verslað er fyrir 5.000,- eða meira í vefverslun
ZIKZAKVERSLUN.IS
FRÁBÆRT ÚRVAL AF SPARIFATNAÐI!
Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Bolur 5.990,- st.38-48
Kjóll 7.990,- st.S-XXXL
Kjóll 6.990,- st.S-XXXL
Skyrta 6.990,- st.S-XXXL
Kjóll 9.990,- st.S-XXXL
Bolur 5.990,- st.S-XXXL
Túnika 6.990,- st.S-XXXL
Kjóll 7.990,- st.S-XXXL
Peysa 3.990,- st.S-XL
Peysa 3.990,- st.(38-42)
Peysa 3.990,- st.S-XL
BOLUR 5.990,- st. S-XXXL
LEGGINGS 3.990,- st. S-XXXL

# MariCell – íslensk húðvörulína frá Kerecis

Kerecis kynnir MariCell, íslensk húðkrem sem framleidd eru á Ísafirði og innihalda mOmega-3 fjölómettaðar fitusýrur.

Húðlæknirinn Baldur Tumi Baldursson stendur að baki MariCell kremunum sem fást í fjórum mismunandi gerðum og hafa gefið góða raun. Kremin eru CE-merkt og flokkast því ekki sem snyrtivörur heldur lækningavörur. Þau innihalda hvorki stera né paraben og með ávísun læknis greiða Sjúkratryggingar Íslands hluta kostnaðarins.

**XMA fyrir viðkvæma húð**
MariCell XMA er einstaklega virkt krem sem er sérþróað til meðhöndlunar á aumri, rauðri og bólginni húð og einkennum exems. Kremið inniheldur mOmega3 fjölómettaðar fitusýrur og byggir á íslenskri einkaleyfavarinni tækni. Kremið hefur eftirfarandi eiginleika:

- Slakar á húðinni og eykur fyllingu
- Meðhöndlar auma, rauða og bólgna húð
- Dregur úr kláða
- Sefar húð

**Fann loksins krem sem virkar**
Friðbert Elí Friðbertsson hefur glímt við exem frá eins og hálfs árs aldri. „Ég hef prófað öll möguleg krem í gegnum tíðina en XMA kremið frá MariCell virkar langbest á mig af þeim ólyfseðilsskyldu kremum án stera sem ég hef prófað.“ Friðbert byrjaði að nota kremið fyrir tæpu ári og hefur notað það á hverjum degi síðan. Exemið er að hans sögn hvað útbreiddast á höndum og andliti og hefur hann hingað til ekki fundið krem sem er jafn rakagefandi og mýkir húðina jafn vel. Friðbert er 38 ára í dag og ánægður með að hafa loks fundið krem sem virkar. „Það gerir það líka að verkum að ég get látið líða lengra á milli sterakúra en þá þarf ég yfirleitt að taka þegar verða miklar hitabreytingar í veðri. XMA heldur mér hins vegar góðum á milli,“ segir Friðbert.

**MariCellTM PSORIA meðhöndlar einkenni sóríasis**
MariCell PSORIA er sérþróað til meðhöndlunar á þykkri og hreistraðri húð með einkennum sóríasis. MariCell Psoria inniheldur mOmega3 fjölómettaðar fitusýrur og byggir á íslenskri einkaleyfavarinni tækni. Kremið hefur eftirfarandi eiginleika:

- Meðhöndlar hreistraða húð og einkenni sóríasis
- Dregur úr kláða
- Losar húðflögur
- Er rakagefandi og eykur vatnsbindigetu húðarinnar



Einar Örn Grettisson gekk á milli lækna til að fá bót við sóríasis-sárum. Hann finnur mikinn mun eftir að hann byrjaði að nota MariCell Psoria kremið frá Kerecis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR






Eftir að Einar fór að nota MariCell™ Psoria-kremið frá Kerecis hafa sóríasis-sárin horfið með öllu.



Friðbert Elí hafði prófað öll möguleg krem við exemi. XMA kremið frá MariCell segir hann hafa virkað langbest á sig og haldi sér lengur góðum á milli sterakúra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






Dagur 1. Friðbert var slæmur af exemi meðal annars í andliti og á handleggjum.



Dagur 14. Eftir tvær vikur er roðinn mun minni og sárin eru byrjuð að gróa.

**Varð eins og nýr**
Einar Örn Grettisson segir frá sinni reynslu af MariCell frá Kerecis. „Ég var þrettán ára þegar sóríasis fór fyrst að láta á sér kræla. Þessi hvimleiði sjúkdómur kom svo og fór næstu árin en þegar ég nálgaðist þrítugt fór ástandið að versna til muna,“ segir Einar Örn sem gekk lækna á milli til að fá bót meina sinna og prófaði alls kyns smyrsl og stera sem ekkert bitu á sárin. „Svo gerðist það að ég fór utan til Svíþjóðar í nám og lifði á dósamat og óhollustu sem fátækur námsmaður. Það gerði allt verra enda hefur lélegt mataræði bein áhrif á sóríasis og þegar verst lét var ég undirlagður af stórum sárum og hrúðri á handleggjum og fótleggjum og hættur að geta sofið á nóttunni fyrir viðstöðulausum kláða. Þá upplifði ég í fyrsta skipti örvæntingu og að sjúkdómurinn olli mér verulegu hugarangri,“ segir Einar, sem hóf aftur göngu á milli húðlækna og meltingarlækna í von um lækningu, en hjálpin kom frá móður Einars sem starfar í heilbrigðisgeiranum. „Mamma hafði heyrt um árangur Psoria kremsins frá Kerecis og þá var ekki eftir neinu að bíða. Ég dreif mig í að kaupa kremið, bar það á sárin í þrjá daga og fann fljótlega mun. Kremið sló strax á kláðann og í dag finn ég ekki fyrir neinu og sef vært allar nætur“ segir Einar. „Sóríasis lýsir sér með slæmum sárum sem líta út fyrir að vera að gróa en gera það ekki. Mann klæjar mikið í þau og hjá mér var þetta komið upp að öxlum og í hársvörðinn líka. Í dag sést ekki á mér að ég sé með sóríasis og það háir mér ekkert. Ef ég finn fyrir einkennum ber ég strax á mig MariCell Psoria og finn að allt lagast fljótt og vel. Fyrir mig var MariCell Psoria lausnin en það er eina kremið sem hefur virkað á mig alla leið.“ ■




MariCell TM kremin fást í apótekum. Nánari upplýsingar er að finna á maricell.is

# WOUND – Omega sáraúði frá Kerecis

Kerecis kynnir WOUND sáraúðann sem inniheldur Omega fitusýrur úr jurtaríkinu og flýtir fyrir náttúrulegri sáragræðslu.

WOUND sáraúðinn inniheldur bæði Jóhannesarjurtarolíu og Neem-olíu, en báðar þessar olíur eru þekktar fyrir græðandi eiginleika og innihalda fjölómettaðar fitusýrur. Úðinn er til dæmis hentugur til að meðhöndla núningssár, hruflsár, væg brunasár, sár eftir blöðrur, sár á bleyjusvæði, sár eftir inngróna nögl, litla skurði og skrámur. Úðinn er 100 prósent náttúrulegur og án rotvarnarefna. Hann hefur bakteríuhemjandi eiginleika og samverkandi áhrif olíanna flýtir fyrir sáragræðslunni.

Sáraúðinn er CE-merkt lækningavara og er nú þegar fáanlegur í apótekum.

Wound sáraúðinn er einfaldur og þægilegur í notkun:

- Hreinsið sárið vel með hreinu vatni og hristið brúsann vel
- Úðið úr fimm til tíu sentimetra fjarlægð á húð og umhverfis sárið
- Hyljið með sáraumbúðum sem henta hverju sinni. ■



Úðinn er til dæmis hentugur til að meðhöndla: núningssár, hruflsár, væg brunasár, sár eftir blöðrur, sár eftir inngróna nögl, bleyjubruna, sólbruna, litla skurði og skrámur.



# NÝ JÓLASENDING KOMIN Í CURVY

## Stærðir 14-30 eða 42-58

Þú getur skoðað úrvalið og pantað í netverslun **www.curvy.is**
**Eða komdu við í verslun Curvy við Grensásveg**

**Breyttur opnunartími í desember**
Opið alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-18
Sunnudaga frá kl. 13-17

SENDUM FRÍTT EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR EÐA MEIRA



















Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

## Til sölu





myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


## Gefins

Nett innkaupakerra fæst gefins. Tala ensku. Uppl. síma: 554-6286 og 776 3667. Tómas.

## Heilsa

### Heilsuvörur






## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

## Heimilið

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Tilkynningar

### Einkamál

**RÓLEGUR MAÐUR UM SJÖTUGT ÓSKAR EFTIR AÐ KYNNAST KONU**
Mig langar að kynnast konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, spjalla og fl.
**Endilega hafið samb. í s. 611 4349**
**Geymið auglýsinguna!**



**NÝLEG UNGLEG EKKJA, 68 ÁRA**
Nýleg ungleg, heilbrigð og reglusöm ekkja, 68 ára, (158 cm á hæð, 65 kg),
með uppruna frá Suður-Evrópu, vantar traustan, vandamálalausan, andlega- og líkamlega heilbrigðan, ekta Íslending.
Ákveðinn í að upplifa áfram góða og skemmtilega stundir t.d. í komandi jól.
Skilyrði:
menntaður á háskólastigi, hress, reglusamur,
jákvæður og hjartgóður, á höfuðborgarsvæðinu, með facebook eða skype.
S. 845 4219. Æskilegt er að senda myndir á netfang: heimur2001@hotmail.com


Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár
hagvangur.is HAGVANGUR

HH RÁÐGJÖF

# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

## ATVINNUVEFUR MEÐ RÁÐNINGARKERFI *aðeins 24.500 kr.**

**Á atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.**

» **Ódýrt**
- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» **Skilvirkt**
- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» **Auðvelt í notkun**
- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

**Atvinnuauglýsingin þín nær til allt að 35.000 einstaklinga sem eru skráðir hjá HH Ráðgjöf í atvinnuleit.**

## RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

**Í ráðningarþjónustunni veitum við heildaraðstoð við ráðningarferlið. Sérfræðingar okkar sjá um alla úrvinnslu.**

» **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna

» **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið

» **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði mannauðsmála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun

*Verð án virðisaukaskatts.

HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

# Jólavika á fréttablaðið.is

Vikuna 6. - 10. desember gefum veglegan vinning á degi hverjum frá jólafyrirtæki dagsins á Lífið á frettabladid.is. Fylgstu með!

**Mánudagur 6. des.**
Tvö rúmfatasett að andvirði 31.000 kr.
Lín DESIGN

**Þriðjudagur 7. des.**
15.000 kr. gjafabréf á Spírunni
spíran

**Miðvikudagur 8. des.**
Grindarbotnsþjálfi/leikur að andvirði 29.900 kr.
GRINDARBOTNSÞJÁLFINN

**Fimmtudagur 9.des.**
Beard box gjafasett frá Herramenn að andvirði 16.300 kr.
ST. 1981 HERRAMENN RAKARASTOFA

**Föstudagur 10.des.**
Reset gjafapakki frá Blush að andvirði 43.960 kr.
blush



frettabladid.is

Síðdegisblöðin Dagblaðið og Vísir voru sameinuð fyrir 40 árum eftir meira en fimm ára harðvítuga baráttu á götublaðamarkaðnum, svo úr varð stórveldið DV, sem náði slíkum vinsældum á næstu árum að veldi Morgunblaðsins var verulega ógnað.



Vígreifir forkólfar DV og fyrrum fjandmennirnir með fyrsta eintak blaðsins í höndum í nóvember 1981. Frá vinstri er Jónas Haraldsson fréttastjóri, Magnús Ólafsson hönnuður, Ögmundur Kristinsson prentari, Ellert Schram ritstjóri og Jónas Kristjánsson ritstjóri. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Þegar blaðamennskan varð frjáls og óháð



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það á að heita íslenskt sumar þegar tvítugur menntskælingur skilar sér með rútunni norðan úr landi og er varla búinn að finna sér húsnæði í höfuðborginni, en hann stendur staffírugur í enda Síðumúlans, staðráðinn í því að verða blaðamaður sunnan heiða. Og það er gengið hús úr húsi í leit að vinnu.

Á því herrans ári 1981 eru öll dagblöðin, utan Morgunblaðsins, með höfuðstöðvar sínar í Síðumúla, þó Alþýðublaðið sé raunar staðsett í stuttri hliðargötu þar nærri, en það hæfir þeim litla blöðungi, sem gárungar segja að komist samanbrotinn fyrir í eldspýtnastokki.

Fyrst er knúið dyra á Þjóðviljanum sem stendur hjarta þessa landsbyggðarróttæklings nokkuð nærri, en þar er enga vinnu að hafa. Örlítið innar er Dagblaðið til húsa, uppreisnarblaðið sjálft sem þá þegar hafði breytt svo miklu í íslenskri blaðamennsku, en þar vantar heldur ekki nokkurn mann.

Og þá er úr vöndu að ráða, álíka langt er í Tímann og Vísi, en þar eð síðarnefnda blaðið er í byggingunni sem er áföst Dagblaðshúsinu er ekkert verið að storka örlögunum, heldur arkað upp stigann upp á ritstjórnarskrifstofur þessa 70 ára gamla blaðs, enda þótt þær eigi að heita einna hægrisinnaðastar í þessari götu.

Og af því að Ellert ritstjóri Schram heyrir það á kauða að norðanpiltur yrki ljóð og hafi þá þegar gefið út eitt hefti af þeim er hann ráðinn á stundinni, vísað inn ganginn, hvar hann geti fengið skrifborð í bás með þeim Árna Sigfússyni, Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni og Óskari Magnússyni, en blárra gat það nú ekki verið, allt saman staðfastir stuttbuxnadrengir.

En ungi herstöðvaandstæðingurinn sest nú þarna samt, með órafmagnaða ritvél fyrir framan sig. Aðeins ritstjórarnir höfðu aðgang að rafmagnsritvélum – og það með innbyggðum leiðréttingarborða, þvílík sem tæknin var orðin í upphafi níunda áratugarins.

**Götubardagi á hverjum degi**

Líður svo og bíður með ofboðslegri keppni á milli síðdegisblaðanna sem haga sér eins og bræðurnir á bóndabænum upp til sveita sem búa í sama húsi en talast aldrei við, heldur hreyta ónotum hvor í annan, milli þess sem þeir heyja sama blettinn, bölvandi á svipinn.

Það er stríð á síðdegisblaðamarkaðnum, götubardagi upp á sérhvern dag – og Óla blaðasala er legið á hálsi fyrir að selja bæði blöðin niðri á horni Reykjavíkurapóteks, en menn geti ekki verið í báðum liðunum, jafnvel ekki hann, blessaður maðurinn.

En svo gerast undrin um haustið, þegar líða tekur að jólum, að bormenn Íslands eru allt í einu mættir framan við burðarvegginn á milli Dagblaðsins og Vísis og hlaða í ógurlegan sýlinn. Það á að brjóta niður þilið sem um árabil hefur skilið að helstu keppinautana á íslenskum dagblaðamarkaði, heyr á endemi.

Ekki það að starfsmennirnir sem mættu á fyrstu vaktina um morguninn hafi áttað sig á nokkru saman, alltént og allra síst að glóðin væri komin í friðarpípuna. Og því var það svo að sá sem hér lemur lyklaborðið labbaði í sínu vanalega þúfnagöngulagi yfir ásinn ofan úr Háaleiti, þar sem strætóið hans hafði stoppað, og var ekkert að velta því fyrir sér að þessi stóra bygging síðdegisblaðanna væri öllsömul uppljómuð í gannabítið klukkan fimm að morgni.

**Óvinurinn mættur**

En gott og vel, það var bara gengið inn á sinn gang með viðkomu í kompunni þar sem erlendu fréttaskeytin voru rifin úr strimlavélinni og sest að því búnu framan við órafmögnuðu ritvélina og byrjað að þýða það sem gerst hafði í heimi hér um nóttina, með bakið út að gangi.

Gott ef Ellert ritstjóri kom ekki tvisvar inn á bás og bað mig um að láta af frekari verkum, því blaðið væri tilbúið, en nývaknað ungmennið, upptekið af heimsfréttunum heyrir auðvitað ekkert slíkt, heldur pikkar áfram – og það af ákafa með tveimur stífum puttum, sem dugðu þá og duga enn.

Loks kemur svo fréttastjórinn Sæmundur Guðvinsson og grípur um öxlina á norðanpilti og dregur hann á stólnum fram á gang, hvort ég sjái ekki hvað sé í gangi – og mikil ósköp, ég góni á smettið á Jónasi Kristjánssyni sem arkar allt í einu fram hjá, sjálfur erkióvinurinn, hvað er hann að gera í okkar húsum?

En svo sé ég líka Jónas Haraldsson, fréttastjóra óvinarins, klappandi á öxlina á Ellerti Schram – og það er sem maður haldi sig vera í miðri martröðinni, Dagblaðspakkið allt í kring, kolröngu megin í húsinu. Og maður kyngir stóru munnvatni.

**Reknir menn og ráðnir**

Síðdegis byrja bormennirnir á veggnum þykka og stórir hringlaga kjarnar safnast saman á gólfinu uns gættin á milli óvinablaðanna opnast. Og þá þarf að færa til bedda inni í einhverju bakherbergi Dagblaðsmegin sem reynist kalla fram alla vega glamur í flöskum og fleygum. Og það stendur heima, undir dívönunum leynast tómar brennivínsflöskur í tugavís sem safnast höfðu þar fyrir eftir blúsaða blaðamennsku áranna áður, þar sem heimilislífið hafði á stundum endað niðri á blaði, í svo sem eins og nótt og nótt.

Svo stóð maður í röðinni þennan dag, við Vísis-krakkarnir framan við kontórinn hans Ellerts og Dagblaðs-liðið framan við kamesið hans Jónasar Kristjáns. Og þeir sem fóru inn komu þaðan ýmist grátandi eða brosandi, reknir eða ráðnir áfram.

En þannig hefur lífið verið í blaðamennskunni, svo ótal lengi og oft.

Sjálfur hélt ég plássinu, af því að ég væri byrjaður á næstu ljóðabók, en skrifaði þar fyrir utan læsilega íslensku og væri fundvís á fréttir, man ég að Ellert sagði þennan dag þegar hann rak svo marga og þar á meðal nána vinnufélaga sína til margra ára, rétt eins og varð hlutskipti Jónasar, litlu vestar í síðdegisblaðahúsinu.

Og tímamótin voru alger, áþreifanleg, svo sem varfærið handabandið á milli okkar Kristjáns Más Unnarssonar sem hafði verið fjandmaður minn á Dagblaðinu í góðan part úr ári, en við settumst hlið við hlið í fundarherbergi Vísis á fyrsta hittingi sameiginlegrar ritstjórnar DV – og ekki grunaði okkur þá að samvinna okkar myndi vara í áratugi, á blaði jafnt sem útvarpi og sjónvarpi, eins og svo margra annarra við hringborðið í Síðumúla.

» **Síðdegis byrja bormennirnir á veggnum þykka og stórir hringlaga kjarnar safnast saman á gólfinu uns gættin á milli óvinablaðanna opnast.**

**Áratugur umbreytinganna**

Sameining DV gerist á mesta breytingatíma íslenskrar blaðamennsku sem er rammaður inn af áratugnum frá 1975 til 1985 þegar flokksblöðin í einsleitu samfélagi víkja fyrir frjálsri og óháðri rannsóknarblaðamennsku með stofnun Dagblaðsins 1975 uns einokun Ríkisútvarpsins í ljósvakamiðlum var afnumin áratugi seinna.

Þessi áratugur algerra umbreytinga í íslensku samfélagi, frá þöggun til þroskaðrar umræðu, er líka varðaður af kærkomnu kvenfrelsi, með kvennafrídeginum í annan enda, kjöri Vigdísar í miðbikið og kvennabyltingu á þinginu í hinn endann, einmitt þegar innmúrað flokkakerfið er byrjað að brotna niður, karllægara en andskotinn.

Og frjálst óháð dagblað reynist geta gert svo miklu meira en gömlu gatslitnu flokksblöðin sem sögðu það sem átti að segja, en helst aldrei allt – og þar fyllti DV loksins upp í eyðurnar með því að sýna samfélagið í raunmynd sinni, á breiddina, með viðtölum sem þá voru raunar kölluð einkaviðtöl við afvatnaða drykkjumenn, afkróaða homma og kjarkaðar konur sem vildu upp á pall.

Ísland opnaðist af því óháð blaðamennska var komin til að vera. ■



Mynd tekin á fyrsta ritstjórnarfundi DV sem haldinn var í nóvember 1981.



Óli blaðasali á horninu sínu við Reykjavíkurapótek, táknmynd götublaðanna.

# TILNEFNINGAR ERU FYRIR AUMINGJA OG ÓTEMJUR!

### *TIL HAMINGJU KAMILLA OG KRISTÍN HELGA!*




ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
Tilnefning

„**Sterk samtímasaga** þar sem **ískaldri kaldhæðni og depurð** er fléttað saman í **hressilegum texta**, sem er skrifaður af viðkvæmni og væntumþykju."
Úr umsögn dómnefndar um Íslensku bókmenntaverðlaunin




FJÖRUVERÐLAUNIN · BÓKMENNTAVERÐLAUN KVENNA Á ÍSLANDI
TILNEFNING

Ótemjur eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er **mögnuð örlagasaga um leitina að öryggi, ást og uppruna.** Kristín Helga er einn vinsælasti rithöfundur landsins og bækur hennar hafa hlotið margvísleg verðlaun og tilnefningar – nú síðast til Fjöruverðlaunanna í flokki barna- og unglingabóka.

www.bjartur-verold.is

bjartur | VERÖLD



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þekkirðu höfundinn?

Hér á síðunni má finna upphafssetningu nokkurra vel valinna jólabóka eftir íslenska höfunda. Nú reynir á þig lesandi góður, hversu vel lesinn þú ert og hversu vel þú þekkir stíl nokkurra þekktustu rithöfunda okkar. En svörin leynast svo neðst með viðeigandi númeri.

1 „Í dimmum og hrörlegum kofa situr stígvélað illmenni á stólkolli.

2 „Honum hafði aldrei verið jafnkalt.

3 „Eitt það allra fallegasta sem ég hef séð um ævina var karlmaður á hlaupabretti.

4 „Yfir bænum Hvarfi ríkti óvanaleg kyrrð. Þar var enginn á ferli, hvorki fólk né dýr.

5 „Ég er djúpfiskur, hrakinn á grunn, var það síðasta sem vinur minn hafði sagt áður en hann lagði á mig um daginn.

6 „Um miðjan mars 2020 var orðið sæmilega bjart úti og íbúar Reykjavíkur farnir að hlakka til vorsins eftir erfiðan vetur.

7 „Öll þessi líf. Fíflar í órækt. Ég hef ekki við að fylgjast með, stöðugt eitthvað.

8 „Tónlistin frá hótelinu heyrist ekki lengur. Kuldinn smýgur inn um merg og bein. Það breytir engu þótt hún vefji úlpunni þéttar að sér eða togi húfuna niður, vindurinn virðist alls staðar finna leið í gegn.

9 „Þótt ég eigi samstaðarígildi (óupphitað að vísu, nema fyrir volgan vegg úr kyndiklefa, og prímusloga) þá eru það göturnar í borginni og göngustígarnir og stöku yfirgefinn róló bak við heiminn sem eru vettvangur daganna minna.

**Svör: 1.** Stefán Máni – Horfnar **2.** Ragnar Jónasson – Úti **3.** Eiríkur Örn Norðdahl - Einlægur önd **4.** Yrsa Sigurðardóttir - Lok lok og læs **5.** Bergsveinn Sigurðsson - Kolbeinsey **6.** Þórarinn Leifsson – Út að drepa túrista **7.** Auður Jónsdóttir – Allir fuglar fljúga í ljósið **8.** Eva Björg Ægisdóttir – Þú sérð mig ekki **9.** Steinunn Sigurðardóttir – Systu megin

# Forpöntun 2022 kynningarverð

**TIL 15. DESEMBER**

# GRJÓTHARÐIR GARÐBEKKIR



## VIÐHALDSFRÍIR BEKKIR ÚR GRANÍT






**Tilboð:**

*130 cm breiðir ca 140 kg.*
*Grár, svartur eða paradiso*
*Hægt að grafa letur eða logo í bak eða sessu gegn aukagjaldi.*
*Forsöluverð 230.000 (~~295.000~~)*

*Afhending í byrjun maí.*
*Frír flutningur um allt land.*
*Staðfestingargjald 100.000*

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

**s: 466 2800 | 899 9370**
**sala@minnismerki.is**
**steinsmidjaakureyrar.is**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Guðrún E. Thorarensen**

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð laugardaginn 27. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ásta I. Lúðvíksdóttir**
**Guðmundur I. Lúðvíksson**
**Jón Lúðvíksson** **Þórkatla Jónsdóttir**
**Eygló R. Lúðvíksdóttir** **Andrés Eyjólfsson**
**Bryndís A. Lúðvíksdóttir** **Ingólfur Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma
og systir,

**Guðný Jóhannesdóttir**
Ölduslóð 13, Hafnarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 20. nóvember.
Útför hennar fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hreinn Sæmundsson**
**Sigurjón H. Hreinsson** **Heiða B. Karlsdóttir**
**Bjarki Hreinsson**
**Jóhannes H. Hauksson** **Ásdís Melsted**
**ömmu- og langömmubörn og systkini hinnar látnu.**


Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna


# Lungnaskvettir og Flotnös

**Landshlutaskipting jólasveinanna og þróun þeirra í gegnum árin eru til umræðu í erindi Dagrúnar Óskar Jónsdóttur á Landnámssýningunni í dag.**

arnartomas@frettabladid.is

Þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir flytur erindi á Landnámssýningunni við Aðalstræti í dag þar sem hún mun segja frá þeim ótalmörgu þjóðsagnaverum sem fara á kreik kringum jólin.

„Ég er að fara að tala um jólafólin, þessa hryllilegu jólafjölskyldu sem við eigum hérna á Íslandi,“ segir Dagrún. „Það eru auðvitað Grýla, Leppalúði, kötturinn og jólasveinarnir, en þeir eru miklu fleiri en þeir þrettán sem við þekkjum í dag.“

Dagrún útskýrir að fyrr á öldum hafi hver landshluti verið með sitt eigið sett af jólasveinum og ekki hafi verið neitt samræmt kerfi á þeim.

„Þar má finna skemmtilega en um leið hræðilega jólasveina eins og Reykjasvelg,“ segir Dagrún en sá setti munninn yfir reykháfa fólks og gleypti allan reyk sem steig þar upp úr. „Svo blés hann honum annað hvort aftur niður svo eldhúsið fylltist af reyk, eða geymdi hann upp í sér og spúði honum framan í fólk.“

Dagrún sjálf á sér sinn eigin uppáhaldsjólasvein, hinn martraðarkennda Lungnaskvetti.

„Hann var með lungun utan á sér. Hann elti svo börn og reyndi að berja börn með blóðugum og slímugum lungunum á sér,“ segir Dagrún. „Þetta er sko jólasveinn frá Ströndum og við erum svona eins og við erum.“

Þá þekktust einnig jólasveinkur, eða kvenkyns jólasveinar, sem hafa einnig fallið í gleymsku, á borð við Flotsokku og Flotnös.

„Flotnös stal floti og tróð upp í nefið á sér sem var svo stórt að hún kom því þar fyrir,“ segir Dagrún. „Sagan segir raunar líka að hún hafi komið krökkum fyrir uppi í nefinu á sér, ef hún þurfti að koma fyrir óþægum börnum.“

Jólasveinarnir í dag eru þó húsum hæfari.

„Svona hefðir eru auðvitað alltaf að breytast,“ segir Dagrún. „Jólasveinarnir taka upp nýja siði, hætta að vera mannætur og byrja að gefa í skóinn í staðinn.“

**Faldafeykir myndi ekki pluma sig**

Þá er óupptalin hjónabandssaga ættmóðurinnar Grýlu sem átti auðvitað fleiri fyrrverandi eiginmenn en Leppalúða.

„Þótt henni sé lýst sem heldur ófrýnilegri í sögunum þá virðist hún vera frekar vinsæl meðal tröllkarla og á þarna nokkra fyrrverandi eiginmenn eins og Gust og Bola,“ segir Dagrún. „Gustur hlaut þau hræðilegu örlög að þegar þau hjónin urðu eitt sinn veik og lögðust í kör þá dó Gustur en Grýla át hann og hresstist öll við. Frekar svekkjandi fyrir hann.“

Jólakötturinn hefur lengi verið einhver ósanngjarnasta þjóðsagnaveran en Dagrún segir kisu þessa dagana vera að breytast í samræmi við aukna umhverfisvitund. „Hann var eiginlega hluti af samtryggingu bændasamfélagsins. Húsbændur þurftu að sjá til þess að vinnufólk og niðursetningar fengju ný föt um jólin.

*En af hverju sitjum við aðeins eftir með þá þrettán jólasveina sem við þekkjum í dag?*

„Það er auðvitað mikil synd að hinir hafi horfið,“ segir Dagrún og útskýrir að í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar hafi hann nefnt þrettán jólasveina sem eru þeir sömu og við erum með í dag, fyrir utan jólasveininn Faldafeyki í staðinn fyrir Hurðaskelli.

„Faldafeykir myndi ekki pluma sig vel í samfélagi samtímans, því hann eltir konur og lyftir upp pilsföldum,“ segir Dagrún. „Þegar að Jóhannes úr Kötlum samdi sín jólakvæði og gaf út í kringum 1930 þá skipti hann Faldafeyki út fyrir Hurðaskelli og þar kom fram sú jólafjölskylda sem við þekkjum í dag.“

Erindi Dagrúnar hefst klukkan 15 í dag. ■



Lungnaskvettir myndi líklega ekki falla vel í kramið hjá börnum í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Dagrún segir að Grýla hafi verið ansi vinsæl meðal tröllkarla.



Elskuleg mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**Kristjana Margrét Finnbogadóttir**

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu Skógarbæ þriðjudaginn 30. nóvember.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Fjölskyldan vill þakka starfsfólki Skógarbæjar fyrir kærleiksríka umönnun.

**Finnbogi Þórsson** **Unnur Rós Jóhannesdóttir**
**Ingibjörg Einarsd. Granerud** **Tom Granerud**
**Grímur Thomsen Einarsson** **Anna Rós Jóhannesdóttir**
**Guðlaugur Einarsson** **Jakobína Hrund Einarsd.**
**Margrét Bára Einarsdóttir** **Stefán Ingólfsson**
**barnabörn og barnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar,
mágur og frændi,

**Þorsteinn Aðalbjörnsson**
Norðurgötu 30, Sandgerði,

sem lést á dvalarheimilinu Lundi mánudaginn 22. nóvember, verður jarðsunginn frá Sandgerðiskirkju, þriðjudaginn 7. desember kl. 14. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á www.facebook.com/groups/thorsteinnadalbjornsson

**Jón Aðalbjörnsson** **Sigríður Sigmundsdóttir**
**Ragna Aðalbjörnsdóttir** **Ásgeir Árnason**
**og fjölskyldur.**



Elskulega móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Vigdís Björnsdóttir**
Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést föstudaginn 19. nóvember á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigrún Áskelsdóttir** **Þórir Ólafsson**
**Jón Áskelsson** **Kristbjörg Antoníusardóttir**
**Nanna Þóra Áskelsdóttir**
**ömmubörnin.**

Pabbi minn,

**Emil Birgisson**
Birkihrauni 4 við Mývatn,

lést á heimili sínu þann 25. nóvember.
Bálför verður gerð frá Fossvogskirkju 8. desember kl. 13.00.

Streymt verður frá athöfninni á slóðinni:
https://youtu.be/tPd0N3Mz1NM
Sóttvarnareglur gilda varðandi þátttöku í athöfninni, en allir eru hjartanlega velkomnir.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valdís Emilsdóttir**

# Bókaðu gleðileg jól




**Vetrarævintýri Gurru**
Einu sinni fóru Gurra og Georg með Ömmu og Afa Grís í Vetrarríkið og hittu sykurplómuálfinn! Hverja aðra munu þau hitta á þessu yndislega ferðalagi? Ljúf og skemmtileg bók um hina geysivinsælu Gurru grís.

2.199 kr.




**Kynjadýr í Buckinghamhöll**
Alfreð prins, lasburða tólf ára drengur, hefur aldrei kynnst lífinu utan Buckinghamhallar. Ill öfl eru að verki og hann verður að berjast við konung kynjadýranna – sjálfan grýfoninn. Hér er David Walliams í essinu sínu. Þessi bók sat lengi í efsta sæti bóksölulista í Bretlandi.

2.999 kr.




**Verstu foreldrar í heimi**
Þú þekkir verstu börn í heimi og þú þekkir líka verstu kennara í heimi. Þú átt eftir að hlæja tryllingslega að Verstu foreldrum í heimi. Enn ein frábæra bókin úr smiðju meistara David Walliams.

2.799 kr.




**Heima hjá Lækninum í eldhúsinu**
Heima líður okkur vel og þar eigum við okkar bestu stundir. Ástríðukokkurinn og Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr, töfrar hér fram litríkt lostæti sem aldrei fyrr. Enda á heimavelli.

5.199 kr.




**Dagbók Kidda klaufa 15**
Fjölskylda Kidda leggur upp í langt ferðalag á húsbíl. Eins og oft gerist hjá fjölskyldunni gengur allt á afturfótunum. Má líka segja að mikið vatnsveður einkenni þetta ferðalag enda allt á bólakafi!
Bækurnar um Kidda klaufa eru metsölubækur um allan heim.

3.199 kr.




**Horfnar**
Það er sumarbjart og sólin skín við Kirkjubæjarklaustur. Tvær þýskar vinkonur á bakpokaferðalagi heillast af stórbrotinni náttúrunni. Undir friðsælu yfirborðinu við Klaustur leynast þó myrk leyndarmál sem stúlkurnar tvær vilja ekki vita af.

4.499 kr.




**Prjón er snilld!**
Að prjóna er ekki bara skemmtileg iðja sem gefur af sér fallegar flíkur. Prjón virkjar líka sköpunarkraftinn og veitir einstaka hugarró.

Sjöfn Kristjánsdóttir prjónasnillingur tekur hér saman allar sínar bestu uppskriftir.

4.699 kr.




**Hvað veistu um tölvuleiki?**
Þessi bók er frábær fyrir alla sem spila tölvuleiki (og þá sem spiluðu tölvuleiki áður fyrr).

Fyrri hluti bókarinnar fjallar um leiki sem eru vinsælir í dag, eins og Fortnite, Minecraft og Grand Theft Auto, en seinni hlutinn um eldri leiki eins og dos-leikina, Double Dragon og King Quest.

1.999 kr.




**100 myndskreyttir brandarar**
100 myndskreyttir brandarar! (Reyndar eru þeir 101 en það hljómar bara ekki eins vel). Þessi bók er happafengur fyrir káta krakka sem elska að hlæja.

Ekki vera súr á svip, lestu frekar nokkra brandara þar til þú veltist um í hláturskasti.

2.599 kr.




**Útkall – í auga fellibylsins**
Þrír menn eru á leið frá Kanada til Íslands á litli skútu, á einu hættulegasta hafsvæði veraldar, þegar brestur á fárviðri. Tveir Íslendingar sem aldrei hafa kynnst siglingum áður, verða að liggja á gólfi káetunnar í ofsanum í tugi klukkustunda.

4.799 kr.




30% appsláttur

Í dag er „appsláttur“ af öllum bókum í verslunum Samkaupa: Nettó, Iceland, Kjörbúðinni og Krambúðinni.

*Ef þú greiðir með Samkaupa-appinu færðu 30% af andvirði bókanna sem inneign.*

nettó
**Lægra verð – léttari innkaup**



Okkar ástkæri

**Jón Bjarnar Ingjaldsson**

Grensásvegi 60,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 30. nóvember. Útför auglýst síðar.

**Ólafur Viðar Ingjaldsson** **Ragnhildur Ísleifsdóttir**
**Guðmann Ingjaldsson** **Eygló Þóra Guðmundsdóttir**
**Ágúst Ólafsson** **Sigríður Sveinsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Faðir minn, tengdafaðir, bróðir, frændi, afi og langafi,

**Páll Arnar Pétursson**

vélvirki, Hraunbraut 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 25. nóvember. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju 8. desember klukkan 13. Vegna sóttvarna eru kirkjugestir beðnir um að sýna neikvætt hraðpróf, ekki eldra en 48 klst. Heimapróf eru ekki tekin gild.

**Ólafur Þ. Pálsson** **Lára Björnsdóttir**
**Steinunn Pétursdóttir**
**Sæmundur Pétursson**
**Pétur Skúlason**
**Steinunn Skúladóttir**
**Kristín Þóra Ólafsdóttir**
**Ásthildur Ólafsdóttir**
**Erna Sif Ólafsdóttir**
**Katla Boghildur Kröyer**
**og langafabörn.**

---



Ástkær sonur okkar og bróðir,

**Hafliði Gísli Linduson**

varð bráðkvaddur þann 24. nóvember sl. að heimili sínu í Þernunesi, 210 Garðabæ. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 9. desember kl. 13.00.

Í ljósi aðstæðna munu einungis hans nánustu vera viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á Youtube-rás Grafarvogskirkju.

**Linda Björk Gunnarsdóttir** **Bjarni Þorgrímsson**
**Lilja Bjarnadóttir**
**Ægir Þór Bjarnason**
**Bergrós Björk Bjarnadóttir**

**Guðlaugur L. Sveinsson** **Sjöfn Marta Hjörvar**
**Gunnar Guðlaugsson**
**Sigurður Eyberg Guðlaugsson**
**Ragnar Sveinn Guðlaugsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og tengdasonur,

**Guðmundur Guðbjörnsson**

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldu sinnar 28. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. desember klukkan 13.00. Vegna sóttvarna eru kirkjugestir beðnir að sýna neikvætt hraðpróf við inngöngu, ekki eldra en 48 klst. Heimapróf eru ekki tekin gild. Athöfninni verður streymt á slóðinni https://youtu.be/nD5xFBuB2UY. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Ljósið.

**Margrét Benediktsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Haukur Már Karlsson**
**Marta Rut Guðmundsdóttir** **Gísli Geir Guðmundsson**
**Benedikt Fannar Guðmundsson**
**Elísabet Ýr, Alexandra Margrét, Natalía Kristín,**
**Frosti Leó, Tinna Gabríela**
**Hallur Örn Kristínarson**
**Sigurlína Herdís Guðbjörnsdóttir**
**Marta Magnúsdóttir** **Benedikt Benediktsson**

---



Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Pétursdóttir**

frá Kirkjubæ, Vestmannaeyjum,

lést á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum þann 28. nóvember sl. Útför hennar verður frá Landakirkju 9. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Hraunbúða, reikn.nr. 0582-26-200200, kt. 420317-0770.

Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á vef Landakirkju, landakirkja.is.

**Guðrún R. Jóhannsdóttir** **Þórarinn Sigurðsson**
**Jónas S. Jóhannsson** **Þorbjörg Þorfinnsdóttir**
**Pétur S. Jóhannsson** **Vilborg Stefánsdóttir**
**Jóhann Þór Jóhannsson** **Hafdís Hannesdóttir**
**Kristín Antonsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, systir okkar og mágkona,

**Sjöfn Kristjánsdóttir**

læknir,
Lágholtsvegi 8, 107 Reykjavík,

lést 19. nóvember síðastliðinn. Útför verður gerð frá Neskirkju mánudaginn 6. desember kl. 13.00. Allir eru velkomnir í kirkjuna en verða að sýna neikvætt hraðpróf við innganginn, sem er ekki eldra en 48 klst. Hraðpróf er pantað fyrirfram á covidtest.is, covid.is eða testcovid.is. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni https://vimeo.com/event/1601285. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Íslandsdeild Amnesty International, UN Women Íslandi eða Alzheimersamtökin.

**Fríða Bonnie Andersen**
**Elísabet Kristjánsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir**
**Bragi Kristjánsson, Bjarnfríður Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall okkar elskulega föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Bjarna Guðráðssonar**

bónda og organista,
Nesi í Reykholtsdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks taugalækningadeildar Landspítala fyrir góða umönnun.

**Sigurður Bjarnason** **Vaka Kristjánsdóttir**
**Einar Bjarnason**
**Sigrún Benediktsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir**
**Helga Björk Bjarnadóttir** **Birgir Hlíðar Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Anna Kristín Linnet**

Sólteig Hrafnistu, áður Hagamel 33,

lést þriðjudaginn 23. nóvember sl. á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 9. desember kl. 13. Gestir skulu sýna neikvætt Covid-19 hraðpróf við innganginn. Prófið skal vera tekið af viðurkenndum aðila og ekki eldra en 48 tíma. Sjá nánar: https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/11/12/COVID-19-Upplysingar-um-hvar-haegt-er-ad-fara-i-hradprof/ Útförin verður einnig í streymi á slóðinni: https://youtu.be/A3pcq35WgMk Við viljum þakka starfsfólki Sólteigs fyrir einstaka umönnun og væntumþykju í garð mömmu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón, Kristján og Hannes Sigurðssynir**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður míns, bróður og mágs,

**Kjartans Más Hjálmarssonar**

Hrísholti 18.

**Alex Már Kjartansson**
**Victor Már Hjálmarsson** **Magnea Ingólfsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



Ástkær faðir minn, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Gunnar S. Guðmundsson**

offsetljósmyndari,

lést fimmtudaginn 25. nóvember á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 8. desember klukkan 13.

Allir eru velkomnir en í ljósi aðstæðna þurfa kirkjugestir að framvísa neikvæðu PCR eða hraðprófi við inngang sem má ekki vera eldra en 48 klst. Streymt verður frá jarðarförinni á: https://www.facebook.com/groups/2462528437216652

**Hera Brá Gunnarsdóttir** **Njáll Reynisson**
**Benjamín Gunnar Njálsson** **Brynjar Reynir Njálsson**
**Ólafur Geir Guttormsson**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Matthildur Gestsdóttir**

Lautasmára 3, Kópavogi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 30. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 14. desember klukkan 13.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag m.t.t. sóttvarna og vefstreymis verða birtar síðar.

**Þ. Björgvin Kristjánsson**
**Kristján Björgvinsson** **Hrefna Gunnarsdóttir**
**Matthildur Gunnarsdóttir** **Jóhann Vignir Gunnarsson**
**Björgvin Smári Kristjánsson** **Iðunn Elva Ingibergsdóttir**
**Þorgeir Örn Tryggvason** **Hulda Ósk Bergsteinsdóttir**
**Gunnhildur Kristjánsdóttir**
**Hekla Sóley, Snædís Lilja,**
**Friðrik Hrafn og Harpa Sif**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gestheiður Þuríður Þorgeirsdóttir**

Dedda

Eskivöllum 1, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi 23. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Katrín Kr. Ankjær** **Hans Ankjær**
**Esther Kristinsdóttir** **Sigurður Bergsteinsson**
**Gísli Vagn Jónsson** **Bryndís Garðarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Björn Steindór Haraldsson**

löggiltur endurskoðandi,
Lundi 86, Kópavogi,

lést laugardaginn 27. nóvember á Líknardeild LSH í Kópavogi. Útförin fer fram frá Lindakirkju þriðjudaginn 7. desember kl. 13. Vegna fjöldatakmarkana verða einungis hans nánustu ástvinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á www.lindakirkja.is/utfarir/

**Margrét Auður Pálsdóttir**
**Haraldur Orri Björnsson** **Sigríður Ósk Benediktsdóttir**
**Helga Bryndís Björnsdóttir** **Henrý Örn Magnússon**
**og barnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .


NÝTT
MagicBAR
0% PLAST*
Skannaðu mig fyrir nánari upplýsingar
NIVEA
FACE CLEANSING
MagicBAR
REFRESHING
ALMOND OIL & BLUEBERRY
VEGAN FORMULA*
ECO CERT COSMOS NATURAL
75g
NIVEA
FACE CLEANSING
MagicBAR
RADIANCE
ROSE EXTRACT & VITAMIN E
ECO CERT COSMOS NATURAL
ANDLITSHREINSUN
Í FÖSTU FORMI
• Vottuð náttúruleg snyrtivara
• Plastlaus, sjálfbær formúla
• Mild hreinsun án þess að þurrka húðina
ECO CERT COSMOS NATURAL
ÁN PLASTS
pH JAFNVÆGI
99% NÁTTÚRULEGT
NIVEA FACE
NIVEA FACE
*Formúlan er laus við örplast m.v. skilgreiningu UNEP.



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist stjörnumerki (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 9. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. desember“.

Lausnarorð síðustu viku var
**BRÉFAKLEMMA**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Margeflum rifrildi frá fyrri tímum (9)
**9** Skán – hver hreinsaði? (4)
**11** Æðar fá kast ef bergmál bregst (9)
**12** Mun sá öri hvíla við djúp og ætli okkur komi saman? (9)
**13** Sá hífaði þiggur tyrkneskan snafs (4)
**14** Leita hanka milli þokubelta (7)
**15** Erlingur rak kjána vegna kölkunar (9)
**16** Hugsun mín er ögn sár (6)
**17** Nú huga hjón að einhverju í matinn og á gólfið (7)
**18** Loðna skafla milli handa minna (7)
**19** Gaular eitthvað bull er hún baðar sig (6)
**22** Stjörnuræða um stjörnurím (8)
**23** Þau vaxa upp við könnur og kvarða (8)
**27** Nemi nesoddi við grill er hætt við að maður komist við (6)
**29** Velgi byl – til þess er krafturinn (9)
**33** Hélt þær væru rakar en þær vilja bara ráða og refsa (8)
**34** Þessi staða stjórnar öllu þótt rugluð sé (5)
**35** Matjurt heillar meintar grasætur (7)
**36** Lokin eru spottarnir í lokin? (8)
**37** Þau hafa látið gull í ljós (7)
**38** Er hægt að fara í siglingu án þess að nota skip? (7)
**40** Afturelding leitar húsa og hringsins ferla (9)
**44** Skyldi angan rakspíra og reykelsis endast lengi? (7)
**48** Hvíla sig á dælingu og skömmum (7)
**51** Látum ekki sjá okkur framar í Hlíðum og Vogum (7)
**52** Þau sem falla fá víst svipuð föt (8)
**53** Tortryggi sannfærð börn og frjáls (7)
**54** Ætlar harðhausinn að draga þetta rugl á langinn? (7)
**55** Ýfi fjaðrir fugla (4)
**56** Í skuggalegum leik með spíritus í flösku (9)

**LÓÐRÉTT**

**1** Láta sig dreyma um drepna menn og tíða gesti (9)
**2** Ð leiðir ósjaldan að I í kryptoni (9)
**3** Fljótur að gleyma reglunum og öllu sem ævin geymir (9)
**4** Rísl sánfugls og slóða (7)
**5** Ég mun reyna fleira með þessari menntun (10)
**6** Set gadd í skyndibita hins þóttafulla þegns (10)
**7** Blakkt deig og baunir í kryddaðar kökur (10)
**8** Sá tvo ruglaða í ríminu eftir þrjá geggjaða sólarhringa (10)
**9** Leystu rifu vaxtar (7)
**10** Rannsaka reyk drauma minna og þráa (7)
**20** Blik hinna ljómandi blika (9)
**21** Hreyfing þeirra sem ekki verður hnikað (9)
**24** Bæta læri málflutningsmanna (7)
**25** Út á höfða sækja hey og fæðu hlaðna farmenn (7)
**26** Sund karla milli trjánna (7)
**28** Eftir fall í byrjun dugðum við þeim sem fegin voru (7)
**29** Röð af dauðum skepnum fer í grautinn (7)
**30** Hvernig á maður að lesa í flækta klúta? (5)
**31** Tala um merki og mælskustíl (7)
**32** Örn á hlut í elsku minni en erlan þó annan stærri (6)
**39** Kvenföt taka á taugarnar (7)
**40** Margt er örðugt í kringum það sem kastað er (6)
**41** Að kljúfa krypplinga er vandaverk (6)
**42** Veitið þið áminningu fyrir skollahátt? (6)
**43** Segja jafnt lík og lifandi fólk vera þrjóta (6)
**45** Nota sjósleða við að veiða hákarlana (6)
**46** Sá slæmi sem næstur oss er kemur af Dauðingjahafi (6)
**47** Kross og sollur og almenn óregla (6)
**49** Nóg af lundabúðum, vantar eina fyrir þennan fugl (4)
**50** Sigli ótrauður þrátt fyrir svolitíð fótamein (5)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Sérkennileg niðurstaða

Um síðustu helgi fór fram Íslandsmót í parasveitakeppni. Sveit Dennu vann næsta öruggan sigur, eftir að hafa leitt mest allt mótið. Í sveitinni spiluðu Guðný Guðjónsdóttir (Denna), Kjartan Ásmundsson, Þorgerður Jónsdóttir, Karl G. Karlsson og Þorlákur Jónsson. Sveitin fékk 152,45 stig í 11 leikjum, eða tæplega 14 stig í leik (meðaltal 10). Sveit Pálmatrés hafnaði í öðru sæti með 140,52 stig. Guðný er alveg óhrædd við að melda og er þetta spil úr mótinu gott dæmi um það. Vestur var gjafari og enginn á hættu.

**Norður**
♠ -
♥ ÁKG98
♦ KDG5
♣ ÁKD8

**Vestur**
♠ ÁDG
♥ 102
♦ Á10862
♣ 1072

**Austur**
♠ 109763
♥ 764
♦ 43
♣ G95

**Suður**
♠ K8542
♥ D53
♦ 97
♣ 643

Guðný og Kjartan sátu NS í þessu spili í sjöundu umferð mótsins. Flestir kusu að opna í vesturhöndina á einum tígli, en Denna slapp við það og fékk pass í upphafi. Hún var með svakalega sterk spil í norður og opnaði á alkröfusögninni tveimur laufum. Hún lét vaða í sex hjörtu, þegar hún fékk hjartastuðning frá félaga. Þau unnust létt þegar laufliturinn lá 3-3 hjá andstöðunni. Annars var þetta spil mjög skrítið um allan sal, spilað á tíu borðum. Eitt par villtist alla leið í sjö hjörtu og eitt par fékk 12 slagi í samningnum þremum gröndum (spilað í norður). Eitt par fór niður í sex hjörtum, en á sex borðum var samningurinn 1-3 hjörtu í norður. Þeir fengu allir 12 slagi. ■

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stúlka, kona, annað, eftir Bernardine Evaristo,** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jón Ármann Gíslason, Kópaskeri.**



# Sönn sæla að kúra með nýja sögu og sæta mola um jólin



## HAGKAUP




7.499 kr




4.989 kr




4.999 kr




5.099 kr




5.599 kr




4.989 kr

Gildir út 5. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




7.499 kr




4.999 kr




4.999 kr

# HAGKAUP




4.989 kr




5.099 kr




4.499 kr




10.499 kr




6.999 kr




4.899 kr




3.699 kr




4.899 kr

Gildir út 5. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




4.999 kr




4.499 kr




6.899 kr

# HAGKAUP




5.499 kr




4.999 kr




2.999 kr




4.989 kr




4.799 kr




4.499 kr




6.699 kr




4.999 kr




3.999 kr




3.999 kr




4.199 kr

# HAGKAUP




3.299 kr




2.999 kr




3.799 kr




2.899 kr




2.999 kr




3.399 kr




2.999 kr




2.899 kr

Gildir út 5. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




1.589 kr




3.889 kr




3.689 kr

# HAGKAUP




1.589 kr




3.899 kr




3.699 kr




2.299 kr




3.499 kr




3.099 kr




3.899 kr




3.899 kr

„Bráðfyndið! … Þetta er æðislegt!“
SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR / KILJAN

„Ég hló upphátt!“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
KILJAN

„Mjög fyndin og skemmtileg bók.“
BB / FRÉTTABLAÐIÐ




Frábær bók í jólapakkann eftir Gerði Kristnýju – gleður bæði pönkara og aðra lesendur upp í hanakamba.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið 10–19 alla daga til jóla



## Veðurspá Laugardagur



Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt en þó strekkingur við austurströndina. Bjartviðri um mest allt land en skýjað og stöku él á Vestfjörðum og allra austast. Frost 0-8 stig að deginum, mildast sunnan til.

| | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 °C, 16 m/s | 2 °C, 4 m/s |
| Ísafjörður | 0 °C, 9 m/s | 2 °C, 3 m/s |
| Akureyri | 1 °C, 6 m/s | 3 °C, 2 m/s |
| Egilsstaðir | -2 °C, 3 m/s | 3 °C, 5 m/s |
| Kirkjubæjarklaustur | 1 °C, 10 m/s | 1 °C, 1 m/s |

## Vindkæling – frost í frostleysu



Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur
@frettabladid.is

Í gegnum tíðina hef ég margoft verið spurður að því hvers vegna ekki sé í veðurfréttum gefinn upp „upplifunarhiti“, eða hiti að teknu tilliti til vindkælingar. Þetta er auðvitað hægt. En upphaflega voru þessi vindkælingaráhrif reiknuð fyrir svæði þar sem tíð frost eru samfara tíðum vindi. Á meginlöndunum verður kaldara á vetrum en hér. Þar eru vindkælingatöflur því mun gagnlegri. Engu að síður finnst mörgum þetta áhugavert. Sú leið sem einna vinsælust er, er að segja sem dæmi að ef úti er 2°C og vindhraði er 6 m/s þá jafngildir það eins og að vera í -3°C í logni. Þarna erum við farin að tala um frost í frostleysu sem gæti misskilist. Ganga og hlaup hafa aukin áhrif til vindkælingar t.a.m. í andliti og getur því ruglað vindkælingartöflurnar. Sólskin getur haft áhrif, hvort viðkomandi er mæðinn eða ekki, því varmatapið er meira hjá þeim móða. Þá þarf að huga að því að væta eykur á kælingu eins og menn þekkja þegar þeir koma úr sundlauginni og verður kalt þar sem blaut sundfötin leggjast að húðinni. Góða helgi. ■

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




JS Watch co.
REYKJAVIK
Hvernig hljómar íslenskt úr í jólapakkann
JS WATCH
101 32 MM
JS WATCH
101 38 MM
JS WATCH
ART DECO
BLEIKT
JS WATCH
ART DECO
BLÁTT
ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÞVÍ AUÐVELT AÐ FINNA ÚR FYRIR ÞANN SEM AÐ ÞÉR ÞYKIR BESTUR
ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS
JS WATCH
VÍNLAND
JS WATCH
ISLANDUS 1919
JS WATCH
FRISLAND 1941
ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
29.900.-
ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
34.900.-
ARC-TIC
ICELAND
Hjá Gilbert úrsmið sérhæfum við okkur í úrsmíði, hönnun og framleiðslu úra
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR



FRÁ KL. 17
JÓLASEÐILL
8 RÉTTA JÓLAKRÆSINGAR

FORRÉTTIR
**Nauta carpaccio**
Rifið villibráðapaté, trufflu og sveppaduxelle, parmesankex
**Lamb & hveitikökur**
Hægeldað lamb í Malt- og Appelsínsósu, vestfirskar hveitikökur, gulrótarmauk, pikklaður rauðlaukur, piparrótarsósa
**Crispy humar tempura**
Hvítlaukskrem, piquillo-sósa, mangósósa
**Lax og lummur**
Bláberja og dill-grafinn lax, kjúklingabaunalummur, piparrótarsósa, hrogn, rúgbrauðs-crumble, yuzu-ylliblómadressing

AÐALRÉTTIR
**Andabringa**
Sellerírótarmauk, hoisin sveppir og kanil-karamelluepli
**Nautalund**
Gulrætur, grillaður aspas, sellerírótarmauk, trönuberja-beikonsulta, jólabjór-hollandaise

EFTIRRÉTTIR
**Þrista-súkkulaðiterta**
Súkkulaði, Þristur, vanilluís, þeyttur rjómi
**Eton Mess skyr ostakaka**
Hvítsúkkulaði-skyrmús, marengs, hindber, hindberjasósa

**8.900 kr.**



Bókaðu borð á **fjallkona.is**

# Polestar 5 sýndur í myndbandi

njall@frettabladid.is

Polestar hefur forsýnt útlit framleiðsluútgáfu Polestar 5, sem von er á 2024. Á myndinni má sjá hvernig bíllinn hefur þróast frá Precept-tilraunabílnum. Meiri bogalína er komin á þakið, bíllinn fær handföng á hurðirnar ásamt mýkri hliðarlínum og endurhönnuðum afturenda. Að sögn Nahum Escobedo sem er yfir ytri hönnun bílsins er bíllinn mjög nálægt því sem hann mun líta út þegar hann kemur á markað.

Polestar er ört stækkandi fyrirtæki enda von á fleiri nýjum bílum frá merkinu. Áætlað er að fjölga um helming í starfsliði þróunarseturs Polestar í Bretlandi á næstunni. Polestar 3 jepplingurinn sem kemur á næsta ári mun verða smíðaður í verksmiðju Volvo í Ridgehill í Suður-Karólínu. ■



Þótt Polestar 5 sé byggður á Precept hefur hann samt breyst nokkuð og línurnar ávalari. MYND/POLESTAR



Bæði framendinn og afturendinn eru töluvert breyttir og minna talsvert á Habaniro-tilraunabílinn. MYNDIR/KIA

# Nýtt andlit Kia Niro

Önnur kynslóð Kia Niro hefur verið frumsýnd á bílasýningu í Seúl en bíllinn mun koma á markað á næsta ári.

njall@frettabladid.is

Önnur kynslóðin líkt og hin fyrri verður bæði boðin sem Niro og e-Niro en frekari tækniupplýsingar hafa ekki ennþá verið gefnar upp. Hann mun þó ekki vera byggður á E-GMP undirvagninum heldur á uppfærslu á núverandi undirvagni. Þess vegna má búast við svipuðum vélbúnaði og áður með einhverjum smávægilegum uppfærslum.

Útlit nýja bílsins er þó töluverð breyting og sækir hann útlitið í Habaniro-tilraunabílinn. Er það aðallega framendinn sem er breyttur og tvískiptur litur á C-bita bílsins. Þar eru afturljósin líka komin og ná alla leið að þaklínunni. Eins er innréttingin ný af nálinni og er með löngum boga yfir allan bílinn með stórum upplýsingaskjá innbyggðum. Bíllinn verður með búnaði sem gerir eiganda kleift að setja inn græn svæði þar sem að tengiltvinnbíllinn mun þá einungis keyra á rafmagninu. ■



Frammi í bílnum er allt mikið breytt og koma hurðasyllur upp að hvalbak og aflöng bogalína í mælaborði.

» Búast má við svipuðum vélbúnaði og áður í nýjum Kia Niro.

# Yfir 1.000 kílómetra drægi á Aion

njall@frettabladid.is

Þær fregnir berast nú frá Kína að nýjasta útgáfa GAC Aion LX rafbílsins hafi meira en 1.000 km drægi. Reyndar er miðað við NEDC staðalinn í því sambandi eins og venjan er í Kína. Von er á bílnum á Kínamarkað eftir nokkra mánuði en hann var frumsýndur á bílasýningunni í Guangzhou þar sem hann vakti töluverða athygli.

Þessi nýja útgáfa kallast einfaldlega Plus og samkvæmt iðnaðarráðuneyti Kína er drægið 1.008 km og rafhlaðan 144,4 kWst. Rafhlaðan er með nýrri tækni sem framleiðandinn kallar silíkonsvamp þar sem að silíkonhluti rafhlöðunnar er mjúkur eins og svampur. GAC hefur unnið að þessari tækni í 15 ár en hún er sögð minnka stærð rafhlöðunnar um 20% og minnka þyngd einnig um 14%. Auk þess á hún að virka betur í kulda. Með þessari tækni var hægt að koma rafhlöðunni fyrir í bílnum þannig að drægið fór upp um 350 km.

Aion LX Plus er sagður hafa tvo rafmótora sem samtals skila 725 hestöflum sem getur komið bílnum í 100 km á klst. á aðeins 2,9 sekúndum. Einnig er til útgáfa með einum rafmótor sem er 240 hestöfl. Von er á tveimur nýjum bílum frá Aion, sem eru Aion S lúxusbíllinn og Aion V sem er einnig jepplingur og mun líka hafa sama drægi. ■



Aion LX Plus er eins og bensínbíllinn með sama nafni í útliti. MYND/SKJÁSKOT




*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000 KR. um áramótin, vegna VSK hækkana.
**Bjóðum upp á 35”-40” breytingapakka fyrir Wrangler.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

# Ljóðið það eina sem kemst á milli lífs og dauða



Þorvaldur S. Helgason
tsh@frettabladid.is

**Jón Kalman Stefánsson snýr aftur á heimaslóðir ljóðsins eftir 28 ára fjarveru með bókinni Djöflarnir taka á sig náðir og vakna sem guðir. Jón Kalman segist hafa saknað þess að yrkja ljóð en hann lýsir forminu sem því dýpsta og elsta í mannsandanum.**



Ljóð eftir gott skáld er alltaf miklu, miklu stærra en sjálft skáldið, segir Jón Kalman. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Jón Kalman Stefánsson er þekktastur fyrir skáldsögur sínar sem hafa verið þýddar á fjölda tungumála og unnið til verðlauna víða um heim. Hann tók þó sín fyrstu skref í bókmenntaheiminum með þremur ljóðabókum sem komu út á árunum 1988-1993 og nú eftir nærri þriggja áratuga bið sendir hann frá sér fjórðu bókina, sem ber titilinn Djöflarnir taka á sig náðir og vakna sem guðir.

Aðspurður um hvernig það hafi verið að snúa aftur til ljóðsins eftir svo langa veru í prósanum segir Jón Kalman að því hafi í raun verið öfugt farið.

„Það var eiginlega frekar þannig að ljóðið sneri aftur til mín. Ég man eftir því að þegar ég gaf út þarsíðustu ljóðabókina, Hún spurði hvað ég tæki með mér á eyðieyju, 1993, fann ég að ég var ekki alveg sáttur við sjálfan mig. Eða fannst eins og ég næði ekki alveg að fanga það sem ég fann fyrir innra með sjálfum mér, og ég held að það hafi verið þess vegna sem ég leitaði yfir í prósann.“

**Æð sem opnaðist**

Jón Kalman segist hafa saknað ljóðsins en þó hann hafi ekki ort ljóð lengi þá hafa þau alltaf verið með honum á einn eða annan hátt. Að sögn hans byrjuðu ljóðin að koma aftur í kjölfar breytinga í hans persónulega lífi.

„Þetta kom eiginlega án þess að ég reyndi að knýja það fram. Ég fann, eða skynjaði, að ég gat ekki tjáð ákveðna hluti nema með ljóðinu og þá opnaðist einhver æð. Ég orti lungann úr bókinni á tæpu ári, það gekk mikið á um tíma. En sjálf ljóðin komu þó öll án átaka. Svolítið eins og þau hafi flætt upp á yfirborðið. Auðvitað var einhver vinna í þeim eftir á en þau komu nokkuð hrein, ólíkt því sem var áður þegar ég var yngri. Þá var ég yfirleitt mjög lengi að vinna í hverju ljóði.“

*Myndirðu segja að þetta væri persónuleg bók?*

„Ljóðið hefur oft verið kallað persónulegasta formið, en reyndar er allur gangur á því. Ég hef alltaf verið persónulegur höfundur, ef svo má segja, líka í mínum skáldsögum og gef mig allan í það sem ég er að skrifa. En eðli málsins samkvæmt er skáldsagan allt öðruvísi, maður nálgast heiminn með allt öðrum hætti og það koma miklu fleiri ytri þættir inn í heldur en í ljóðinu. Því má alveg segja að þessi ljóðabók sé að einhverju leyti persónulegri en skáldsögurnar en það liggur kannski ekkert síður í eðli formsins.“

**Dýpsta og elsta í mannsandanum**

Í síðasta ljóði bókarinnar, Kannski inniheldur það fuglasöng, fjallar Jón Kalman um tengsl skáldskapar og handanheimsins og setur þar fram þá afdráttarlausu yfirlýsingu að ljóðin séu einu tíðindin sem berist á milli hinna lifandi og hinna dauðu. Er blaðamaður biður hann að útskýra þá hugmynd segir Jón Kalman að ljóðið sé elsta formið. Ekkert liggi jafn djúpt í mannkynssögunni og mannsandanum og ljóðið, nema kannski tónlistin.

„Ljóð eftir gott skáld er alltaf miklu, miklu stærra en sjálft skáldið. Það er miklu dýpra, miklu vitrara, miklu eldra. Þegar skáld yrkir gott ljóð þá verður það þúsund ára gamalt. Þannig að ef eitthvað kemst á milli lífs og dauða þá er það náttúrlega það elsta og það dýpsta og það skrýtnasta, það sem rökhugsunin nær aldrei yfir,“ segir hann.

> ” Að lesa ljóð getur fært þér svo mikið, það getur fært þér kyrrð, það getur fært þér óvissu, spurn, fegurð, háska.

*Það er þá eitthvað órætt sem kemst þarna á milli og virkjar skáldin og skáldskapinn?*

„Já, og þess vegna finnst mér svo dapurlegt að fleiri skuli ekki lesa ljóð. Af því að fólk áttar sig ekki á því hversu mikið það fer á mis við. Að lesa ljóð getur fært þér svo mikið, það getur fært þér kyrrð, það getur fært þér óvissu, spurn, fegurð, háska. Ljóð sem er á einni síðu og tekur þig mínútu að lesa getur bærst í þér allt þitt líf. Ég er alveg viss um að ef fólk myndi yfirstíga þá hugsun, þann misskilning, að það sé erfitt eða leiðinlegt að lesa ljóð og myndi bara nálgast ljóðið án fordóma og algjörlega afslappað, þá myndi það flæða inn í það.“

**Leit að tilgangi lífsins**

Djöflarnir taka á sig náðir fjallar töluvert um endalok, hvort sem það eru endalok lífs, endalok ástar eða jafnvel endalok heims. Spurður hvort bókin sé einhvers konar uppgjör svarar Jón Kalman því að hann telji allar bækur sínar vera á vissan hátt uppgjör.

„Þegar ég byrja á nýrri skáldsögu þá er ég alltaf sannfærður um að með því að skrifa þá bók muni ég komast að því hvort það sé líf eftir dauðann, hvort guð sé til og hver sé tilgangur lífsins. Þetta er ákveðið naívítet en ég er alltaf jafn innilega sannfærður um að það takist og að skáldskapurinn sé sú aðferð og það vopn sem dugi til þess. En ég held að það sé líka eðlilegt og ósjálfrátt að þegar maður snýr aftur til ljóðsins, eða ljóðið kemur aftur til manns eftir allan þennan tíma, að þá hugsi maður líf sitt og heiminn upp á nýtt. Allt það sem hefur komið fyrir mann, öll sú reynsla og þroski, öll þau mistök og áföll sem fylgja lífinu, það auðvitað flæðir inn í ljóðið,“ segir Jón Kalman. ■

**Brot úr Kannski inniheldur það fuglasöng**

Ljóðið
er eina lesefnið sem hinir dánu
geta lesið, það eina sem kemst
á milli, og þessvegna

eru skáldin
celeb eilífðarinnar, gleymdu
kvikmyndastjörnum, gleymdu
áhrifavöldum,
leiðtogum, íþróttastjörnum,
þeirra áhrif nema staðar í
dauðanum
þar sem skáldin eru rétt að
byrja að hitna

**Viltu leigja?**

**Kynnið ykkur vef Eirar öryggisíbúða: www.ibudir.eir.is**

**Þar er að finna óráðstafaðar íbúðir, leiguverð, staðsetningu, teikningar ásamt því að bóka skoðun og senda umsókn.**

**Einnig er hægt að hringja í ☎ 522 5700 á virkum dögum eða senda tölvupóst á ibudir@eir.is**

**Eirborgir**
**Fróðengi 1—11**
**112 Reykjavík**

**Eirhamrar**
**Hlaðhamrar 2**
**270 Mosfellsbæ**

**Eirarhús**
**Hlíðarhúsum 3—5**
**112 Reykjavík**





# Göldrótt og grimm Yrsa

BÆKUR

## Lok lok og læs

**Yrsa Sigurðardóttir**
**Útgefandi:** Veröld
**Fjöldi síðna:** 312

Björn Þorláksson




Lok, lok og læs, er mikill doðrantur, 350 síður af sakamálum, spennu – og hryllingi.

Dularfullur glæpur á afviknum stað í íslenskri sveit opnar bókina. Lesandinn fær ekki örlög sín flúið eftir það. Hann kastar frá sér öðrum verkum og sogast inn í atburðarásina, tíminn hreinlega hverfur. Það er þó mun skárra hlutskipti en örlög sumra persónanna.

Frá upphafi er lesandinn leiddur áfram í tveimur tímalínum. Annars vegar fylgjumst við með rannsóknarlögreglumanninum Tý og félögum hans reyna að upplýsa voðaverk af grimmara tagi. Börn eru meðal fórnarlamba. Týr berst við skugga fortíðar og eigin ráðgátur á sama tíma og hann og vel skrifaðar aukapersónur í lögregluliðinu vinna sitt verk. Á hinn bóginn fylgjumst við með aðdraganda harmleiksins, lífi Sóldísar, ungrar ráðskonu sem ólíkt lesandanum veit ekki hvað bíður hennar. Og eins og vera ber í ráðgátukrimma kunna sögulok að koma mörgum lesendum á óvart.

Yrsa er ekki einhöm í galdri þessarar bókar. Ekki lætur henni einungis einkar vel að opna sýn inn í myrkrið heldur er hún líka naskur samfélagsrýnir. Þannig fær glænýtt fréttamál, stórfrétt sem kom upp fyrir nokkrum dögum, löngu eftir að Yrsa skilaði bókinni í prófórk, mikilvægt vægi í sögunni. Sú staðreynd segir sína sögu um framsýni höfundar og nef fyrir því sem betur mætti fara.

Margt er á sveimi í Lok lok og læs. Bitcoin, dýrahald, ást, afbrýði, sjálfselska, hatur, vanhugsaðar ákvarðanir. Grimmur ritstjóri gæti sagt að hliðarsögum bókarinnar hefði mátt fækka eða fara örlítið meira á dýptina til að skýra hvað liggur undir illskunni. En skortur af einhverju tagi, eða ótti við skort, vegur í huga höfundarins þungt í þeim efnum.

Yrsa höfðar til breiðs hóps lesenda. Hún kýs oft skýrleika umfram tvíræðni án þess þó að trana eigin skoðunum fram. Við fyrirgefum henni ónotin sem hún sáldrar í okkar huga. Við reynum jafnvel að læra af grimmdinni og vægðarleysinu, því hlýtt hjarta og sterk réttlætiskennd keyrir án efa skáldkonuna áfram þótt hún láti prestana um að predika.

> Ekki lætur henni einungis einkar vel að opna sýn inn í myrkrið heldur er hún líka naskur samfélagsrýnir.

Þá er forvitnilegt að bæði Yrsa og einn helsti krimmasagnakollegi hennar, Ragnar Jónasson, eiga það sameiginlegt fyrir þessi jól að skapa hrylling sem á sér stað í afkimum úti á landi. Maður freistast til að spyrja hvort Covid, sóttkvíartímarnir, nýjar spurningar um einsemd og öryggisleysi mannskepnunnar kunni að varða þá braut? ■

**NIÐURSTAÐA:** Bók sem grípur lesandann heljartökum. Ansi grimm á köflum en glæsilega fléttuð svo tíminn hreinlega hverfur í höndum lesandans.












# „hvað er ég að gera hér?“

BÆKUR

## Menn sem elska menn

**Haukur Ingvarsson**
**Útgefandi:** Mál og menning
**Fjöldi síðna:** 76

Kristján Jóhann Jónsson

Ljóðmælandinn í „Menn sem elska menn“ fer til Osló, leggst upp í rúm á hóteli og spyr sig hvað hann sé að gera þar. Væntanlega veit hann hvers vegna hann keypti flugmiða til Osló og útvegaði sér hótelherbergi. Hann veit líka að hann ætlar á safn vegna rannsóknar sem snýst ekki um norsku konungsfjölskylduna. Af hverju spyr maðurinn þá þessarar spurningar? Það er meðal annars, eins og hann segir, vegna þess að hann er hvorki persóna í bók eftir Braga Ólafsson né Steinar Braga, getur hvorki dvalið í óskiljanlegri atburðarás né einbeitt sér að hinu óttalega.

Ljóðmælandinn kynnir til sögunnar Sigurd Hoel, sem var norskur rithöfundur, róttæklingur og forystumaður í hópi norskra rithöfunda, og Fjölnismanninn Tómas Sæmundsson, sem var leiðandi í hópi íslenskra menningarvita á sínum tíma. Báðir voru hugsjónamenn. Sá þriðji sem nefndur er til sögunnar kemur á óvart, en það er Grænlandshákarlinn. Hann er nánast forsöguleg vera, býr í djúpinu og tekur það sem hann vill taka og getur tekið. Táknar hann knýjandi þrá? Sigurd las alla merkustu höfundana og reykti eins og strompur meðan loftvarnaflauturnar gullu. Tómas fékk sendan bókapakka daginn sem hann dó, hóstandi blóði. Ekkert stöðvaði leit þeirra tveggja nema dauðinn.

> Ljóðagerð Hauks Ingvarssonar er öflugur texti.

Inn í þessa mynd dregst ást Fjölnismannsins Tómasar á Jónasi Hallgrímssyni. Listaskáldið góða hefði á okkar tímum líklega verið skilgreint sem áfengissjúklingur og talist ótrúleg meðvirkni að lesa ljóðin hans og hafa áhyggjur af líðan hans, en það gerði Tómas. „Það er sárt að elska mann,“ segir í bók Hauks og látið er að því liggja að ef þú „elskar mann sem elskar mann sem elskar mann“ hafirðu veðdregið þig ást á heiminum og mannkyninu og viðurkennir að fólk skipti þig meira máli en allt annað, og það er kannski svarið við spurningu ljóðmælandans.

Auðvitað er oft tilvistarótti í spurningunni: „hvað er ég að gera hér?“ Hún getur beinst að mörgu. Í síðasta hluta bókarinnar dýpkar leit höfundar að svarinu. Það er vikið að bernsku, forfeðrum, sögu, goðsögnum, náttúru, himni og hafi.




Titillinn „Menn sem elska menn“ virðist ef til vill undirfurðulegur, meðal annars vegna þess að orðið maður merkir í mæltu máli ýmist manneskja, eða bara karlmaður. Í titli bókarinnar rúmar heitið „maður“ tvímælalaust alla, hvert sem kynið er. Í titlinum er jafnframt fólgið svarið við spurningu ljóðmælandans sem gerð var að titli á þessu spjalli. Ástin á mannkyninu knýr ljóðmælandann áfram í rannsókn sinni og ást hans á mönnum sem elska menn er óstöðvandi, eins og græðgi Grænlandshákarlsins.

Ljóðagerð Hauks Ingvarssonar er öflugur texti og þráðurinn sem ég hef fylgt hér er einungis einn. Er þetta ekki samt dálítið falleg kenning? Er ekki furðu margt af því sem við gerum knúið af ást á öðru fólki og velvild í þess garð? Hvernig væri líf okkar ef svo væri ekki? ■

**NIÐURSTAÐA:** Falleg ljóðabók og textinn margræður. Höfundurinn virðist una sér vel í dýpi tungumálsins. Á baksíðunni er ljóð um Grænlandshákarl.

# Dásamlegur í höndum Víkings

GEISLADISKUR

## Víkingur Ólafsson: Mozart & Contemporaries

**Deutsche Grammophon**

Jónas Sen

Rannsóknir hafa upplýst að þeir sem hlusta á sónötu fyrir tvö píanó í D-dúr K 448 eftir Mozart rétt áður en þeir eiga að leysa ákveðnar heilaþrautir, standa sig betur en aðrir. Vísindarannsóknir hafa líka sýnt fram á að sama sónata, ef hlustað er á hana í um tíu mínútur á kvöldin daglega, leiðréttir tímabundna truflun á rafvirkni heila flogaveikisjúklinga.

Mig grunar að þetta eigi við um fleiri verk eftir snillinginn en aðeins þessa tilteknu sónötu. Tilvalið er því að setja nýjasta geisladisk Víkings Heiðars Ólafssonar á fóninn. Hann jafnast örugglega á við líkamsrækt fyrir heilann.

Hér er að vísu meira en bara Mozart. Víkingur spilar líka verk eftir nokkra samtímamenn, það er Baldassare Galuppi, Domenico Cimarosa, Carl Philipp Emanuel Bach og Haydn gamla. Fyrir bragðið fær maður betri tilfinningu fyrir tímabilinu þegar Mozart var uppi, stemningunni sem þá ríkti.

### Breið túlkun

Spilamennskan er svo gott sem fullkomin. Hún er tær og meitluð, hröð tónahlaup glitrandi, tónmyndunin blæbrigðarík og fáguð. Mikil breidd er í túlkuninni, og kemur það hvað best út í d-moll fantasíunni, sem Mozart kláraði ekki. Hún er innhverf og tregafull, og Víkingur nær að miðla skáldskapnum þannig að það hittir mann í hjartastað.

Sú útgáfa sem er þekktust af verkinu er með glaðlegum lokakafla, en hann er ekki eftir Mozart. Upprunalega gerðin endar á hljómi sem kallar á niðurlag, og Víkingur leysir það með því að spila strax á eftir ofurhratt Rondó í D-dúr K 485. Það smellpassar. Verkin tvö eru eins og ein órofa heild, en andstæðurnar þar á milli eru ákaflega skarpar. Útkoman er mögnuð.

> Spilamennskan er svo gott sem fullkomin. Hún er tær og meitluð, hröð tónahlaup glitrandi, tónmyndunin blæbrigðarík og fáguð.




### Flottar útsetningar

Nokkrar áhugaverðar útsetningar gleðja eyrað. Fyrir það fyrsta hefur Víkingur sjálfur útsett sónötur eftir Cimarosa, klætt þær hljómum sem ekki er að finna í upprunalegu gerðunum. Þeir eru einstaklega fallegir og gefa tónmálinu munúðarfullan blæ sem skapar draumkennda stemningu.

Útsetning Víkings á hæga kaflanum úr þriðja strengjakvintettinum eftir Mozart er líka forkunnarfögur. Og svo er dásamlegt að heyra útsetningu Liszts á Ave Verum Corpus eftir meistarann, sem er þrungin helgi, akkúrat eins og hún á að hljóma.

### Mollinn áhrifameiri

Ég er á þeirri skoðun að Mozart sé almennt betri í moll en í dúr. Mollinn er dekkri og þar fær tónlistin einhverja dýpt sem vantar í hinum verkunum. Mollinn er ríkjandi á seinni hluta disksins, og er c-moll sónatan í öndvegi. Hún er gædd réttа dramanu, sorginni, eftirsjánni, jafnvel örvæntingunni.

Bob Hope sagði einu sinni um ónefndan píanista: „Þegar hún byrjaði að spila kom Steinway sjálfur í eigin persónu og strokaði nafn sitt af flyglinum.“ Ekki er mikil hætta á að það gerist hér. ■

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegur geisladiskur með sannfærandi túlkun.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# 11. & 12. DES.
## KL. 14:00 & 16:00

LITLI TÓNSPROTINN

# JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Gullfallegir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu eru sannkölluð hátíð fyrir alla fjölskylduna. Eftirlætis jólatónlist allra, meðal annars ***Yfir fannhvíta jörð, Hin fyrstu jól*** og ***Gilsbakkaþula***. Fjöldi gesta kemur fram með hljómsveitinni á þessum tónleikum.



Hljómsveitarstjóri
**Eva Ollikainen**

Einsöngvarar
**Bryndís Guðjónsdóttir**
**Valdimar Guðmundsson og**
**Kolbrún Völkudóttir**

Kórar
**Stúlknakór Reykjavíkur**
**og Aurora**

**Bjöllukór Tónlistarskóla**
**Reykjanesbæjar**

**Táknmálskórinn**
**Litlu sprotarnir**

Dansarar
**úr Listdansskóla Íslands**

Tónlistarhópar
**Flautuhópur úr**
**Skólahljómsveit Kópavogs,**
**Tónlistarskólanum á Akureyri**
**og Tónlistarskóla Eyjafjarðar**

**Gítarhópur úr**
**Tónlistarskóla Hafnarfjarðar**

Kynnir
**Trúðurinn Aðalheiður**

Miðasala
**sinfonia.is**

Sími
**528 5050**

# Gleðileg jólatilboð!




Einkaspæjarastofa Suðurgötusystranna
**2.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Kynjadýr í Buckinghamhöll
**3.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.499 KR.




Þorri og Þura Jólakristallinn
**3.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.299 KR.




Orri óstöðvandi
**3.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.599 KR.




Þegar Stúfur bjargaði jólunum
**3.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.499 KR.




Ótemjur
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Reykjavík barnanna
**3.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.




Akam, ég og Annika
**3.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.




Ógn Ráðgátan um Dísar-Svan
**3.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.499 KR.

**„Það verður aldrei úrelt að eiga hugsjónir“**
-Hilmar Jónsson

Jólabókaflóðið er hafið af fullum krafti.
Þú finnur allar jólagjafirnar fyrir þig
og þína í Pennanum Eymundsson.

**Frábær tilboð**




Þrautseigja og mikilvægi íslenskrar tungu
**4.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.899 KR.




Laugavegur
**9.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 12.999 KR.




Rætur
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Af einskærri sumargleði
**5.499 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.499 KR.




Bestu kleinur í heimi
**3.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.499 KR.




Koma jól?
**3.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.499 KR.




Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu
**5.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.899 KR.




Olía
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.




Arnaldur Indriðason deyr
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 5. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is

Penninn Eymundsson






# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**19.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.00 Kvennaklefinn (e)** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
**20.30 Sir Arnar Gauti (e)**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Sögur snjómannsins**
**07.24 Tulipop**
**07.28 Poppý kisukló**
**07.38 Sara og Önd**
**07.45 Rán - Rún**
**07.50 Kalli og Lóa**
**08.01 Hæ Sámur**
**08.08 Kátur**
**08.20 Eðlukrúttin**
**08.31 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
**08.42 Hið mikla Bé**
**09.04 Kata og Mummi**
**09.15 Lautarferð með köku**
**09.21 Stundin okkar**
**09.45 Húllumhæ**
**09.55 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.10 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.25 Jóladagatalið. Jólasótt**
**10.55 Kappsmál**
**12.00 Vikan með Gísla Marteini**
**12.55 EM í hópfimleikum** Bein útsending frá úrslitum blandaðra liða á EM í hópfimleikum.
**14.35 Íþróttaafrek Hópfimleikalandsliðið 2012**
**14.50 EM í hópfimleikum** Bein útsending frá úrslitum í kvennaflokki á EM í hópfimleikum.
**16.35 Jólin hjá Claus Dalby**
**16.45 Sætt og gott - jól**
**16.55 Kósýheit í Hveradölum**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**18.14 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.40 Matargat** Jólalegur eftirréttur.
**18.45 Bækur og staðir** Jóhann Gunnar Sigurðsson.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Emil og grísinn**
**21.20 Jólasýningin Christmas Encore**
**22.45 Alþjóðlegir bíódagar. Stúlka**
**00.30 Mozart á miðnætti** Bein útsending frá minningartónleikum Óperukórsins í Reykjavík sem fram fara í Langholtskirkju.
**01.50 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.05 PGA Special - Gary Player. Picture This**
**10.00 DP World Tour** Bein útsending frá South African Open Championship.
**15.00 PGA Special. FedEx Cares Charity Challenge**
**17.00 PGA Tour** Bein útsending frá Hero World Challenge, styrktarmót Tigers Woods og PGA.
**20.00 LPGA Tour** Útsending frá BMW Ladies Championship.

## Sjónvarp Símans

**10.45 Dr. Phil**
**11.30 Dr. Phil**
**12.15 Dr. Phil**
**13.00 Speechless**
**13.25 Happy Together (2018)**
**13.50 Single Parents**
**14.30 Wolves - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (7.52)**
**17.10 Fjársjóðsflakkarar (8.52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa** Vísindabækur Villa eru orðnar fimm talsins og hafa slegið í gegn hjá fróðleiksfúsum og forvitnum krökkum.
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Björgum sveinka - ísl. tal** Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali. Jólasveininum er rænt af hinum illa Neville Baddington, og móður hans Veru. Þau mæðginin hyggjast afhjúpa stærsta leyndarmál Jólasveinsins. hvernig hann getur afhent jólapakka um allan heim á einni nóttu.
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 The Moodys**
**19.35 Jólagestir Björgvins 2020**
**21.55 The Holiday**
**00.25 John Wick**
**02.05 The Fifth Estate**
**04.10 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Vinill vikunnar**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Í leit að betra lífi**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Kventónskáld í karlaveldi** Florence Price
**11.00 Fréttir**
**11.02 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.45 Heimskviður**
**13.25 Kynstrin öll**
**14.05 Verðandi**
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Orð um bækur**
**17.00 Jól í skókassa**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi söguunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar** Rhythm Kings, Tríó Rob Madno og Dutch Jazz Orchestra
**20.50 RatsjáEftirlit. Ekkert að fela**
**21.15 Bók vikunnar** Úrval ljóða 1982-2012
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Litla flugan** Toralf Tollefsen, John Molinari og Veikko Ahvenainen
**23.00 Vikulokin**

## Stöð 2 Bíó

**11.10 Dolittle**
**12.50 Mystery 101. An Education in Murder**
**14.15 How To Be Single**
**16.05 Dolittle**
**17.45 Mystery 101. An Education in Murder**
**19.10 How To Be Single**
**21.00 Boss Level**
**22.35 Blood Money**
**00.00 Replicas**
**01.45 Boss Level**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.40 Friends**
**12.05 Bold and the Beautiful**
**13.30 Bold and the Beautiful**
**13.50 Jóladagatal Árna í Árdal**
**14.00 Friends**
**14.20 Friends**
**14.45 The Office**
**15.05 The Office**
**15.30 Framkoma**
**16.05 Jamie's Easy Meals at Christmas**
**16.50 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir 1 af 6** Við fylgjumst með Steinda heimsækja margar af skrítnustu, skemmtilegustu og furðulegustu ráðstefnum sem haldnar eru í heiminum.
**17.25 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir 2 af 6**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Kviss**
**19.45 Drekatemjarinn** Ævintýraleg og fyndin, talsett teiknimynd frá 2020. Ungur silfurdreki slæst í lið með anda fjallanna, og munaðarlausum dreng, á ferðalagi í gegnum Himalayafjallgarðinn, í leit afðendimörkum himinsins.
**21.15 The Twilight Saga. Breaking Dawn Part 2**
**23.10 The Dinner**
**01.05 Curb Your Enthusiasm**
**01.40 Friends**
**02.05 Friends**
**02.25 Friends**
**02.50 The Office**
**03.10 The Office**
**03.35 Jamie's Easy Meals at Christmas**

## Stöð 2 Sport

**07.15 Tilþrifin**
**08.00 Njarðvík - Vestri** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**09.40 KR - Keflavík**
**11.20 Tilþrifin**
**12.05 Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
**13.50 Valur - HK** Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**15.25 Topp 5**
**15.50 Valur - Selfoss** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
**17.25 Topp 5**
**17.50 Fram - Haukar** Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**19.25 Guðjón Valur Sigurðsson**
**20.00 Grindavík - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
**22.00 Subway Körfuboltakvöld karla**
**23.05 Fullkominn endir**
**23.45 Tilþrifin**

## Stöð 2 Sport 2

**06.55 Rangers - Sparta Prag**
**08.35 Leverkusen - Celtic**
**10.15 Fulham - Bournemouth**
**11.55 Football League Show**
**12.25 Coventry - West Brom** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**14.55 Ipswich - Barrow** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni, FA Cup.
**16.55 NFL Gameday**
**18.00 New York Knicks - Denver Nuggets** Bein útsending frá leik í NBA.
**20.05 Buxton - Morecambe**
**21.50 Urbas Fuenlabrada - Valencia Basket**
**23.25 New York Knicks - Denver Nuggets**


NIVEA
Tímamóta uppgötvun gegn litablettum með sjáanlegum árangri á 4 vikum
Skannaðu mig til að byrja þitt tímamótaskref fyrir ljómandi húð
NÝJUNG
NIVEA
CELLULAR
LUMINOUS630®
ANTIDARK-SPOT
SERUM
ADVANCED TREATMENT
REDUCES & HELPS PREVENT THE APPEARANCE OF DARK-SPOTS
FOR EVEN & LUMINOUS SKIN VISIBLE RESULTS IN 4 WEEKS
LUMINOUS630® PATENTED
NIVEA
CELLULAR
LUMINOUS630®
ANTI DARK-SPOT
SERUM
ADVANCED TREATMENT

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**19.30 Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
**20.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)**
**20.30 Mannamál (e)**
**21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Rán - Rún**
**07.21 Kúlugúbbarnir**
**07.44 Poppý kisukló**
**07.55 Kátur**
**08.07 Stuðboltarnir**
**08.18 Konráð og Baldur**
**08.31 Hvolpasveitin**
**08.54 Skotti og Fló**
**09.01 Unnar og vinur**
**09.24 Múmínálfarnir**
**09.46 Eldhugar**
**09.50 Sammi brunavörður**
**10.00 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.15 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.30 Jóladagatalið. Jólasótt**
**11.00 Silfrið**
**12.10 Jólin hjá Mette Blomsterberg**
**12.40 Tungumál framtíðarinnar** Forritun til framtíðar.
**13.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Gunnar Valdimarsson, húðflúrari.
**13.35 Jólin koma** Katrín Halldóra Sigurðardóttir og Króli.
**13.55 Á móti straumnum**
**14.25 Okkar á milli**
**15.45 Kiljan**
**16.45 Nýjasta tækni og vísindi**
**17.15 Menningin - samantekt**
**17.40 KrakkaRÚV**
**17.41 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**17.54 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.19 Stundin okkar**
**18.50 Landakort** Smitar börn í Fjallabyggð af sirkusbakteríunni.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Landinn**
**20.20 Dagur í lífi** Katrín Björk Guðjónsdóttir.
**21.05 Ófærð**
**21.50 Snilligáfa Picassos**
**22.40 Norskir tónar**
**23.45 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.15 PGA Special.**
**10.00 DP World Tour** Bein útsending frá South African Open.
**15.00 LET Tour - Highlights**
**16.00 PGA Tour** Bein útsending frá Hero World Challenge.
**19.00 LPGA Tour** Útsending frá KPMG Women's.

## Sjónvarp Símans

**10.45 Dr. Phil**
**11.30 Dr. Phil**
**12.15 Top Chef**
**13.00 The Bachelorette**
**14.45 The King of Queens**
**15.05 Everybody Loves Raymond**
**15.30 Gamba - ísl. tal**
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (9.52)**
**17.10 Fjársjóðsflakkarar (10.52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Heil og sæl?**
**17.55 Ástríða**
**18.30 Jólastjarnan 2021**
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 The Moodys**
**19.35 Ilmurinn úr eldhúsinu**
**20.10 Christmas at Grand Valley**
**21.45 Stella Blómkvist**
**22.30 Yellowstone**
**23.15 City on a Hill**
**00.05 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.50 Dexter**
**01.40 The Rookie**
**02.25 Clarice**
**03.10 Kielergata**
**03.55 Tónlis**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Hringsól** Í Noregi
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Á tónsviðinu**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Svona er þetta**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunnar** Selta
**11.00 Guðsþjónusta í Kapellu Háskóla Íslands**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Sögur af landi**
**14.00 Víðsjá**
**15.00 Lestin**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Úr tónlistarlífinu. Brák og Andri Björn**
**17.25 Orð af orði** Málfar og orð.
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Kventónskáld í karlaveldiFlorence Price**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Í leit að betra lífi**
**20.35 Kynstrin öll**
**21.30 Áður fyrr á árunum** Dýrð sé guði í uppsveitum.
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Þögnin rofin - Florence Price** Tónlist kventónskálda á 19. öld og við upphaf 20. aldar.
**23.10 Frjálsar hendur**

## Stöð 2 Bíó

**11.05 The Miracle Season**
**12.45 All Things Valentine**
**14.10 Back to the Future**
**16.00 The Miracle Season**
**17.40 All Things Valentine**
**19.05 Back to the Future**
**21.00 Downhill**
**22.20 Shazam!**
**00.30 Don't Let Go**
**02.10 Downhill**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.10 Friends**
**11.35 Jóladagatal Árna í Árdal**
**11.40 Top 20 Funniest**
**12.20 Nágrannar**
**13.50 Nágrannar**
**14.15 Friends**
**14.40 How to Cure...**
**15.25 Kviss**
**16.15 Fantasy Island**
**17.00 Ummerki**
**17.40 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Framkoma**
**19.45 Víkingar**
**20.20 Professor T**
**21.10 The Sinner**
**22.00 La Brea**
**23.05 Succession**
**00.05 Tin Star. Liverpool**
**00.50 The Blacklist** James Spader er hérna mættur í áttundu þáttaröðinni um hinn magnaða Raymond Reddington eða Red.
**01.30 Friends**
**01.55 Friends**
**02.15 Top 20 Funniest**
**03.00 How to Cure...**
**03.45 Fantasy Island**

## Stöð 2 Sport

**06.50 Subway Körfuboltakvöld karla**
**07.50 Tilþrifin**
**08.35 Grindavík - Stjarnan** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**10.15 Subway Körfuboltakvöld karla**
**11.15 Subway Körfuboltakvöld kvenna**
**12.10 Fram - Haukar** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**13.30 Valur - HK**
**14.50 Valur - Selfoss** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**16.20 Fram - Afturelding**
**17.50 Víkingur - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
**19.30 Seinni bylgjan**
**21.00 Kristinn Kjærnested**
**21.50 Subway Körfuboltakvöld karla**
**22.50 Fjölnir - Haukar** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
**00.30 Grindavík - Keflavík**

## Stöð 2 Sport 2

**06.45 Valencia maraþonið 2021** Bein útsending.
**10.00 Rotherham - Stockport**
**11.40 Upphitunarþáttur FA Cup**
**12.10 Rochdale - Plymouth** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni, FA Cup.
**14.25 QPR - Stoke** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**16.30 Lokasóknin**
**17.25 NFL Gameday**
**17.55 NFL Extra**
**18.00 Cincinnati Bengals - LA Chargers** Bein útsending frá leik í NFL.
**21.20 Seattle Seahawks - San Francisco 49ers** Bein útsending frá leik í NFL.
**01.05 Salford - Chesterfield**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
**19.30 Heima er bezt** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Stjórnandinn með Jóni G. (e)** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.
**20.30 Fréttavaktin**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Fólkið í landinu** Rafn Hafnfjörð.
**13.35 Útsvar 2008-2009** Álftanes - Fjarðabyggð.
**14.30 Vesturfarar** Riverton.
**15.10 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**15.25 Innlit til arkitekta**
**15.55 Veisla í farangrinum** Frakkland - Búrgúnd.
**16.30 Silfrið**
**17.35 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**18.14 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.41 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Jólalag dagsins** Sigríður Thorlacius - Jólakvæði.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Hvað getum við gert?**
**20.15 Endurfundir í náttúrunni Wild Animal Reunions**
**21.10 Af öllu hjarta Pala sydämestä**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Van Morrison á tónleikum** Upptaka frá tónleikum Van Morrison á tónlistarhátíðinni Eden Sessions í Cornwall í Bretlandi sumarið 2017.
**23.15 Líffærabrask**
**23.45 Cherrie - Út úr myrkrinu Cherrie - ut ur mörkret**
**00.05 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**07.00 LET Tour** Útsending frá Aramco Team Series - Jeddah.
**11.40 PGA Tour** Útsending frá Hero World Challenge, styrktarmót Tigers Woods og PGA.
**14.40 PGA Tour**
**17.40 PGA Tour**
**20.40 PGA Highlights**
**21.35 PGA Tour 2021** Útsending frá Hero World Challenge, styrktarmót Tigers Woods og PGA.

## Sjónvarp Símans

**10.30 Dr. Phil**
**11.15 The Late Late Show**
**12.00 Sveppi í Afríku**
**12.55 A Million Little Things**
**13.40 The Neighborhood**
**14.50 The King of Queens**
**15.10 Everybody Loves Raymond**
**15.30 Shrek the Third - ísl. tal**
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (11.52)**
**17.10 Fjársjóðsflakkarar (12.52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 The Unicorn**
**19.40 Superstore**
**19.45 The Block**
**20.15 Top Chef**
**21.05 The Rookie**
**21.55 Clarice**
**22.40 Kielergata**
**23.25 The Late Late Show**
**00.10 Dexter**
**01.00 FBI. Most Wanted**
**01.45 The Good Fight**
**02.30 Paradise Lost**
**03.15 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur** Fyrsta stóra plata Hljóma.
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Hringsól** Í Noregi
**15.00 Fréttir**
**15.03 Orð um bækur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakiljan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi** (18 af 32)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**

## Stöð 2 Bíó

**10.55 Step Up 6**
**12.20 End of Sentence**
**13.55 About Time**
**15.55 Step Up 6**
**17.25 End of Sentence**
**19.00 About Time**
**21.00 The Hustle**
**22.30 Birds of Prey**
**00.15 Curse of La Llorona**
**01.45 The Hustle**

## Stöð 2

**07.55 Heimsókn**
**08.15 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Jóladagatal Árna í Árdal**
**09.30 Hell's Kitchen**
**10.15 Gossip Girl**
**10.55 Landnemarnir**
**11.30 Grand Designs**
**12.20 Last Man Standing**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The Greatest Dancer**
**14.15 Insecure**
**14.50 The Goldbergs**
**15.10 Eldhúsið hans Eyþórs**
**15.35 Golfarinn**
**16.00 First Dates**
**16.50 Masterchef USA**
**17.30 Nágrannar**
**18.00 Bold and the Beautiful**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Christmas at the Plaza**
**20.00 Home Economics**
**20.35 Fantasy Island**
**21.20 Succession**
**22.20 The Pact**
**23.20 60 Minutes**
**00.10 Agent Hamilton**
**00.55 SurrealEstate**
**01.40 Legends of Tomorrow**
**02.20 The Mentalist**
**03.00 Hell's Kitchen**
**03.45 Gossip Girl**
**04.25 Insecure** Fimmta þáttaröð þessara frábæru þátta úr smiðju HBO og fjalla um hispurslausa en afar óörugga unga konu sem leikin er af Issu Rea sem er jafnframt höfundur þáttanna.

## Stöð 2 Sport

**06.50 Víkingur - Stjarnan** Útsending frá leik r í Olís deild karla.
**08.15 Fjölnir - Haukar** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
**10.00 Grindavík - Keflavík**
**11.40 Hamar - Álftanes** Útsending frá leik í 1. deild karla í körfubolta.
**13.20 Seinni bylgjan**
**14.35 Valur - HK** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**15.55 Fram - Haukar**
**17.15 Fullkominn endir**
**18.00 Seinni bylgjan**
**19.00 Kristinn Kjærnested**
**19.50 Víkingur - Stjarnan**
**21.15 Seinni bylgjan**
**22.30 Valur - Selfoss** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**23.55 Fram - Afturelding**

## Stöð 2 Sport 2

**07.00 Salford - Chesterfield**
**08.40 Rochdale - Plymouth**
**10.20 Buxton - Morecambe**
**12.00 QPR - Stoke**
**13.40 Salford - Chesterfield**
**15.20 Rochdale - Plymouth**
**17.00 QPR - Stoke**
**18.40 Football League Show**
**19.05 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**19.30 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
**20.20 Cleveland Cavaliers - Utah Jazz**
**22.00 Casademont Zaragosa - Real Madrid**
**23.35 Urbas Fuenlabrada - Valencia Basket**

# Bókaðu gleðileg jól




**Jólasvínið**
Jack á sér uppáhaldsleikfang – lítið tuskusvín. Svínið hefur fylgt honum alla tíð, í gegnum súrt og sætt. Þangað til aðfangadagskvöld eitt að hið hræðilega gerist: svínið týnist. En jólanótt er tími kraftaverkanna, nóttin þegar allir hlutir geta lifnað við – jafnvel leikföng.

3.999 kr.




**Skipskaðar á svörtum söndum**
Sandarnir miklu á suðurströndinni hafa orðið grafreitur margra skipa í aldanna rás. Barátta sjómanna í brjáluðu brimi fyrir lífi sínu hefur oftar en ekki verið tvísýn. Margir komust ekki lifandi frá borði. Þeirra sem náðu í land beið oft erfið ganga í leit í að byggð.

4.999 kr.




**Milli vonar og ótta**
Íslenskar ljósmæður þurftu í aldanna rás að brjótast í öllum veðrum, oft um erfiðar leiðir, til að sinna fæðandi konum sem biðu milli vonar og ótta eftir aðstoð. Þær tóku á móti börnum við alls konar aðstæður á misjafnlega búnum heimilum.

5.999 kr.




**Veistu, ef þú vin átt**
Haustið 1946 fluttist Aðalheiður Hólm af landi brott með hollenskum eiginmanni sínum. Þá stóð hún á þrítugu en hafði engu að síður komið víða við sögu. Átján ára stofnaði hún Starfsstúlknafélagið Sókn sem sameinaði konur í lægstu stéttum þjóðfélagsins í baráttu þeirra fyrir mannsæmandi lífi.

5.999 kr.




**Fegurðin ein**
Síðasta sýningin á söngleiknum um Fríðu og Dýrið. Anna dansari er í stuði í lokapartíinu – þar til bæði kærastinn og viðhaldið eru mættir. Hún tekur því fagnandi óvenjulegu verkefni fyrir auglýsingastofu: að fara til Tenerife og finna fallegt fólk.

4.899 kr.




**5 mínútna Frozen sögur**
Slástu í för með Önnu, Elsu, Sveini, Kristjáni, Ólafi og öllum skemmtilegu vinum þeirra og taktu þátt í heillandi ævintýrum í Arindell.

2.799 kr.




**Laugavegur**
Byggingar- og verslunarsaga aðalgötu Reykjavíkur sögð í máli og myndum og tilraun gerð til að útskýra hvers vegna hún hefur þróast með þeim hætti sem raun ber vitni. Líklega endurspeglar engin gata á landinu jafn vel tíðarandann í borginni á hverjum tíma og Laugavegur.

5.999 kr.




**Akam, ég og Annika**
Hrafnhildur neyðist til að flytja til Þýskalands með fjölskyldu sinni þegar stjúpfaðir hennar fær þar vinnu. Nýi skólinn er strangur og hún saknar pabba síns og ömmu, en aðallega bestu vinkonu sinnar. Þegar hún kynnist hinum krökkunum í skólanum renna á hana tvær grímur.

2.599 kr.




**Vala víkingur og epli Iðunnar**
Nú eru Vala víkingur og skipið hennar Breki dreki komin í hann krappan! Gyðjan Iðunn lendir óvænt um borð með gulleplin sín, hundelt af þursinum Þjassa og lævísa guðinum Loka. En af hverju vilja þeir epli Iðunnar og hvað getur Vala gert til að stoppa þá?

2.999 kr.




**Fótbolti – allt um hinn fagra leik**
Viltu fá að vita allt um fótboltann? Hér er farið yfir allt sem viðkemur fótboltanum, frá uppruna leiksins til upplýsinga um öll helstu mót heims og um bestu liðin. Nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla sem hafa áhuga á þessari vinsælustu íþrótt jarðar!

4.499 kr.




30% appsláttur

Í dag er „appsláttur" af öllum bókum í verslunum Samkaupa: Nettó, Iceland, Kjörbúðinni og Krambúðinni.

*Ef þú greiðir með Samkaupa-appinu færðu 30% af andvirði bókanna sem inneign.*

nettó
Lægra verð – léttari innkaup


Katrín Jakobsdóttir.


Guðlaugur Þór Þórðarson.


Bjarni Benediktsson.


Willum Þór Þórsson.


Sigurður Ingi Jóhannsson.


Þórdís Kolbrún R. Gylfadottir.


Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

### 5-12 fyrir Liverpool

- Katrín Jakobsdóttir, Liverpool
- Guðlaugur Þór Þórðarson, Liverpool
- Bjarni Benediktsson, Manchester United
- Willum Þór Þórsson, Chelsea
- Sigurður Ingi Jóhannsson, Arsenal
- Þórdís Kolbrún R. Gylfadottir, Liverpool
- Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Liverpool
- Ásmundur Einar Daðason, Swansea
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Liverpool (en hefur mesta ánægju af listdansi á skautum)
- Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Manchester United
- Jón Gunnarsson, Burnley
- Guðrún Hafsteinsdóttir, Liverpool
- Svandís Svavarsdóttir, Tottenham


Ásmundur Einar Daðason.


Guðmundur Ingi Guðbrandsson.


Lilja Dögg Alfreðsdóttir.


Jón Gunnarsson.


Guðrún Hafsteinsdóttir.


Svandís Svavarsdóttir.





Íslensk hönnun og smíð
Jólagjöfin í ár
7.900 kr.
Sendum hvert á land sem er.
Pantanir á facebook síðunni monkeybuisness.is




# Liverpool er með tögl og hagldir í ríkisstjórn Íslands

**Fyrirliðinn Katrín Jakobsdóttir fer fyrir rúmlega heilu knattspyrnuliði þar sem Liverpool er með yfirburðastöðu með fjóra ráðherra sem verða síðan fimm. Stefán Pálsson segir listann yfir afstöðu ráðherra til enska boltans segja mikið um ríkisstjórnina.**

odduraevar@frettabladid.is


Stefán Pálsson rýnir í stöðu enska ríkisstjórnarboltans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er afar áhugaverður listi og segir gríðarlega mikið um ríkisstjórnina og gangvirki íslenskra stjórnmála þessi misserin," sagði Stefán Pálsson, sagnfræðingur og sparkspekingur, um listann yfir liðin í ensku knattspyrnunni sem ráðherrarnir fylgja að málum.

„Júnæted-menn hafa ef til vill áhyggjur af því að Púlarar verði með hálfa ríkisstjórnina á seinni hluta kjörtímabilsins, en þetta var óhjákvæmilegt þar sem börn áttunda áratugarins eru leiðandi í stjórnmálunum þessi dægrin og þau halda meira og minna öll með Liverpool.

**Rangstæður ráðherra**

Það segir sína sögu að allir í stjórninni nefna uppáhaldslið í enska, meira að segja Guðmundur Ingi sem óvíst er hvort kann rangstöðuregluna," segir Stefán um nýja félagsmálaráðherrann, sem upplýsti Fréttablaðið um að það liggi við að hann sé orðinn Liverpool-aðdáandi fyrir þrýsting frá Katrínu en hafi þó mesta ánægju af listdansi á skautum.

Þetta sýnir að ríkisstjórnin er í takt við bolinn, á meðan Píratar eru líklegri til að eiga sér bara uppáhalds quidditch-lið og Samfylkingin heldur líklega einungis með þýskum og frönskum fótboltaliðum eftir Brexit.

Gunnar Smári mun væntanlega skamma stjórnina fyrir að halda aðallega með liðum í eigu bandarískra auðmanna. Það er líka áhugavert að gamli fjórflokkurinn heldur með gamalgrónum liðum, „old-money" á meðan Viðreisn er pottþétt á Man. City-vagninum."

**Höfuðborgarstjórn**

„Ríkisstjórnin er skömmuð fyrir að vera höfuðborgarstjórn og Lundúnaliðin eru vel dekkuð þarna. Það að halda með Tottenham hefur pottþétt gagnast Svandísi vel í heilbrigðisráðuneytinu: Sama hvað þú hendir miklum peningum í málaflokkinn er það endalaus brekka og engir titlar vinnast.

Willum hefur sem ungur maður heillast af Peter Osgood og haldið tryggð við Chelsea í eyðimerkurgöngunni í neðri deildunum, með illa þokkaða áhorfendur og ruddafótbolta – og vaknar svo einn daginn upp við að liðið hans er orðið hipp og kúl. Þetta er í raun metafóra fyrir pólitískan feril hans í Framsókn.

Engum ætti svo að koma á óvart að Sigurður Ingi hafi verið aðdáandi George Graham. Óvæntu nöfnin á listanum eru Swansea hjá Ásmundi Einari, sem er freistandi að túlka sem landsbyggðarandóf gegn stórborgarliðunum og því hafi hann valið sér lið úr sauðfjárræktarsvæðum Wales.

Hin skýringin er sú að Ási er úr Borgarnesi og þar snýst allt um körfubolta og fólk hefur ekki nema mjög óljósar fregnir af tilvist knattspyrnu. Hann hafi því orðið að velja sér lið á fullorðinsaldri eftir að hann komst á þing og hafi bara valið klúbbinn sem Gylfi Sig spilaði með á þeirri stundu. Jón Gunnarsson fær svo rokkstigin fyrir Burnley, enda hefur hann sem ungur drengur dáðst að Jimmy McIllroy og vínrauð og blá treyjan minnir pínkulítið á björgunarsveitarbúning. ■




**Magdashop.is**

**Nýja uppáhalds fatabúðin þín**

Gleðiskruddan
er dagbók fyrir
börn á aldrinum
6-15 ára sem byggir
á hugmyndafræði
jákvæðrar
sálfræði.






Höfundar: Marit & Yrja.

„Ég mæli einlæglega með Gleðiskruddunni sem er frábær bók til að virkja börn í að efla vellíðan, bjartsýni og þrautseigju“
-Bryndís Jóna, Núvitundarsetrinu-

Upplýsingar um sölustaði
er að finna á glediskruddan.is

glediskruddan glediskruddan



# Ársins þungi niður á Spotify



Árið 2021 hefur ekki alveg runnið sitt skeið en tónlistarveitan Spotify hefur nú þegar sent notendum ársuppgjörið yfir þau lög sem þeir hlustuðu oftast á. Spilunarlistarnir eru vitaskuld jafn ólíkir og þeir eru margir, en hjá þeim sem Fréttablaðið fékk til þess að opinbera Spotify-bókhaldið eru þeir allir sprúðlandi fjörugir.

toti@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is
ninarichter@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Staðalímynd af sjálfum sér



**Daníel E. Arnarsson**
*framkvæmdastjóri Samtakanna '78*
**Hlustað í 15.735 mínútur**

„Ég er einn af þessum örfáu sem nota Youtube Music meira en Spotify, þess vegna eru mínúturnar mun færri en raun ber vitni. Þó tel ég að þessi listi gefi mjög raunhæfa mynd af tónlistarsmekk mínum.

Ég er reglulega hafður að skotspæni fyrir tónlistarsmekk minn en ég er stoltur Eurovision-popp-diskó-maður og nýt minnar tónlistar í botn. Maður er bara eins og maður er og stundum er það staðalímynd af sjálfum sér.“

**Topp 5 hjá Daníel**
1. **Esjan** Bríet
2. **La Forza** Elina Nechayeva
3. **Husavik** My Marianne
4. **Caruso** Lara Fabian
5. **Tout l'univers** Gjon's Tears

## Sjálfshatur og komplexar



**Júlía Margrét Einarsdóttir**
*rithöfundur*
**Hlustað í 36.835 mínútur**

„Titillagið úr bókinni minni Guð leitar að Salóme er þarna efst á blaði, en árið einkenndist af pæjulátum með Aríönu Grande, sjálfshatri með James Blake og Matt Beringer, og Jesúkomplexum Kanye West þegar mig vantaði pepp. Rappdrottning Íslands Alvia og RnB-snáðinn Logi Pedro gera líka allt betra, en annars átti Lana Del Rey árið fyrir mér og hjarta mitt alla daga.“

**Topp 5 hjá Júlíu**
1. **Cuccurucucu Paloma** Gaby Moreno
2. **Jail** Kanye West
3. **Dúfan mín** Logi Pedro og Birnir
4. **This Mess We're in** PJ Harvey Thom Yorke
5. **The night of Santiago** Bill Callahan og Bonnie Prince Billie

## Sofið með Spotify



**Jakob Bjarnar Grétarsson**
*blaðamaður*
**Hlustað í 44.569 mínútur**

„Fyrir utan Bob Dylan er þetta mest poppgrautur frá hippatímanum, sýnist mér.

Jón Óskar vinur minn, rokkhundur inn að beini, telur lagalistann minn heldur værðarlegan, en þannig er að ég nota Spotify til að svæfa mig. Playlistinn gefur því til kynna að tónlistarsmekkur minn sé rólegri en raunverulega er. Þetta er kyrrðarstund.

Stefán, bróðir minn, heldur því fram að ég hafi hætt að hlusta á tónlist eftir tvítugt og byggi bara á þeim banka sem ég kom mér upp áður. Þetta er ágæt kenning sem ég þræti varla fyrir.

Ég ætla ekkert að vanda mig við að afsaka tónlistarsmekkinn sem sjálfsagt mætti vera meira hipp og kúl. En verð þó að geta þess að hin gríðarlega mikla hlustun skýrist af því að ég kunni ekki að stilla á stopp eftir tiltekinn tíma þannig að lengi vel árs meðan ég var grjótsofandi þá mallaði þetta út nóttina.“

**Topp 5 hjá Jakobi**
1. **America** Simon&Garfunkel
2. **Give Me Love (Give Me Peace On Earth)** George Harrison
3. **I Want You** Bob Dylan
4. **God Only Knows** The Beach Boys
5. **Summer Breeze** Seals and Crofts

## Sein á Bríetarvagninn



**Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir**
*grínisti*
**Hlustað í 71.703 mínútur**

„Þetta segir eftirfarandi um mig: Ég var ansi sein upp í Bríetarvagninn en nú þegar ég er komin um borð vil ég aldrei út. Sjálfseyðingarhvötin mín hlýtur að hafa náð sögulegu hámarki í ár því ég leyfði James Blake að mölbrjóta í mér hjartað aftur og aftur og aftur,“ segir Hekla Elísabet grínisti.

„R&B drottningar eiga hug minn allan. Gellur eru bestar, það þarf ekkert að fjölyrða um það. Tónlistarmaðurinn Dev Hynes (Blood Orange) býr leigufrítt í hjarta mínu og á þessum lista ár eftir ár. Ég er meira að segja í Blood Orange bolnum mínum núna.“

**Topp 5 hjá Heklu**
1. **Draumaland** Bríet
2. **Coming back** James Blake, SZA
3. **Good days** SZA
4. **Say what you will** James Blake
5. **Sólblóm** Bríet

## Staðfasti Duran-maðurinn



**Friðrik Jónsson**
*formaður BHM,*
**Hlustað í 10.650 mínútur**

„Spotify-uppgjörið mitt endurspeglar annars vegar 40 ára ástarsamband mitt við Duran Duran, en ég tilheyri 1% hópnum sem hlustar mest á Duran á Spotify,“ segir Friðrik Jónsson, formaður BHM, sem má teljast einn staðfastasti Duran Duran-aðdáandinn á heimsvísu.

„Hins vegar eru augljós áhrif af þeirri tónlist sem við í hljómsveitinni Friðrik & félagar höfum verið að spila,“ segir Friðrik og bætir við fullur hógværðar að nafn sveitarinnar endurspegli auðmýkt hans og hógværð ágætlega.

„Hluti af því að æfa lögin er að syngja með þessum lögum hástöfum í bílnum, á kontórnum og jafnvel úti í göngu með hundana. Skal viðurkenna að ég hef stundum gleymt mér aðeins með heyrnartólin og sungið aðeins of hátt á Ægisíðunni öðrum vegfarendum og voffunum mínum til mismikillar ánægju.“

**Topp 5 hjá Friðriki**
1. **You do Something to me** Paul Weller
2. **Feel like makin' love** Bad Company
3. **Ain't no sunshine** Bill Withers
4. **Ordinary World** Duran Duran
5. **Waterloo Sunset** Kinks

**Topp 5 með Duran Duran**
1. **Ordinary World**
2. **Planet Earth**
3. **Hungry like the wolf**
4. **My own way**
5. **Late Bar**

## Sjálfsbjargarstreymi



**Una Stef**
*söngkona*
**Hlustað í 23. 826 mínútur**

„Þetta er rosa mikið feelgood soul tónlist, sjálfsbjargarviðleitnin að „kicka“ inn og lagið númer eitt er mesta pepp-lag allra tíma. Þetta er svokallað self-care wrapped,“ segir söngkonan Una Stef.

„Svolítið margir þarna sem voru í fyrra líka. Ég þarf klárlega aðeins að fara að víkka út. Svo er Víkingur Heiðar svolítið „random“ þarna inni, en ég var að reyna að læra lagið á píanó. Hann kom mest á óvart en er mjög velkominn.“

**Topp 5 hjá Unu**
1. **Golden** Cory Wong, Cody Fry
2. **How Deep Is Your Love** PJ Morton feat. Yebba
3. **Hideaway** Jacob Collier
4. **Bruyéres (Home Session)** Víkingur Ólafsson
5. **Baby This Love I Have** Minnie Riperton


» vertu á myllan.is
MYLLU
Jólatertur
Vinsælu Myllu Jólaterturnar eru komnar í verslanir
- finndu þína uppáhalds strax í dag
MYLLAN
JÓLATERTA
MEÐ KREMI
Nettóþyngd: 430 g
með sultu og kremi
með sveskjusultu
með kremi
með rabarbarasultu
Bragðaðu þær allar
- kauptu Myllu Jólatertur
MYLLAN
Alltaf nýbakað
síðan 1959
> nánar á myllan.is
Veldu íslenskt

# Annálaður letingi fær vinnu

## Frétt vikunnar

Guðmundur Brynjólfsson

„Það andaði margur maðurinn léttar um miðja vikuna þegar það var opinberað að Brynjar Níelsson væri kominn með vinnu. Ekki var allur sá blástur vegna þess að menn væru að samfagna fyrrverandi þingmanni,“ segir Guðmundur Brynjólfsson.

„Heldur höfðu menn óttast það mjög, hjá ólíklegustu fyrirtækjum og nánast öllum stofnunum, að Brynjar Níelsson yrði ráðinn „til þeirra“. Annálaður letinginn.“

Brynjar fékk vinnu hjá Jóni Gunnarssyni sem fær að vera dómsmálaráðherra í einhverjar vikur áður en næsti dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins verður klappaður upp. Ólíklegt þykir að Brynjar muni létta Jóni störfin en það er ekki aðalatriðið, heldur hitt að núna getur Brynjar gert ekki neitt án þess að þjóðin fylgist með því í beinni útsendingu.

Annars virðist ríkja mikil bjartsýni hjá Sjálfstæðismönnum hvað varðar dómsmálaráðuneytið, þeir telja nóg að útnefna tvo dómsmálaráðherra strax við stjórnarmyndun, en eins og dæmin sanna þurfa þeir aldrei minna en það fyrir eitt kjörtímabil og ef fyrirhyggjan hefði fengið að ráða hefði ekki verið vitlaust hjá þeim að útnefna þann þriðja – og þá jafnvel Brynjar, sem er þeim kostum búinn að gera ekki neitt, og þá heldur ekki neitt af sér.“ ■

» Ólíklegt þykir að Brynjar muni létta Jóni störfin.


Guðmundur Brynjólfsson, rithöfundur.




# Lagði hugrakkur í Ferðalag

**Jakob Ómarsson hafði slíka trú á hugmynd sinni að barnabókinni Ferðalagið að hann lagði í mikla óvissuför, útfærði hugmyndina, stofnaði sína eigin bókaútgáfu og rétt um það bil sem bókin rataði eftir krókaleiðum til landsins með skipi hlaut hún tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.**

toti@frettabladid.is

Jakob Ómarsson, rithöfundur og bókaútgefandi, er í skýjunum þessa dagana en hans fyrsta bók, Ferðalagið, var rétt komin í höfn þegar hún hlaut tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barnabóka.

„Ég get eiginlega ekki sagt það,“ segir Jakob þegar hann er spurður hvort hann hafi séð tilnefningar eða verðlaun í hillingum á meðan hann vann að Ferðalaginu, sem hann lýsir sem styrkleikabók handa börnum.

„Þegar ég byrjaði vegferðina og að skrifa bókina þá kom sú hugmynd ekki einu sinni upp að hún gæti fengið tilnefningu til einhverra verðlauna.“ Hann bætir við að hann hafi miklu frekar spáð í hvort hún myndi seljast og hvernig hann gæti stuðlað að því.

Þegar bókin var tilbúin og hann gat horft á hana úr aðeins meiri fjarlægð var hann þó svo ánægður með hana að hann ákvað að leggja hana fram. „Og þá er ég ekki að segja að ég hafi búist við þessu. Þvert á móti fannst mér það mjög ólíklegt. Virkilega. En, ég meina, þetta var niðurstaðan og maður er náttúrlega bara hoppandi kátur með það.“


Jakob lagði í Ferðalagið sem ætlar að reynast happaför. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Ferðalagið



Börnin leggja af stað í ferðalag með kettinum Akílu til að kynnast sjálfum sér og sínum styrkleikum betur. Á meðan ferðast er um kafla bókarinnar eru ýmis hugtök kynnt, áhugaverð verkefni leyst og velt upp spurningum um samskipti, sjálfsmynd og lífið sjálft.

Markmið Ferðalagsins er að hjálpa foreldrum og börnum að styrkja sjálfsvitund barnsins og samkennd þess, með opinni samræðu, styrkleikakortum, heilræðum og skemmtilegum leik. Bókin býður upp á yndislega samverustund foreldra og barna.

### Einstök frumraun

Dómnefndin rökstuddi tilnefningu Ferðalagsins með þessum orðum: „Bókin er skemmtileg lesning og hvetur til aukins tilfinningaþroska. Aukaefni fylgir bókinni sem útskýrir efni hennar og nýtist við lesturinn. Framsetning bókarinnar gerir hana að einstakri frumraun.“

Jakob segir aðspurður að fyrir honum sé tilnefningin meðal annars áþreifanleg staðfesting á því sem hann hefur lengi vel haldið, að grunnhugmynd hans að bókinni hafi bara verið býsna góð.

Ekki spillir fyrir gleðinni að Jakob gefur bókina út sjálfur og stofnaði bókaútgáfuna Af öllu hjarta sérstaklega utan um verkefnið sem hófst með samtali hans við dóttur sína þegar hún var átta ára.

„Þetta byrjar í rauninni þegar ég er að tala við dóttur mína um styrkleika og ég er að útskýra merkingu orðsins fyrir henni.“ Samtal feðginanna leiddi til þess að þau gerðu styrkleikaæfingu saman með spjöldum sem Jakob átti fyrir. „Og þarna eftir þessa æfingu vissi ég alveg strax að þetta væri ótrúlega




góð hugmynd og að ég yrði að vinna eitthvað með þetta.“

### Ferðalag Ferðalagsins

Jakob segir gaman að því að þótt Ferðalagið sé fyrsta bókin sem hann skrifaði, þá hafi næsta bók hans, Búálfar-Jólasaga, komið út á undan. Ástæðan er að Ferðalagið var sjálft á ferðalagi.

Ferðalagið var nefnilega lengi á leið til landsins og þannig sat bókasendingin meðal annars föst í einhverjum höfnum og á tímabili var talið að skipið hefði siglt fram hjá einum áfangastaðanna. „Það fór bara eitthvert út í buskann og við héldum að það væri bókstaflega týnt, en síðan kom í ljós að bókin var ekkert í því skipi,“ segir Jakob, um hina raunverulegu ferðasögu sem að lokum fékk farsælan endi. Rétta skipið fannst og skilaði sér til landsins í síðustu viku.

### Opinn og einlægur

Jakob segist hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð við bókinni sem kann að skýrast af því að hann prufukeyrði bókina á börnum og fullorðnum í ferlinu. „Ég vil meina að það sé algerlega lykillinn að þessu, þar sem ég sá þarna hvað væri að virka, hvað ekki og hvað ég gæti bætt. Ég vil meina að þetta sé ástæðan fyrir því að hún er eins fín og hún er.“

Að sjálfsögðu er ómögulegt annað en spyrja höfund styrkleikabókarinnar hverjir séu hans helstu styrkleikar. „Þetta er góð spurning. Ég myndi segja hugrekki og félagsfærni, alveg hiklaust. Ímyndunarafl, eigum við ekki að segja það líka, og opinn og einlægur ef ég myndi nefna fimm.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*




# Hver er þér svo kær?

Konfektið frá Nóa Síríus gerir hverja hamingjustund enn betri. Þegar silkimjúkt rjómasúkkulaðið blandast ljúffengu fyllingunum verður til bragðupplifun sem á engan sinn líka. Gæddu hátíðarnar auknum töfrum og gefðu þeim sem eru þér svo kær gleðistundir með konfektinu frá Nóa Síríus.

**Það er nefnilega svo gott að gefa og auðvitað himneskt að þiggja!**

cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS

BYKO



# 20% afsláttur af öllum eldvörnum til 5. desember

# Örugg um jólin









**ELDVARNARTEPPI MOBIAK**

Eldvarnateppi fyrir eldhús 1m x1m. Eldvarnateppi á að vera í öllum eldhúsum við eldavélina. Falleg hönnun og framleitt að viðurkenndum framleiðanda sem uppfyllir alla staðla. Svart eða hvítt.

-20%
Vnr. 50006015
**3.916**
Almennt verð: 4.895
Þú sparar: 979

**OPTÍSKUR REYKSKYNJARI**

Optískir reykskynjarar greina upphaf glóðarbruna og er því best að staðsetja þá á opin svæði, ganga og nálægt rafmagnstöflum. 9V rafhlaða fylgir með. 10 x 10 x 3 cm.

-20%
Vnr. 50005047
**956**
Almennt verð: 1.195

**LÉTTVATNSSLÖKKVITÆKI 2L.**

Léttvatnstæki eru sérstaklega öflug á eldfima vökva. Léttvatnið myndar filmu yfir eldmatinn og hindrar að það kvikni í aftur. Hvítt, svart eða grátt.

-20%
Vnr. 50006005-7
**7.676**
Almennt verð: 9.595
Þú sparar: 1.919

**LÉTTVATNSSLÖKKVITÆKI 6L.**

Léttvatnstæki eru sérstaklega öflug á eldfima vökva. Léttvatnið myndar filmu yfir eldmatinn og hindrar að það kvikni í aftur. Hvítt, svart eða grátt

-20%
Vnr. 50006008-10
**12.156**
Almennt verð: 15.195
Þú sparar: 3.039



**BJÖRGUNARSTIGI 7,5M**

Mesti þungi á stiga er 350 kg. Breidd stigans er 31 sm. Er hugsaður fyrir 3ja hæða hús.

-20%
Vnr. 50004976
**32.316**
Almennt verð: 40.395
Þú sparar: 8.079

**Optískur eða jónískur reykskynjari? Bæði.**

Til eru tvær megingerðir af reykskynjurum, optískir og jónískir, auk skynjara sem sameinar eiginleika beggja. Jóníski skynjarinn skynjar vel reyk með litlum ögnum, til dæmis opinn eld, en síður upphaf glóðarbruna, til dæmis í sófa, sem optíski skynjarinn nemur hins vegar mjög vel. Því er æskilegt að hafa báðar gerðirnar á heimilinu.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**Akureyri, Selfoss og Reykjanesbær**

**Aukinn afgreiðslutími**
sunnudaginn 5. desember.

**12-16**






**DAY NUDDTÆKI**
fyrir háls og axlir. Með átta „shiatsu" nuddhausum sem snúast réttsælis eða rangsælis

-25%
Vnr. 41074136
**7.121**
Almennt verð: 9.495
Þú sparar: 2.374



Breidd og vefverslun

**MII RYKSUGURÓBOT**
Mi Robot Vacuum Mop hefur nýjar tegundir af skynjurum sem hjálpa við að fóta sig á heimilinu.

-20%
Vnr. 65103785
**39.996**
Almennt verð: 49.995
Þú sparar: 9.999



**NUDDPÚÐI**
sem hentar vel fyrir nudd á hálsi og baki. Í púðanum eru "shiatsu" hausar sem snúast.

-25%
Vnr. 41074137
**5.621**
Almennt verð: 7.495
Þú sparar: 1.874

**RAFMAGNSHLAUPAHJÓL**
Mi Essential svart. Hámarkshraði er 20km/h. Drægni er 20km. Hjólið er aðeins 12kg.

-20%
Vnr. 49620299
**39.996**
Almennt verð: 49.995
Þú sparar: 9.999



Breidd Akureyri og vefverslun

**DAY NUDDTÆKI**
með fjórum hraðastillingum, þremur nuddstillingum og "non-slip" gripi

-25%
Vnr. 41073449
**8.996**
Almennt verð: ~~11.995~~
Þú sparar: 2.999





**KOKTEILGLÖS**
6 stk, 3 mismunandi gerðir.

-25%
Vnr. 41082184
**4.121**
Almennt verð: 5.495
Þú sparar: 1.374

**FONDUESETT**
350ml 25w. Færanleg skál án viðloðunar.

-25%
Vnr. 41721030
**2.996**
Almennt verð: 3.995
Þú sparar: 999



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Í Breidd um helgina



**Jólasveinar**
laugardag
**14-15**



**Ristaðar möndlur**
laugardag
**14-16**

# frettabladid.is

550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is







■ Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

## Snorri goði

Mikill fjöldi Íslendinga á öllum aldri greinist með ADHD á hverju ári. Margir neyðast til að hefja lyfjameðferð sem reynist misjafnlega eins og gengur. Mikil samfélagsumræða er um ADHD og afleiðingarnar á daglegt líf. Foreldrar hafa áhyggjur af námsárangri ofvirkra barna sinna. Fullorðnir segjast ekki ná neinni einbeitingu í daglegu lífi.

ADHD er ekkert nýtt fyrirbæri. Einn frægasti höfðingi söguældar, Snorri goði Þorgrímsson, var illa haldinn af ofvirkni og einbeitingarskorti. Hann missti föður sinn mjög ungur og var komið fyrir hjá fjarskyldum ættingjum í Álftafirði. Drengurinn var fyrst nefndur eftir föður sínum og kallaður Þorgrímur. Hann var þó svo ósvífinn og erfiður að menn fóru að kalla hann Snerri eða Snorra, það er hinn óþekka. Af lýsingum Eyrbyggju að dæma var Þorgrímur Snorri illa haldinn af mótþróaþrjóskuröskun og ADHD. Sennilega þjáðist hann líka af tengslaröskun, eins og oft sést hjá börnum sem alin eru upp hjá vandalausum og sakna eðlilegrar nándar við foreldra sína.

Með árunum varð Snorri víðfrægur spekingur og stjórnmálamaður. Þess er getið í sögunum að menn flettu upp í honum eins og alfræðiorðabók vegna alls konar deilumála.

Þegar foreldrar lýsa yfir áhyggjum vegna barna sinna með ADHD segi ég þeim alltaf söguna af Snorra goða. Honum tókst að sigrast á einbeitingarskortinum og verða mesti pólitíkus aldarinnar. Það má þakka meðfæddum gáfum og þeirri staðreynd að enginn vissi að hann var með ADHD. Hann lærði að lifa með þessum einkennum sínum og nýta sér þau til hins ýtrasta en lét þau ekki hamla sér eða stjórna lífi sínu. ■





